

24



Greindist með Parkinson-sjúkdóminn 2015 en lætur það ekki stoppa sig

28



Þróun vörumerkis er langlaup

32-

33

Í startholum með að framleiða skyr og gríska jógúrt úr geitamjólk

# Bændablaðið

8. tölublað 2021 • Fimmtudagur 29. apríl • Blað nr. 585 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Lára Guðnadóttir á bænum Lynghóli í Skriðdal með kiðling í fanginu. Foreldrar hennar, þau Þorbjörg Ásbjörnsdóttir og Guðni Þórðarson, eru stöðugt að þróa nýjar vörur sem unnar eru úr geitamjólk. – Sjá bls. 28–29 Mynd / ÞA



Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Herning í Danmörku hefur verið aflýst en næsta mót verður haldið í Hollandi 2023.

## Heimsmeistaramóti íslenska hestsins aflýst

FEIF, Alþjóðasamtök íslenska hestsins, hafa gefið það út að Heimsmeistaramóti íslenska hestsins 2021 sé aflýst, en mótið átti að vera í Herning í Danmörku 1.–8. ágúst.

Ástæðan er óvissuástand vegna COVID-19 faraldursins. Talið er

að talsverðar líkur séu á því að einhverjar FEIF-þjóðir muni ekki geta tekið þátt í mótinu og því verði ekki möguleg sanngjörn keppni bestu hesta og knapa innan samtakanna.

Næsta Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður í Hollandi 2023. /smh

Stöðugt fækkar í íslenska sauðfjárstofninum:

# Sauðfé hefur ekki verið færri á Íslandi síðan 1861, eða í 160 ár

Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum Mælaborðs landbúnaðarins heldur sauðfé enn áfram að fækka í landinu og var vetrarfóðrað fé á síðasta ári 2020 samtals 400.724, en var 415.847 á árinu 2019. Þetta er fækkun um 15.123 fjár á milli ára, eða um 3,63%. Hefur sauðfé ekki verið færri á Íslandi í 160 ár, eða síðan 1861, þegar talsverð fækkun varð vegna fjárkláða og stofninn fór niður í 327.000.

Mesti fjárfjöldinn var 1977

Mesti fjárfjöldi í landinu frá upphafi var fyrir 44 árum, eða árið 1977, en þá taldist vera hér 896.000 fjár í vetrarfóðrun.

Af sauðfjártölum 2020 voru 314.025 ær í landinu, 10.909 hrútar, 66.584 lambgimbrar og 8.064 lambhrútar.

Í gögnum sem dr. Ólafur R. Dýrmondsson tók saman fyrir kennslubókina Sauðfjárrækt árið 1975 og voru endurskoðuð árið 1980 er merkilegur fróðleikur um vetrarfóðrað fé á Íslandi allt aftur til 1703. Nokkrum sinnum á 318

árum hefur íslenski sauðfjárstofninn orðið fyrir áföllum vegna sjúkdóma og eldgosa.

Móðuharðindin

Árið 1760 var fjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár í landinu 357.000 og hafði þá fjölgað úr 279.000 árið 1703. Lakagígagosið, eða Skaftáreldar, á árunum 1783 til 1784 olli miklum búsifjum í því sem nefnt var „móðuharðindi“ vegna eittraðrar brennisteinsdioxíðsmóðu frá gosinu. Þá fækkaði sauðfjárstofninum niður í 50.000 fjár og landsmönnum fækkaði um 20%, létust þá um 10.000 manns að talið er. Eftir þessar hörmungar fór sauðfé að fjölga nokkuð ört og var komið í 304.000 um aldamótin 1800 og 490.000 árið 1855.

Fækkun vegna fjárkláða

Næsti skellur í búfjárrækt var síðan í kringum 1861. Það ár var fjöldi vetrarfóðraðs fjár í gögnum Ólafs talinn hafa verið 327.000. Ástæða fækkunar sauðfjár var fjárkláði.

Áfall vegna innflutnings Karakúl-fjár

Þriðja stóra áfallið varð í kjölfar þess að hingað til lands voru fluttar 20 kindur af Karakúl-kyni frá Halle í Þýskalandi árið 1933. Með þessu fé bárust sjúkdómarnir votamæði, þurramæði, visna, garnaveiki og kýlapest. Sauðfjárstofninn var kominn í 699.000 árið 1934, en fækkaði niður í 402.000 árið 1949.

Fækkun fjár á kalárunum

Á sjöunda áratug síðustu aldar var mikið um hafis við landið. Árið 1966 var sauðfé í vetrarfóðrun talið vera um 850.000. Á kalárinu mikla árið 1970 var fjöldinn kominn niður í 763.000.

Metfjöldi náðist í sauðfjárstofninum frá upphafi byggðar á Íslandi árið 1977, eða 896.000 fjár. Síðan hefur fé farið nær stöðugt fækkandi af ýmsum mannlegum orsökum, eins og upptöku kvótakerfis, vegna markaðsmála og breytinga á þjóðfélagsmynstri og neysluvenjum. Á síðasta ári var sauðfjárfjöldinn

svo orðinn sá minnsti í 160 ár. Miðað við alþjóðlegar skyldur Íslendinga um verndun tegunda fer trúlega að vakna spurning um hvar mörkin liggja um lágmarksstærð stofnsins.

Um 50% fækkun á síðustu 40 árum

Tölur hins nýja mælaborðs landbúnaðarins ná aftur til ársins 1981. Þá var vetrarfóðrað sauðfé talið vera samtals 794.097 og fór hratt fækkandi, en það var 828 þúsund árið 1980. Fækkunin frá 1981, eða á 40 árum, nemur því 394.515 fjár, eða um rétt tæplega 50%.

Fjárfjöldi í landinu og fjölda-breytingar frá 1703 koma vel fram í tölum dr. Ólafs:

1703 - 279.000
1760 - 357.000
1784 - 50.000 (Móðuharðindin)
1800 - 304.000
1855 - 490.000
1861 - 327.000 (Fjárkláði)
1901 - 482.000
1924 - 583.000
1934 - 699.000
1945 - 532.000

1949 - 402.000 (Mæðiveiki)
1955 - 658.000
1960 - 834.000
1966 - 850.000
1970 - 736.000 (Kalár)
1974 - 864.000
1977 - 896.000 (Mesti fjárfjöldi)
1980 - 827.927

Frá 1980 hefur verið fækkun vegna kvótakerfis og markaðsmála.

Ekki góð þróun

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson telur þessa þróun í sauðfjárrækt landsmanna ekki æskilega.

„Þetta er ekki góð þróun á sama tíma og verið er að flytja inn korn í vaxandi mæli fyrir flestar aðrar búgreinar, eða, einfaldlega verið að flytja inn kjöt í stórum stíl, allt með vaxandi sötspori. Síðan á að moka ofan í skurði og rækta skóga um allt til að veða á móti og takast á við þessar skuggahliðar kapitalismans. Þar að auki kemur byggðaröskunin sem fylgir fækkun sauðfjár og sauðfjábænda,“ segir Ólafur. /HKr

– Sjá einnig umfjöllun á bls. 20





**STEINSMIÐJA  
AKUREYRAR**

[steinsmidjaakureyrar.is](http://steinsmidjaakureyrar.is)

[sala@minnismerki.is](mailto:sala@minnismerki.is)

s: 466 2800 / 899 9370



## GRJÓTHARÐAR VEGGKLÆÐNINGAR



**Garðbökkir úr granít**

**Viðhaldsfrír**

**130 cm breiðir**

**Hægt að skrifa í bak  
og sessu**

**kr 295.000**

*Myndir á heimasíðu*



## FRÉTTIR

## Aðalfundur Sambands íslenskra loðdýrabænda: Samþykkt samhljóða sameining við BÍ

Aðalfundur Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL) var haldinn 19. apríl þar sem sameining við Bændasamtök Íslands var samþykkt samhljóða. SÍL verður því hluti af nýju félagskerfi bænda um mitt sumar þegar stefnt er að formlegri sameiningu Bændasamtaka Íslands og búgreinafélaganna.

Einar Eðvald Einarsson á Syðra-

Skörðugili verður áfram formaður SÍL og með honum í stjórn þeir Björn Harðarson, Holti ritari og Þorbjörn Sigurðsson, Ásgerði meðstjórnandi.

Einar segir að mikil samstaða hafi verið um málið, en tíu loðdýrabú eru nú á landinu. „Þeim fjölgaði um eitt um síðustu áramót eftir stöðuga fækkun frá 2018 til 2019. Þau voru áður rúmlega 20,“ segir hann. /smh



Mynd / Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra

Matvælastofnun leiðbeinir dýraeigendum vegna eldgosa á Reykjanesi:

## Flytja þarf búfé ef efnamengun eykst mikið

Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar til dýraeigenda vegna eldgosa á Reykjanesi. Þar kemur fram að stofnunin fylgist með niðurstöðum efnamælinga Jarðvísindastofnunar og Veðurstofnunar í úrkomu og stöðuvötnum í nágrenni gosstöðvanna á Reykjanesi og metur á grundvelli þeirra hvort grípa þurfi til ráðstafana vegna nýtingar beitarrhólfa til að tryggja heilsu og velferð dýra.

Dýraeigendum er bent á að varðandi loftmengun hefur hún sambærileg áhrif á dýr og fólk. Þá getur margvísleg hættu stafað af því að fara með dýr að gosstöðvunum.

### Flutningur búfjár ef efnamengun eykst mikið

Í leiðbeiningunum kemur fram að dýraeigendur gætu þurft að flytja búfé sitt á brott ef efnamengun eykst mikið. MAST muni meta reglulega hvort ástæða sé til að takmarka nýtingu beitarrhólfa og gefa út tilkynningu ef til þess kemur. „Einfalt ætti að vera fyrir hrossaeigendur að finna hagabeit á öðrum stöðum en komi til þess að flytja þurfi sauðfé af svæðinu þarf að hafa í huga að vegna riðu má ekki flytja það í önnur varnarhólf nema með aðkomu Matvælastofnunar.

Svæðið tilheyrir Landnámsbólfi,



Loftmengun hefur sambærileg áhrif á dýr og fólk

sem skiptist í sýkt og ósýkt svæði hvað varðar riðu. Innan sýkta svæðisins eru sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði og Grímsnes- og Grafingshreppur en í ósýkta hlutanum eru sveitarfélögin á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Fé má ekki flytja frá sýktu svæði til ósýkts. Ef nauðsynlegt reynist að flytja fé af svæðinu vegna mengunar, þurfa fjáreigendur á Reykjanesi að leitast við að finna heppilegan stað í ósýkta hluta hólfsins, til að flytja það á. Sé enginn kostur innan ósýkts svæðis mögulegur, skal hafa samband við Matvælastofnun sem mun þá meta þau úrræði sem völ er á. Annar kostur er að gefa fénu ómengað hey en það getur ekki talist góð lausn nema í stuttan tíma.

Loftmengun hefur sambærileg áhrif á dýr og fólk. Því er mikilvægt að dýraeigendur verji dýrin sín fyrir loftmengun svo sem kostur er eða haldi álagi í lágmarki að öðrum kosti. Að lokum er dýraeigendum eindregið ráðið frá að fara með dýrin sín á gosstöðvagnar. Þar er ýmislegt að varast, svo sem bruna- og hrúnhattu frá hrauninu, loftmengun, skaðleg efni sem dýrin geta fengið í sig úr vatni og snjó, og saltsýru og önnur efni á jörðinni sem geta sært þófa á hundum og þeir fengið í sig við að sleikja feld og þófa,“ segir í leiðbeiningum Matvælastofnunar. /smh



LS sameinast Bændasamtökum Íslands 1. júlí næstkomandi.

Landssamtök sauðfjárbænda:

## Sameinast Bændasamtökum Íslands

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), sem haldinn var með fjárfundarfyrirkomulagi 19.–20. apríl, var samþykkt að sameinast Bændasamtökum Íslands og tekur sameiningin gildi 1. júlí næstkomandi. Var tillaga um sameiningu samþykkt með 37 atkvæðum gegn tveimur mótatkvæðum. Tveir fulltrúar sátu hjá. LS verður þó ekki slitið.

Á vef LS er markmið sameiningarinnar sagt vera að ná fram aukinni skilvirkni og eflingu hagsmunagæslu fyrir íslenskan landbúnað. Sjóðir og eignir LS munu

áfram verða í eigu samtakanna en öll starfsemi færast undir búgreinadeild sauðfjárbænda innan Bændasamtaka Íslands.

### Almennum aðalfundarstörfum var frestað

Á fundinum var boðað til framhaldsaðalfundar með dagskrá þegar samkomutakmarkanir leyfa að slíkir fundir verði haldnir.

Þar er ætlunin að ganga frá breytingum á samþykktum vegna fyrirhugaðra breytinga og ljúka almennum aðalfundarstörfum. /smh

### Lely Center Ísland

### ZETOR VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.lci.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

### FOSSAR EINBÝLISHÚS

Viltu lækka byggingarkostnað?

Fossar einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsín okkar risið um allt land með góðum árangri.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.



Val á gluggum:  
• Timbur  
• Ál/timbur  
• PVC



Hús á mynd er Foss 5 - 211 fm - Verð kr. 28.341.000.-

EFLA Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN  
Landshús - Sími 553 1550 - landshus.is



## Fuglaflensutilvikum fer fækkandi í Bretlandi og Þýskalandi

Þann 16. apríl síðastliðinn var ekki vitað um nein ný tilfelli fuglaflensu af H5N8 stofni (highly pathogenic avian influenza - HPAI) í alifuglum í Bretlandi. Þá hafði aðeins verið tilkynnt um eitt nýtt tilfelli í villtum fugli í Englandi samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar sem fer með málefni matvæla- og dreifbýlismála. Þykja það trúlega gleðitíðindi í ljósi aragrúa farfugla sem nú eru komnir til Íslands.

Frá 3. nóvember til 16. apríl hafði verið tilkynnt um 19 tilvik í alifuglum í Bretlandi, þar af 15 í Englandi, eitt í Wales, eitt í Skotlandi og tvö á Norður-Írlandi. Þá voru staðfest fimm tilvik í öðrum tegundum fugla sem haldið er í búrum.

Tilfellum smita af HPAIV H5 fuglaflensuveiru í villtum fuglum hefur farið fækkandi á undan-

förnum vikum. Síðasta staðfesta fuglaflensutilfelli í villtum fugli var af HPAI H5N1 stofni sem getur líka smitað í menn. Fannst smitið í ránfuglstegundinni Mivus milvus sem líka er kölluð „Red Kite“.

### Alls 317 smittifelli í villtum fuglum í Bretlandi

Þann 16. apríl síðastliðinn hafði verið tilkynnt um samtals 317 tilvik af fuglaflensu í villtum fuglum í Bretlandi. Þar af voru 11 smit af HPAI H5N1 stofni, 6 smit af H5N5 stofni, 290 af H5N8, 1 tilfelli af H5N3 og 9 smittifelli af H5Nx stofni.

Á sama tíma hafði verið tilkynnt um 87 smittifelli af H5N8 í alifuglum í Þýskalandi. Þar af voru 46 tilfelli vegna hænsna og annarra alifugla sem fólk er með í sínum bakgörðum. Þá voru 32 smittifelli í alifuglaeldi í Póllandi og 11 í

Tékklandi auk 15 tilvika þar í landi í fuglum í bakgörðum fólks.

Í villtum fuglum hafði þá verið tilkynnt um fuglaflensu af HPAI H5N8 stofni í Tékklandi, Frakklandi, Grikklandi, Noregi, Póllandi og í Svíþjóð. Þá hafði verið tilkynnt um smit af HPAI H5N5 veirustofni í Rússlandi og Svíþjóð. Eins hafði verið tilkynnt um smit af HPAI H5 stofni í villtum fuglum í Úkraínu. Þar að auki hafi smit af HPAI H7N7 stofni fundist í svani í Litháen.

### Smitum í villtum fuglum fækkar í Þýskalandi

Samkvæmt upplýsingum Friedrich Loeffler-stofnunarinnar í Þýskalandi hafði verið tilkynnt um 50 smit í villtum fuglum í Þýskalandi og þá aðallega í norðanverðu landinu á tímabilinu 1. til 12. apríl síðastliðinn. Á tíu dögum þar á undan hafði verið tilkynnt um 121 smittifelli. /HKr



Við tryggjum hjá Sjóvá

*Magna Árnadóttir* *Rannan Þjárnastý*

## Það er mikilvægt að við séum vel tryggð í sveitum landsins

Við þekkjum þarfir bænda og tökum vel á móti þér í útibúum okkar og þjónustuskrifstofum um land allt.

Nánar á [sjova.is/utibu-og-umbod](https://sjova.is/utibu-og-umbod)



**SJÓVÁ**



Mikil gróska í nýsköpun um aukið verðgildi ullarinnar:

# Tuttugu lausnir keppa til úrslita í Ullarþoni

Sextán teymi, sem standa á bak við tuttugu lausnum tengdum ull með einum eða öðrum hætti, komust áfram í Ullarþoninu sem haldið var á dögunum, sem er hugmyndasamkeppni Textílmíðstöðvar Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Markmiðið er að auka verðmæti ullarinnar og sérstaklega verðmínnstu ullarflokkana.

Pann 17. apríl var tilkynnt um fimm efstu sætin í hverjum keppnisflokkunum fjórum; þróun á vinnslu textíls úr óunninni ull, blöndun annarra hráefna við ull, ný afurð og stafrænar lausnir og rekjanleiki. Alls bárust 63 gildar umsóknir í alla flokka.

## Úrslit kynnt á HönnunarMars

Teymin á bak við fimm efstu hugmyndirnar í hverjum flokki munu kynna lausnir sínar með stafrænum hætti fyrir dómnefndum dagana 3.–10. maí og verða úrslit gerð kunn á HönnunarMars 20. maí. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, mun veita verðlaun við hátíðlega athöfn.

Eftirtaldir eru þær tuttugu lausnir sem keppa til úrslita í keppnisflokkunum fjórum:

Hér eru þær lausnir sem komust áfram í hverjum flokki:

### Þróun á vinnslu textíls úr óunninni ull

- Anna María G. Pétursdóttir: „Cool wool box“
- María Dís Ólafsdóttir, Helga Aradóttir, Kristín S. Gunnarsdóttir og Möður Moli Gunnarsson Ottesen: „Snoðbreiðan“
- Jón Gautason og Hrönn Jónsdóttir: „Ullarhúsið“
- Marie Legatelois, Júlía Brekkan og Guðni Þór Þrándarson: „INSUWOOL“
- Hringanóra, Laufey Kristín Skúladóttir, Hanna Birna Sigurðardóttir: „Samvist, samvera, náttúra, tenging“

### Blöndun annarra hráefna við ull

- María Dís Ólafsdóttir, Helga Aradóttir, Kristín S. Gunnarsdóttir og Möður Moli Gunnarsson Ottesen: „Snoðbreiðan“
- Guðríður Baldvinsdóttir: „Urta(g)ull“
- Jens Einarsson, Hlynur Halldórsson: „Heilnæm hljóðvist“
- Guðný Sara Birgisdóttir: „Spuni – Studió GÁ“
- & Árni Freyr Jónsson, Philippe Clause: „Ullarleður“

### Ný afurð

- Marie Legatelois, Júlía Brekkan, Guðni Þór Þrándarson: „INSUWOOL“
- Hringanóra, Laufey Kristín Skúladóttir og Hanna Birna Sigurðardóttir: „Samvist, samvera, náttúra, tenging“
- Þórhallur Markússon: „Hagall“
- Anna María G Pétursdóttir: „Cool wool box“
- Sigrún Helga Indriðadóttir og Þórir Guðmundsson: „Ullarspíra“

### Stafrænar lausnir og rekjanleiki

- Móbotna - Ágústa Kristín Grétarsdóttir og Kristjana Birna Svansdóttir: „Lúxusvörur af forystufé“
- Guðríður Baldvinsdóttir: „Rekjanleiki heim í fjárhús“
- Hringanóra, Laufey Kristín Skúladóttir og Hanna Birna Sigurðardóttir: „Unikind“
- Jennifer Please: „Spóla Iceland“
- Þóra Margrét Lúthersdóttir og Hilma Eidsdóttir Bakken: „QR kóði Ullar- Þóma“

### 400 þúsund króna sigurlaun auk gjafa

Sigurvegari í hverjum flokki hlýtur 400.000 kr. í verðlaun ásamt því að hver úr teyminu fær gjafir frá Ístex. Hallormsstaðaskóli býður einu teymi 5 vinnudaga dvöl við skólann.

Jóhanna Erla Pálmadóttir, verkefnastjóri hjá Textílmíðstöð Íslands, segir að það sé áhugaverð staðreynd að á bak við þær fimm lausnir sem valdar voru úr hverjum keppnisflokkum stangi fleiri en 100 þátttakendur. Dómurum hafi reynst mjög erfitt að velja úr þeim glæsilegu hugmyndum sem bárust og magnað sé hversu gróskan sé mikil í nýsköp-



Hulda Birna Baldursdóttir sérfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, í útsendingu í Stúdíó Sýrlandi þegar á fyrirlestur á Ullarþoninu stóð. Myndir / JEP

un um aukið verðgildi ullarinnar.



Gæðakindin Snotra er í eigu fjölskyldunnar á Akri, tveggja vetra með dásamlega ull sem fer í verðlausan ullarflokk þrátt fyrir að vera „mjúk eins og silki“ – eins og Jóhanna orðar það. Hún segir að Ullarþonið miði meðal annars að því að gera meiri verðmæti úr þess konar ull.

Hún hvetur þau teymi sem ekki komust á topp fimm listana að leita leiða til að raungera þær, þar sem margar þeirra hafi



Jóhanna Erla Pálmadóttir, verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni, á garðabandinu við þróunarskap. Mynd / Svanhildur Pálsdóttir

verið mjög spennandi. Því miður hafi ekki



Jóhanna Erla segir að þetta sé ull þar sem snoðið er ekki klippt af í mars, þar sem ærin var of gömul. Snoðið myndar þófasnepla og því er ullin orðin ónothæf til spuna. Á Ullarþoninu var leitað leiða til að finna slíki ull farveg.

verið pláss fyrir fleiri. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

/smh

## MÆLT AF MUNNI FRAM

272

M eð einlægum óskum um gleðilegt sumar, fylgir þessi snjalla og myndríka vísa **Ingólfs Ómars Ármannssonar**. Blekið á vísanendingu Ingólfs er knapplega þornað þegar ég vík henni í vísnaþáttinn:

*Hlýna ból og birtir til,  
bugast njólu veldi.  
Baðast hólar grund og gil  
gullnum sólareldi.*

Jú það er vor í lofti, eða í það minnsta keimur af vori. **Björn Ingólfsson**, fyrrum skólastjóri á Grenivík, er í það minnsta ljóðrænn á morgungöngu sinni fyrir skemmstu:

*Það finnst gaman gömlum köllum  
að ganga um á frosnum völlum,  
þar sem lúra í litlum bollum  
listaverk í drullupollum.*

Það er e.t.v. langsótt að birta sem vorvísu þessa stöku **Björns Blöndal** í Laugarholti:

*Við skulum ekki tala um tryggð  
tófan má þér unna.  
En vorið hlær um víða byggð,  
vertu hjá mér, Gunna.*

**Jón Pétursson** frá Nautabúí orti svo hlýlega til vorkomunnar:

*Geislinn hlakkar, hlýju fá  
hlíðar, slakkar, giln.  
Lækjarbakka blómin smá  
brosa og þakka ylenn.*

**Þorsteinn skáld Gíslason** orti undir vorhimni:

*Þú ert fríður, breiður blár  
og bjartar lindir þínar,  
þú ert víður, heiður, hár  
sem hjartans óskir mínar.*

Eftir **Ólaf Sigfússon** í Forsæludal er þessi vorvísa:

*Þrautaleiðir þokast fjær  
þíða er greið í spori.  
Myndi seiða svona blær  
sál til heida á vori.*

**Stephan G. Stephansson** orti á vori í Vesturheimi:

*Leggur um geð frá logni, blæ  
ljóð og gleðibragi.  
Strengir kveða í mér æ  
undir veðurlagi.*

**Ólína Jónasdóttir** var afar hrifnæmur hagarðingur:

*Grænkar tangi og heiðin há,  
hlýtt er fangið beggja.  
Sól og angan unga þrá  
undir vangann leggja.*

Annað skáld og náttúrubarn, **Guðmundur Ingi Kristjánsson**, kvað:

*Gróðurangan ilm úr mörk  
yfir vanga líður.  
Daginn langan lyng og björk  
laufgrænt fangið býður.*

Það er aðeins vor, en ekki síður ást, í hinni kunnu vísu **Baldurs á Ófeigsstöðum** í Köldukinn:

*Vísa, sem að verður til  
um vorið eða fossinn,  
þarf að veita öllum yl  
eins og fyrsti kossinn.*

Eftir veðurfræðinginn **Pál Bergþórsson** eru næstu tvær vísur. Þær eru frá lengra ljóði er hann nefndi „Veðrabrigði“:

*Aprílholan unaðshlý  
andar í nöktum runni,  
streymir út um borg og bý  
beint frá drottins muni.*

*Iðkar böðin Esjan glöð,  
eyðast fannadílur,  
greikka spor og gusa for  
gamli mjólkurbílar.*

Umsjón:  
**Árni Geirhjórtur Jónsson**  
kotabyggð1@gmail.com







# GLEÐILEGT SUMAR

Eigum gott úrval af nýjum  
heyvinnutækjum, varahlutum  
og rekstrarvöru á lager

 **KRAFTVÉLAR**



 **PÖTTINGER**



Fæðupírarni jarðar.  
Mynd / FAO

## Hugmyndafræði fullorðinna?

Í Bændablaðinu fyrir örfáum vikum var að finna áhugaverða fréttaskýringu frá Frakklandi þar sem franskir bændur og ráðherrar mótumela alfarið hugmyndum um grænkerfæði í skólamáltíðir barna og unglinga. Telja þeir að þarna séu fullorðnir farnir að þröngva sinni eigin persónulegu hugmyndafræði yfir á börn og að þar sé því um að ræða varhuga-vert inngríp í uppvöxt barna.

Vissulega er hægt að taka undir orð franska landbúnaðarráðherra, þegar hann sagði á Twitter-síðu sinni:

„Hættum að setja hugmyndafræði á matardiska barnanna okkar.“ En í íslenskum lögum er grunnskólinn skilgreindur sem vinnustaður barnanna, hvar þau eiga að fá að starfa óreiðt. Við eigum hins vegar að bjóða börnum upp á öruggt umhverfi innan veggja grunnskólans þar sem almenn velferð nemenda er í fyrirrúmi. Því er mikilvægt fyrst og fremst að börnum standi til boða máltíðir sem framreiddar eru í samræmi við ráðleggingar frá embætti Landlæknis.

### Mikilvægi skólamáltíða

Ég hlustaði á afar skemmtilegt viðtal í Morgunútvarpi Rásar 2 fyrir nokkru síðan sem ágætt er að rifja upp af þessu tilefni. Viðtalið var við Önnu Sigríði Ólafsdóttur næringarfræðing sem fjallaði um mikilvægi skólamáltíða fyrir skólastarfið. Í viðtalinu vakti Anna Sigríður athygli á því að skólamáltíðir snúast ekki eingöngu um hvort börnin fái að borða eða hvaða matur er í boði heldur líka hvernig hann er framreiddur (aðstaðan, hljóðvist), tímasetning matartímans og hversu vel skilgreindur matartíminn er. Allt þetta skiptir máli, ekki einvörðungu fæðuframbodid, því börnin hafa oftast en ekki jafn langan vinnudag og fullorðnir og því skiptir máli að skólamáltíðin veiti a.m.k. þriðjung af orku- og próteinþörf dagsins.

### Tryggjum að börn neyti fjölbreyttar fæðu

Hvort sem foreldrar eru grænkerar eða ekki þá er það ekki aðalatriðið. Það á að vera hugmyndafræði okkar fullorðna fólksins, ef svo má að orði komast, að tryggja að börn neyti fjölbreyttar fæðu í notalegu umhverfi svo þau vaxi og dafni sem best. Í nýendurskoðaðri Handbók



Vigdís Häsler.

fyrir grunnskólamáttuneyti frá embætti Landlæknis um mataræði til grunnskóla kemur fram að alltaf eigi að bjóða upp á grænmeti með hádegismatnum og ávexti ef það passar. Til drykkjar á alltaf að vera í boði kalt vatn en að öllu jöfnu er einnig mælt með D-vítamínþættri léttmjólk með orkuminni máltíðum og jurtamjólk fyrir nemendur sem ekki drekka mjólk. Lykilatriðið er að börn neyti fjölbreyttar fæðu.

Hefðbundinn íslenskur matur er ríkur af próteinum þar sem kjöt, fiskur, egg og mjólk eru algengur matur á borðum landsmanna og ætti framlag próteina samkvæmt ráðleggingum Landlæknis fyrir börn að vera á bilinu 10–20% af heildarorku (E%). Nýverið skorðu Bændasamtök Íslands á sveitarfélög landsins til að nýta innlend matvæli í skólamáltíðum eins og kostur sé, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk.

### Íslensk matvæli höfð í hávegum

Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög svarað áskorun Bændasamtakanna þar sem málefni er fagnað og ítrekað að sveitarfélögin starfi eftir manneldismarkmiðum Landlæknis. Þar séu góðar og hollar skólamáltíðir með áherslu á íslensk matvæli höfð í hávegum. Það er afar jákvætt að vita til þess að sveitarfélögin, sem standa að rekstri grunnskóla landsins reyna eftir fremsta megni að nýta hráefni úr eigin héraði til að koma til móts við kröfur um gæði, hreinleika og umhverfisvernd í samræmi við ráðleggingar Landlæknis og að hugmyndafræði þeirra tryggja að íslensk grunnskólakörn neyti fjölbreyttar fæðu.

Vigdís Häsler,  
frankvæmdastjóri  
Bændasamtaka Íslands

## FRÉTTIR



Endamastur á 11 kV línu sem liggur frá Hölum niður á Höfn sem brotnaði í febrúar 2020.

Myndir / Rarik

## Dreifikerfi RARIK árið 2020

# Fleiri truflanir og meiri orkuskerðing

Truflunum í dreifikerfi RARIK fjölgaði á milli árána 2019 til 2020. Meiri skerðing varð á orkuafhendingu til notenda en í meðalári þótt hún væri minni en árið áður. Flestar þessara truflana má rekja til óveðurs sem gekk yfir landið 14. febrúar og olli töluverðu tjóni á línukerfum RARIK en alls brotnuðu yfir 100 staurar og mikill fjöldi sláa í því veðri. Viðtækasta rafmagnsleysið varð á Suðurlandi, en enginn landshluti slapp í þessu áhlaupi. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu RARIK fyrir 2020.

Truflunum fjölgaði um 54 á milli ára að því er fram kemur í skýrslunni, en það er mjög áþekkur fjöldi og í meðalári, um 1% meira en að meðaltali árána 2011–2020. Þessi aukning er hins vegar þvert á þróun undanfarinna ára því dregið hefur jafnt og þétt úr truflunum vegna veðurs síðustu ár eftir því sem stærri hluti dreifikerfisins hefur verið fluttur úr loftlínunum í jarðstrengi. Í kjölfar áhlaupsins í upphafi árs 2020 var sett aukid fjármagn í endurnýjun dreifikerfisins og voru samtals lagðir um 380 km af jarðstrengjum sem er mun meira en að jafnaði undanfarin ár.



Staurabrot á Klausturlínu í febrúar 2020.

### Meiri skerðing til notenda

Alls urðu 596 fyrirvaralausar eða fyrirvaralitar truflanir í dreifikerfi RARIK árið 2020, þar af voru 51% í háspennukerfinu en 49% í lágsþennukerfinu. Truflunum vegna náttúruaflla fjölgaði nokkuð en truflunum vegna áverka og af tæknilegum ástæðum fækkaði. Alls urðu 28% truflana vegna náttúruaflla, aðallega vinds og ísingar. Um 29% truflana urðu vegna áverka, aðallega vegna graftar og áflugs fugla, en 23% fyrirvaralausra truflana voru af tæknilegum

ástæðum. Orsakir 15% truflana eru óþekktar.

### 63% skerðingar vegna veðurs

Skerðing á orkuafhendingu til notenda vegna fyrirvaralausra truflana var 329 MWst á árinu sem er 48% meira en í meðalári en talsvert minna en árið á undan. Veður, aðallega ísing, vindur og selta á loftlínunum var orsök 63% skerðinganna, en um 11% var vegna áverka, aðallega graftar í háspennu jarðstrengi. Tæknilegar bilanir voru orsök 16% skerðinga ársins, en orsakir 8% skerðinganna eru óþekktar. /MPP

## RARIK fjárfesti fyrir 7,5 milljarða á síðasta ári:

# 380 km af nýjum jarðstrengjum

– Um 70% af dreifikerfinu komin í jörð

Eitt stærsta einstaka verkefnið sem RARIK vann að á liðnu ári var tenging jarðhitasvæðisins á Hoffelli í Nesjum við hitaveituna á Höfn í Hornafirði með lagningu 20 km stornæðar og byggingu tengdra mannvirkja. Alls var fjárfest fyrir um 1,5 milljarða króna í þessu verkefni.

Fjárfestingar hjá RARIK voru meiri í fyrra en mörg undanfarin ár, í heild námu þær 7,5 milljörðum króna og er sem dæmi tæpum 2 milljörðum króna meiri en árið þar á undan. Þá má nefna að fjárfest var í endurnýjun og aukningu dreifikerfis með kaupum á Rafveitu Reyðarfjarðar,

fyrir tæplega 3,7 milljarða. Þetta kom fram á aðalfundi RARIK sem haldinn var nýlega.

### 155 kílómetrar af ljósleiðara

Starfsemin á liðnu ári einkenndist af miklum framkvæmdum við endurnýjun og þrífösun dreifikerfis raforku í dreifbýli. Meiri fjárfestingar voru í dreifikerfinu en ráð var fyrir gert í langtímaáætlunum. Samtals voru lagðir um 380 kílómetrar af nýjum jarðstrengjum á liðnu ári og jafnframt nýttu fjarskiptafélög og sveitarfélög sér að leggja með þeim um 155 kílómetra af ljósleiðurum.

### Loftlínur 30% dreifikerfis

Að stærstum hluta voru þetta verkefni sem voru á langtímaáætlun um endurnýjun dreifikerfisins, en í kjölfar tjóna í árslok 2019 ákvað stjórn RARIK að breyta áður samþykktu fjárfestingaráætlun og bæta við 230 milljónum króna til að flýta nýjum verkefnum í endurnýjun dreifikerfisins á Norðurlandi. Þá ákváðu stjórnvöld að veita 50 milljónum króna til að flýta nokkrum verkum gegn 100 milljónum mótframlagi RARIK. Í árslok 2020 voru því tæp 70% af dreifikerfi RARIK komin í jörð en um 30% eru enn í loftlínunum. /MPP

## Lely Center Ísland



### STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



# Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af [www.eylif.is](http://www.eylif.is)



## ÓLAFÍA INGÓLFSSDÓTTIR

**Ég mæli 100% með Active JOINTS frá Eylíf, allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn**

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnenu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnélíðskipti þegar ég byrjaði að taka Active Joints síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active Joints og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa Active Joints frá Eylíf. Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.

Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður. Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn Active Joints og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra. Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylíf og finn strax mun hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, og einnig á húðinni og nöglum. Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf. Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, finn einnig góðan mun á húðinni og nöglum.

*Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

## Vörur frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, og nýjasta varan er Happier GUTS, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. Eins og áður segir eru fjórar tegundir frá Eylíf komnar á markað, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR og nú nýjasta varan Happier GUTS.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi.

Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum í slenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

**„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna“ segir Ólöf Rún.**

**Íslensku hráefnin sem notuð eru í Eylíf vörurnar eru:**

- Kalkþörungur frá Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellsheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítosan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

**Hrein hráefni sem eru ekki erfðabreytt Íslensk framleiðsla**



## ÞÓRDÍS S. HANNESDÓTTIR

**Ég mæli eindregið með Happier GUTS**

það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „Ég er bara svona og lítið við því að gera“. Ég var svo heppin að kynnast Happier GUTS nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa Happier GUTS sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Óþægindin sem ég áður hafði voru ekki lengur svo fann ég að öll almenn líðan var mjög góð bæði andleg sem líkamleg, mér líður betur. Ég mun svo sannarlega halda áfram að taka inn þetta frábæra efni sem er unnið úr íslenskum gæðahráefnum og framleitt hér á landi. Ég mæli eindregið með Happier GUTS það hefur hjálpað mér mjög mikið.

**Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS** inniheldur fjögur íslensk hráefni, það eru:

- Kítosan er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hafa staðfesta virkni
- Kalkþörungur sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og sneflefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- GeoSilica kísillinn sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess
- Fjallagrös sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, jöði og sink

*Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.*

## HEILSAN ER DÝRMÆTUST

HREYSTI

LÍÐLEIKI

STYRKUR

## FRÉTTIR

## Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: Byggðagleraugu fyrirmyndardæmi um flutning verkefna á landsbyggðina

Árþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra var haldið nýlega og af því tilefni voru Byggðagleraugu SSSNV veitt í fyrsta sinn. Viðurkenningin er veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa og verkefna á Norðurlandi vestra. Vinnuálastofnun hlaut viðurkenninguna fyrir árangursríka uppbyggingu starfsstöðva stofnunarinnar á Hvammstanga og Skagaströnd.

Yfir 40 störf

Á vef SSSNV kemur fram að starfsstöðvarnar báðar hafi mikla þýðingu fyrir samfélögin á Norðurlandi vestra og þyki fyrirmyndardæmi um árangursríkan flutning verkefna á landsbyggðina. Frá opnun þeirra hafi þær eflst verulega og starfi þar nú samtals vel yfir 40 starfsmenn. Slíkur fjöldi starfa hafi mikil áhrif í hagarferfi svæðisins og stuðli að aukinni byggðafestu og uppbyggingu í landslutunum.

Veitt þeim sem skara fram úr við fjölgun verkefna á Norðurlandi vestra

„Undanfarið hefur mikið verið rætt um störf án staðsetningar og almennt flutning starfa út á land sem m.a. hefur lengi verið baráttumál sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra. Til að vekja athygli á þessu og jafnframt hvetja og þakka þeim sem vel hafa staðið sig hefur stjórn SSSNV ákveðið að veita á árþingi ár hvert, viðurkenninguna Byggðagleraugu,



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnuálastofnunar, með viðurkenningarskjalið.

þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna á Norðurlandi vestra eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans,“ segir í frétt á vefsíðu samtakanna.

Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana til að horfa með „byggðagleraugnum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaaætlunar og annarra áherslna ríkisins.

Viðurkenningarskjalið er hannað af Ólínu Sif Einarsdóttur, grafískum hönnuði ÓE Design, sem búsett er í Skagafirði. /MPB



Arni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir hlutu Sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2019 fyrir góðar afurðir fjárins og snyrtilegan og vel rekinn búskap. Mynd / BSE

## Sauðfjárræktarverðlaun BSE fóru til bænda í Villingadal

Bændur í Villingadal í Eyjafjarðarsveit, þau Arni Sigurlaugsson frá Ragnheiðarstöðum í Flóa og Guðrún Jónsdóttir, hlutu Sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir góðar afurðir fjárins og snyrtilegan og vel rekinn búskap árið 2019.

Guðrún og Arni hófu búskap árið 1985 og til 2013 í félagsbúi

með Ingibjörgu, systur Guðrúnar. Þær systur tóku við af foreldrum sínum, Jóni Hjálmarssyni og Hólfríði Sigfúsdóttur, en afi og amma þeirra systra höfðu komið vestan úr Skagafirði og hófu búskap í Villingadal 1922.

Á fyrstu árum sínum í búskap byggðu Arni og Guðrún íbúðarhús og fjós og eru þau með um 20 kýr auk geldneyta og 150 kindur. Hjá þeim

hefur umgengni og snyrtimennska verið áberandi og fallegt er að koma upp í Villingadal.

Í útreikningi vegna sauðfjárræktarverðlauna BSE kemur fram að í Ytri-Villingadal eru 119 ær með 36,2 kg eftir hverja vetrarfóðraða á, sem má nefna að vaxtarhraði er 143 g á dag í lömbum, gerð 10,8 og fituhlutfall 1,56. Afurðir eftir 25 gemlinga er 19,4 kg. /MPB

Starfsmenn Mannvits voru á ferð um Norðurland vestra:

## Mældu rennsli átta vatnsfalla

Starfsmenn Verkfræðistofunnar Mannvits voru nýverið á ferðinni á Norðurlandi vestra. Tilgangur þeirra var að mæla rennsli átta vatnsfalla á svæðinu.

Í apríl 2020 var auglýst eftir umsóknum um styrki í Skref 1, frummat smávirkjana, sem eru grunnrannsóknir á rennsli vatnsfalla og fyrstu hugmyndir um virkjanir og kostnað við byggingu þeirra. Alls bárust 12 umsóknir og var 8 styrkjum úthlutað.

Niðurstöður í næsta mánuði

Gert var ráð fyrir að mælingar færu fram sl. haust en vegna mikillar úrkomu var mælingum frestað þar til núna í apríl þar sem þær þurfa að fara fram þegar lágrennsli er í vatnsföllum. Búast má við niðurstöðum í maí.

Rennslismælingarnar eru kostaðar að miklu leyti af Smávirkjanasjóði Samtaka Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra en greint er frá rennslismælingunum á heimasíðu ssnv. Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skref-



Starfsmenn Mannvits við mælingar á Djúpadasá í Skagafirði.

in í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum undir 10 MW að stærð á Norðurlandi vestra. /MPB

### Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

### Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

### Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR  
Stálgrind  
Yleiningar  
PIR  
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Sjáum um sölu eigna og veitum ráðgjöf

Nánari upplýsingar á [www.fastnes.is](http://www.fastnes.is)

**Jörðin Katadalur**  
Staðs: Vatnsnesi



Landstærð : 660 ha

**Jörðin Háreksstaðir**  
Staðs: Norðurárdal



Landstærð : 693 ha

**Frístundabyggð úr landi Borga**  
Staðs: Borgarbyggð



Landstærð : 101,5 ha

**Tökum jarðir á skrá**



Þórarinn Halldór Óðinsson  
lögg.fasteignasali  
[thorarinn@fastnes.is](mailto:thorarinn@fastnes.is)  
S: 865-0350 / 497-0040




Óðinn Sigpórsson  
Ráðgjafi  
[odinn@fastnes.is](mailto:odinn@fastnes.is)  
S: 897-1667 / 497-0040

**NES**  
FASTEIGNASALA  
[fastnes@fastnes.is](mailto:fastnes@fastnes.is)

## NOVADAN

Í þjónustu við landbúnað  
í yfir 20 ár.



Hefur þú skoðað heimasíðu Kemi?

Ef að þú skannar QR kóðann þá  
flyst þú yfir á vefsíðuna okkar.



**Sápur og sýrur**

Allar gerðir af sápum, súrar og basískar. Sápur í öllum tilgangi s.s. fyrir alla mjaltþjóna, mjaltarkerfi, yfirborðsfleti o.fl..



**Nova X-Dry**

Rakadrægur undirburður fyrir gripahús. Dregur í sig allt að 200% af eigin þyngd. Dregur úr gerlum og bakteríum í umhverfinu.



**Oxivit Aktiv Plus**

Sóthreinsandi burstasápa sem er bæði hraðvirk og breiðvirk. Bakteríu- og sveppaeyðandi virkni. Virkar vel með köldu vatni.



**Nova Optimizer**

Náttúrulegt niðurbrotsefni fyrir haughús. Mýkir hauginn, minnkar ammóníaklykt og varðveitir köfnunarefni.



**Spenadyfur**

Sóthreinsandi og mýkjandi spenadyfur. Bæði tilbúnar til notkunar sem og þykkni sem ætlað er til blöndunar.



**Foam 22 kvoðusápa**

Sterk alkalísk kvoðusápa sem hentar mjög vel í almenn þríf, vegg, framleiðslutæki o.fl. í matvælavinnslum.



**Novamynte jógurkrem**

Mikið notað sem fyrirbyggjandi efni við jógurbólgu eða sem krem við meðhöndlun jógurbólgu. Inniheldur 33% japanska myntuoliu



**Novaclean**

Alhliða hreinsiefni með matvælavottun. Mjög öflugt á fitu og olíu. Hentar mjög vel á gólf og aðra yfirborðsfleti

## FRÉTTIR

## Fór á sóttvarnarhótel og þrjónaði lopapeysu

Óskar Þór Jónasson kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að þrjónaskap því hann þrjónaði sér fína og fallega lopapeysu á meðan hann dvaldi á sóttvarnarhótelinu nýlega í Reykjavík vegna COVID-19.

Óskar hefur búið í Tromsø, Noregi í um ellefu ár. Hann er á öðru ári í leikskólakennaranámi og var orðinn leiður á að vera svona langt frá fjölskyldu sinni á Íslandi enda allt lokað meira og minna í Tromsø. Hann fékk að taka námið í fjarnámi svo hann kæmist til Íslands.

Óskar tók með sér garn í peysuna að utan og þrjónaði hana þá fimm



Óskar Þór Jónasson í nýju „COVID“ peysunni sinni. Mynd / MHH

daga sem hann var í sóttvarnarhúsinu. Svo setti hann rennilás á peysuna þegar hann komst í saumavél hjá foreldrum sínum.

Óskar Þór stefnir á að fara aftur út til náms í ágúst í sumar. Á myndunum, sem mamma hans, Hrefna Ósk, tók má sjá hann í fínu peysunni sinni. /MHH



Hjörleifur Árnason og Hrafn Stefánsson, nýir eigendur Polynorth á Akureyri.

Nýir eigendur hjá Polynorth á Akureyri:

## Vél sem steypir kubba til húsbygginga væntanleg

Nýir eigendur hafa tekið við félaginu Polynorth við Óseyri 4 á Akureyri. Hjörleifur Árnason, viðskiptafræðingur og matreiðslumaður, hefur verið í fyrirtækjarekstri undanfarnin ár, m.a. í veitingageiranum. Hrafn Stefánsson er vélfræðingur að mennt og hefur reynslu af plastframléiðslu bæði hér á landi og erlendis.

Félagið var stofnað árið 1987 og hefur aðalframléiðsla þess verið einangrunarplast til byggingafram-

kvæmda. Nýir eigendur stefna að því að fjölga vörulínum, en m.a. hafa náðst samningar við austurrískt fyrirtæki um kaup á vél sem steypir kubba fyrir húsbyggingar. Polynorth verður þá eina fyrirtækið hér á landi sem framleiðir slíkar einingar, en þær þykja bæði þægilegar og einfaldar í uppsetningu, segir í frétt um eigendaskiptin frá félaginu. Jafnframt segir að þær séu með afburða einangrunargildi og hljóðvíst.

Meðal þeirra verkefna sem fyr-

irtækið sinnir er viðhald á lokum fyrir heita potta og alls kyns áfyllingar eins og í brjóstgjafapúða og grjónapúðasekki.

Nýjum eigendum er mikið í mun að halda áfram framleiðslu einangrunarplasts norðan heiða, en þannig gefst tækifæri til að viðhalda persónulegum tengslum við viðskiptavinum. Þá segir í tilkynningu að fyrirtækið sé opið fyrir hvers kyns hugmyndum um vörur úr frauðefni svo og öðrum plastefnum. /MPP



Þórður Tómasson í Skógum, sem fagnaði 100 ára afmæli sínu miðvikudaginn 28. apríl. Oddafélagið og Skógasafn munu halda Þórði til heiðurs samkomu föstudaginn 30. apríl í Skógum að viðstöddum forseta Íslands.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Þórður í Skógum 100 ára

„Mér líður mjög vel og hef ekki yfir neinu að kvarta, ég hugsa ekkert um það hvað ég er gamall eða hvað ég verð gamall, ég er sáttur við guð og menn og líður vel.“ segir Þórður Tómasson, fyrrverandi safnvörður í Skógum undir Eyjafjöllum, en hann varð 100 ára miðvikudaginn 28. apríl.

Þórður er fæddur og uppalinn í Vallnatúni í Vestur-Eyjafjallahreppi. Hann býr í Skógum með Guðrúnu, systur sinni, sem er 90 ára og Þóra

Sigríður, systir þeirra, sem er búsett á Hvolsvelli, er 97 ára. Þá áttu þau bróður, sem dó árið 2016, þá 96 ára en hann hét Kristinn. Þórður og Guðrún hafa búið í Skógum frá 1959. Þórður hefur stundað ritstörf af miklu kappi síðustu ár og gefið út nokkrar bækur, nú síðast fyrir síðustu júl bókina „Hér er kominn gestur“, sem er bók um gesti og gangandi í aldanna rás. Í dag á hann handrit í þrjár bækur, sem hann stefnir á að gefa út. /MHH



Nýr götusópurur í baráttu við svifryk. Frá afhendingu hans, Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Afvléla, og Andri Teitsson, formaður Umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar. Mynd / Akureyrarbær

Akureyri:

## Afkastamikill götusópurur gegn svifryksmengun

Nýr og afkastamikill götusópurur hefur verið tekinn í notkun á Akureyri en honum er ætlað að vinna gegn svifryksmengun í bænum.

Götusópurinn, sem er af gerðinni Schmidt 660, er fyrsta flokks tæki, vel búinn með góðum tromlukústi, sjö rúmmetra safnkassa og getur tekið vatn inn á sig. Hliðarsópur er stillanlegur og getur sópað alveg upp að kanti sem er mikill kostur. Þá er sogkraftur tækisins óvenjumikill.

Sópurinn á metanbíl

Sópurinn er á metanbíl í samræmi

við umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins. Með þessu tæki er hægt að hreinsa göturnar á skilvirkan og vandaðan hátt og stuðla þannig að fallegri umhverfi og hreinni lofti.

Fjárfestingin er liður í aðgerðum Akureyrarbæjar til að stemma stigu við svifryksmengun sem mælist reglulega of mikil. Rík áhersla er lögð á þetta verkefni um þessar mundir og er meðal annars unnið að greiningu á efnasamsetningu og uppruna svifryks á Akureyri.

Vonir standa til að með samhentu átaki bæjarins við að hreinsa betur göturnar og íbúa við að draga úr bílaumferð og notkun nagladekka

megi ná góðum árangri í baráttunni við svifrykið.

Hafist handa við vorverkin

Götusópurinn var boðinn út síðasta vor og er keyptur af fyrirtækinu Afvlélu ehf. fyrir 40 milljónir króna. Hann kom til landsins á dögunum og er nú kominn á götur Akureyrar þar sem hann verður við stífa vinnu á næstunni. Vorverkin eru enda að hefjast og einn liður í því er að hreinsa bæinn og koma honum í samarbúninginn. Þetta kemur fram á vefsíðu Akureyrarbæjar. /MPP

**EYJALIND**

**Gúmmibelti**  
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is**

# JEPPADEKK

*Dick*  
**CEPEK**  
TIRES & WHEELS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44".

**KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS**

**ARCTIC TRUCKS**  
EXPLORE WITHOUT LIMITS



**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**  
Öll almenn dekkjaþjónusta á staðnum.  
Tímabantanir í síma 540 4900.

Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík | Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is



## Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

LANDSBANKINN.IS





# Sushi og safaríkar steikur

Túnfiskur er sælkerafæða. Hann er ómissandi í sushi-rétti og safaríkar steikur sem gefa nautakjöti lítt eftir. Vel að merkja er hér ekki verið að tala um allar túnfisktegundir, heldur eingöngu bláuggatúnfisk. Aðrar túnfisktegundir enda helst í dós.

Nokkrar tegundir túnfiska finnast í heiminum. Sá túnfiskur sem veiðist mest af nefnist randatúnfiskur (skipjack). Afli hans nam um 3 milljónum tonna árið 2018. Var hann jafnframt í þriðja sæti yfir mest veiddu fisktegundir heims það ár. Næstur í röðinni er guluggatúnfiskur með 1,5 milljónir tonna. Þar á eftir koma glápari (bigeye) og guli túnfiskur (albacore).

Lestina rekur bláuggatúnfiskur. Samanlagður afli hans í öllum heimshöfum var aðeins rúm 68 þúsund tonn árið 2018, eða um 1,3% af heildartúnfiskveiðinni. Þess má geta að talsvert er framleitt af bláuggatúnfiski í áframeldi, í Miðjarðarhafi og víðar, sem bætist við framboðið.

Heildarveiði túnfiska nam 5,2 milljónum tonna árið 2018 og aflaverðmæti var 11,7 milljarðar dollarar, um 1.500 milljarðar íslenskra króna. Að minnsta kosti þrjú fjórði hluti af túnfiskafla heimsins er unnið sem lagmeti.

Bláuggatúnfiskur er glæsileg skepna. Hann er með stærstu beinfiskum og getur orðið allt að 3,3 metrar að lengd og 725 kíló að þyngd. Hann er með spretthörðustu fiskum og nær allt að 80 kílómetra sundhraða á klukkustund.



Túnfiskur á uppboðsmarkaði í Japan.

Bláuggatúnfiskur er gríðarlega verðmætur fiskur. Á uppboði á fiskmarkaði í Tokyo fyrir Covid gat ferskur túnfiskur verið seldur á 10 þúsund krónur á kílóíð, en verð hans var og er breytilegt og veltur það á framboði og eftirspurn og gæðum fiskisins.

Talað er um þrjá meginstofna bláuggatúnfisks en þeir eru í Atlantshafi, Kyrrahafi og Suðrhöfum. Atlantshafs bláuggatúnfiski er skipt í tvær stjórnunareiningar, austur og vesturstofn. Einhver samgangur er á milli þessara stofna.

Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiskur hrygnir í Miðjarðarhafi en fer á fæðuslóðir allt frá Vestur-Afríku norður í Noregshaf og til Íslands. Túnfiskur hefur

verið mikilvægur nytjafiskur í Miðjarðarhafi frá því í fornöld. Aðal fiskveiðipjóðirnar eru Spánn, Frakkland og Ítalía.

Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiskur var lengi vel ofveiddur. Áætlað er að aflinn hafi verið 50 til 60 þúsund tonn á ári 1996 til 2007, rúmlega tvöfalt meiri en útgefinn kvóti. Vísindamenn óttuðust að stofninn myndi hrynja. Kvótinn var skorinn niður og eftirlit hert. Aflinn fór niður í 11 til 12 þúsund tonn á ári. Á síðustu árum hefur stofninn náð sér töluvert á strik í kjölfar áætlunar um uppbyggingu á vegum Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins. Kvótinn er nú kominn í 36 þúsund tonn á ári.

/KS

## RADEX

### RADEX - VAGNAR AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

- Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RADEX** vögnum
- **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
- **Hagstætt verð**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

**KLETTUR**

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300

## GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðingavinnu og aðrar framkvæmdir

Frekari upplýsingar má sjá á [S-J.IS](http://S-J.IS)

**SKÚLASON & JÓNSSON**  
SKÚTUVÖGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544



# SÆKTU



LÝÐSKÓLINN

# NÚNA

# UM

FLATEYRI

Á  
ÓPIÐ FYRIR UMSÓKNIR FYRIR SKÓLA-ÁRIÐ 2021-2022. NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á [WWW.LYDFLAT.IS](http://WWW.LYDFLAT.IS)

Hvar auglýsir þú?

**Bændablaðið**

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

**36,2% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið**

Lestur Bændablaðsins

Lestur Bændablaðsins á landsbyggðinni

**36,2%**

Lestur Bændablaðsins á höfuðborgarsvæðinu

**17,8%**


Lestur landsmanna á Bændablaðinu

**24,3%**

Hafðu samband

Sími: 563 0300 / Netfang: [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is) / [bbl.is](http://bbl.is)

## LANDSJÁ



Mynd 1. Losun frá landbúnaði skv. loftslagsbókhalda Íslands til UNFCCC árin 1990-2019. Tölur um framleiðslu landbúnaðarafurða frá Hagstofu Íslands.

## Ekkert er ómögulegt

Sú myndlíking að best sé að éta fíl bita fyrir bita hefur löngum þótt góð áminning um það hvernig eigi að ráðast í stór verkefni. Bókstaflega tekið er þetta tæpast pólitískt kórrétt á okkar dögum. Ráðlegging Franz frá Assisi sömu merkingar er á hinn bóginn sigild og stenst tímans tönn: Gerðu fyrst það sem er nauðsynlegt, síðan það sem er mögulegt og áður en varir ertu tekinn að gera hið ómögulega.

### Stærsta hagsmunamálið næstu ár

Flest þekkjum við, sem höfum starfað við landbúnað, hversu mikill árangur hefur náðst í að bæta framleiðsluhætti síðustu ár og áratugi. Tækninýjungar í heyrverkun, áburðargjöf, fóðrun og kynbótum. Allt leggst á eitt til þess að gera þetta meira úr minna. Þó að það hafi ekki verið sérstakt takmark fyrir en mjög nýlega að draga úr kolefnisspori matvæla á Íslandi þá hefur það gerst samhliða því að bændur auka framleiðni sína. Hluti af árangrinum hefur náðst vegna þess að bændur hafa þekkt hverjar afurðir sinna skepna og túna eru. Þar af leiðandi geta þeir séð hvort þeir eru að ná árangri frá ári til árs.

### Minnkun milli árunna 2018 og 2019

Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði hefur farið minnkandi síðustu ár. Samkvæmt nýjustu tölum sem skilað var til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna dróst losun frá landbúnaði saman um 2,1% milli árunna 2018 og 2019. Landnýting og breyting á henni eru ekki með í þessum tölum. Þessar breytur eru hafðar sér vegna þess hversu mikil óvissa er um umfang þeirrar losunar á alþjóðavísu. Óvissan hér á landi er einnig veruleg. Alþjóðlegar skuldbindingar okkar snúast um að losun vegna landnýtingar aukist ekki miðað við viðmiðunarár. Mikilvægt er að draga úr þessari óvissu svo að hægt sé að ná árangri á þessu sviði líka.

Til þess að landbúnaðurinn nái markmiðum sínum um kolefnishlutleysi á næstu 20 árum þarf að vinna hratt. Þessi fill verður ekki gleypur í einum munnbita. Í stað þess þarf að finna þá strauma losunar sem ódýrast er að minnka og ráðast á þá fyrst. Sé það ekki gert er hætt við því að annað tveggja gerist, afkoma bænda skerðist eða matvælavæðing hækkar. Og næsta víst er að náist ekki mikill árangur er hætta á því að pólitískar reyni að slá sig til riddara með „hókus þókus“!

### Simsalabimm í vendum hjá Dönnum

Slík töfralausn er nú í uppsiglingu hjá Dönnum. Stjórnvöld þar kynntu nýlega hugmyndir sínar um að leggja kolefnisskatt á losun frá landbúnaði. Skattheimtan á ekki



Kári Gautason.

að verða neitt smáræði, um það bil 25 þúsund krónur á hvert tonn kolefnisígilda. Hún myndi gjörbreyta dönskum landbúnaði sem byggir að mestu leyti á útflutningi. Dönsk landbúnaðarframleiðsla yrði ekki samkeppnishæf og því munu sveitir Jótlands, Fjóns og Sjálands verða fátækari sem því nemur. Þetta kalla ég „simsalabimm“ því að framleiðslan mun sennilegast flytjast til landa þar sem skattheimta af þessu tagi er ekki til staðar. Því gæti heildarniðurstaðan orðið sú að losun gróðurhúsalofttegunda ykist. Danir eru drengir góðir, eins og Benedikt Gröndal sagði í Heljarslóðarorrustu, en þeir munu örugglega kaupa sínar pylsur og beikon frá Þýskalandi og Svíþjóð – af því að það verður ódýrara en að kaupa danskt kjöt.

### Mæla þarf árangur niður á hvert bú

Sem betur fer þá eru fyrir hendi lausnir til að draga úr losun. Efni eru þegar tiltæk hér á landi til að draga úr losun frá hauggeymslum, iðragerjun og jafnvel úr losun hláturgass vegna áburðarmotkunar. En þar komum við aftur að bókhaldinu. Í dag er ekki nein leið til þess að mæla útblástur niður á hvert bú nema með ærnum tilkostnaði. Slíkt verður að vera hægt svo unnt sé fyrir einstaka bændur að sýna fram á árangur. Með því móti væri einnig mögulegt að laga losunarbókhaldað að raunveruleikanum hverju sinni. Eins og er byggir það að mestu leyti á töflugildum og magntölum um fjölda búfjár og tonn af áburði. Þær tölur gefa sennilega rétta stærðargráðu en til þess að forgangsraða aðgerðum og til þess að árangur sjáist svart á hvítu í loftslagsbókhaldað þarf umbætur á þessu sviði. Ef að kúabóndinn vissi bara að kýrnar mjólkuðu 1000-10.000 lítra á ári væri erfitt að velja þær leiðir sem hagkvæmastar væru við að auka nytina!

Betlimunkurinn frá Assisi sem uppi var á þeim árum þegar við Íslendingar hófum að skrifa handritin, sem komu heim frá Danmörku fyrir 50 árum, var með þetta allt á hreinu: Með því að gera það sem er nauðsynlegt og mögulegt verður ekkert ómögulegt.

Kári Gautason, sérfræðingur hjá BÍ



Skeifudagur. Allir nemendur ásamt Randi Holaker reiðkennara og Eyjólf Kristni Örnólfssyni brautarstjóra.

## Skeifudeginum á Hvanneyri streymt á vefnum vegna COVID-19

Skeifudagurinn var haldinn hátíðlegur í ár en vegna samkomutakmarkana var honum streymt á vefnum. Skeifudagurinn á sér langa sögu en Morgunblaðs-skeifan var fyrst veitt við skólaslit Bændaskólans á Hvanneyri þann 4. maí 1957. Vildi Morgunblaðið með þessu framtaki sýna hug sinn til þessarar fornu og fögru íþróttar, hestamennskunnar.

Skeifudagurinn er sannkölluð uppskeruhátíð nemenda í reiðmennskuáföngum skólans og sýna nemendur afrakstur vetrarins á tanningu og þjálfun tveggja hrossa. Þá eru veitt þar verðlaun auk Morgunblaðsskeifunnar, Gunnarsbikarinn, sem fer til þess nemanda sem fær hæstu einkunn í fjörgangskeppni, ásetuverðlaun Félags tanningamanna, Framfaraverðlaun Reynis. Morgunblaðs-skeifan fer til þess nemanda sem hlýtur hæstu meðal-einkunn úr verklegum reiðmennskuprófum. Morgunblaðs-skeifan hefur verið veitt árlega síðan 1957, en mikill heiður þykir að hljóta Skeifuna og hafa sumir handhafar hennar seinna meir orðið einhverjir ástsælustu hestamenn landsins.

Dagurinn hófst með opunaratriði þar sem nemendur ásamt kennara sínum, Randi Holaker, riðu fánareid og síðan flutti Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, brautarstjóri búfræðibrautar, ávarp. Þá sýndu nemendur trippin sem þau hafa tamið í vetur. Að lokinni þeirri sýningu var keppt um Gunnarsbikar þar sem nemendur riðu reiðhrossum sínum í fjörgangskeppni. Að lokinni þeirri keppni flutti formaður Grana, Steindóra Ólöf Haraldsdóttir, ávarp og voru svo veitt verðlaun dagsins. Þau veittu Randi Holaker reiðkennari og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson brautarstjóri. Dagskránni lauk svo með ávarpi Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur rektors. Pulur var Þráinn Ingólfsson.

### Morgunblaðs-skeifan

Morgunblaðs-skeifan var fyrst veitt við skólaslit Bændaskólans á Hvanneyri 4. maí 1957. Vildi Morgunblaðið með þessu framtaki sýna hug sinn til þessarar fornu



Helga Rún Jóhannsdóttir hlaut Gunnarsbikarinn 2021. Bikarinn er gefinn af Bændasamtökum Íslands til minningar um Gunnar Bjarnason, fyrrum hrossaræktarráðunaut og kennara á Hvanneyri.



Laufey Rún Sveinsdóttir hlaut Morgunblaðs-skeifuna 2021, með einkunnina 9,1.



Elínborg Árnadóttir hlaut Eiðfaxabikarinn fyrir bestu einkunn í bóklegum áfanga.

og fögru íþróttar, hestamennskunnar. Morgunblaðs-skeifan nú er veitt þeim nemanda sem náð hefur bestum samanlögðum árangri í frumtanningaprófi og í reiðmennskuhluta knapamerkis III.

1. sæti: Laufey Rún Sveinsdóttir með einkunnina 9,1
2. sæti: Steindóra Ólöf Haraldsdóttir með einkunnina 8,9
3. sæti: Helga Rún Jóhannsdóttir með einkunnina 8,5
4. sæti: Elínborg Árnadóttir með einkunnina 8,4
5. sæti: Björn Ingi Ólafsson með einkunnina 8,3

### Gunnarsbikar

Gunnarsbikarinn sem hefur verið veittur síðan 2008 og er gefinn af



Steindóra Ólöf Haraldsdóttir hlaut ásetuverðlaun Félags tamingamanna.

Bændasamtökum Íslands til minningar um Gunnar Bjarnason, fyrrum hrossaræktarráðunaut og kennara á Hvanneyri. Gunnar sýndi mikið frumkvæði í starfi sínu sem reiðkennari og var fyrstur til að kenna nemendum sínum að temja hesta sér til reiðar. Hefur slík kennsla haldist nær óslitin síðan. Úrslit voru þessi:

1. sæti: Helga Rún Jóhannsdóttir
2. sæti: Steindóra Ólöf Haraldsdóttir
3. sæti: Sverrir Geir Guðmundsson
4. sæti: Laufey Rún Sveinsdóttir
5. sæti: Elínborg Árnadóttir
6. sæti: Björn Ingi Ólafsson

#### Eiðfaxabíkarinn

Eiðfaxabíkarinn hefur verið veittur síðan 1978. Hann er veittur þeim nemanda sem hlýtur bestu einkunn í bóklegum áfanga og hlaut hann í ár Elínborg Árnadóttir.

#### Ásetuverðlaun FT

Félag tamingamanna hefur veitt ásetuverðlaun frá árinu 1971 og hlýtur þau sá nemandi sem þykir sitja hest sinn best. Ásetan skal vera falleg og notuð til að stjórna hestinum. Þau hlaut Steindóra Ólöf Haraldsdóttir.

#### Framfarabíkar Reynis

Verðlaunin hafa verið veitt síðan 2013 þeim nemanda sem hefur sýnt hvað mestan áhuga, ástundun og tekið hvað mestum framförum í reiðmennsku II, sem saman stendur

## Norðurþing: Njóta ekki lækkunar vatnsgjalds

**Kostnaður við meðhöndlun úrgangsmála hefur aukist gríðarlega og er ein af ráðstöfunum meirihluta Norðurþings til að mæta honum að lækka vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Heildarupphæð lækkunarinnar nam um 18 milljónum króna, tekjur Orkuveitu Húsavíkur ohf. lækkuðu því sem því nemur.**

Hjálmar Bogi Hafliðason óskaði eftir því á fundi skipulags- og framvæmdaráðs Norðurþings á dögunum að umræða yrði um lækkun vatnsgjalds og gjaldskrá sorpgjalda.

Málum er þannig háttað í Norðurþingi að aðeins hluti íbúa sveitarfélagsins nýtur afsláttarins. Í hinum dreifðu byggðum eru íbúar í mörgum tilfellum með eigin vatnsveitu sem hefur ekki kallað á fjárfestingar eða viðhald af hálfu sveitarfélagsins.

Þessir aðilar njóta því ekki ávinning af áður nefndri lækkunaráðgerð og greiða þar af leiðandi lækkun sorpgjalda í mun meira mæli en aðrir íbúar sveitarfélagsins. Óskað er eftir aðgerðum fyrir þessa aðila með tilliti til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.

Byggðarráð fól sveitarstjóra að taka saman minnisblað um málið og leggja fram á næsta fundi. /MPB

af knapamerki III og frumtamningaráfanga. Þessi bikar er gjöf



Verðlaunahafar frá vinstri: Björn Ingi, Elínborg, Helga Rún, Steindóra Ólöf og Laufey Rún.

Hestamannafélagsins Grana til minningar um Reyni Aðalsteinsson

og alla þá frábæru hluti sem hann gerði fyrir hestamennsku á

Hvanneyri og víðar. Verðlaunin í ár hlaut Björn Ingi Ólafsson. /HKr.

# ER KOMINN TÍMI Á NÝTT GLER ?

## VIÐ SÉRSMÍÐUM GLER EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- SPEGLAR

**Íspan**  
GLERBORG

SMIÐJUVEGI 7

200 KÓPAVOGI

SÍMI 54 54 300

ISPAN.IS



Á að skipta um  
glugga í sumar?

2 laga gler  
eða  
3 laga gler

NETVERÐ  
**35%**  
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ

**+5%**

MEÐ KÓÐANUM  
AFMÆLI40

**3** ÁRA  
**Afmælisveisla**  
PANTAÐU NÚNA OG SKIPTU UM GLUGGA Í SUMAR!

Gildir t.o.m 4. maí 2021

Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík - Sími: 558-8400



Viltu vinna  
þráðlausan  
hátalara?

Taktu þátt  
á Facebook  
síðu okkar!



Háskólinn á Hólum

# BS í reiðkennslu & reiðmennsku

Umsóknarfrestur er til  
5. júní 2021



HÓLAR Í HJALTADAL  
551 Sauðárkrókur Sími 455 6300  
holaskoli@holar.is www.holar.is



www.holar.is

ryprint | 04/2021

## FRÉTTIR

Úthlutun Landgræðslunnar úr Landbótasjóði:

# Hlutfall verkefna á beitarsvæðum svæðum hækkar

– Margföld aukning hefur orðið í dreifingu á lífrænum áburði í verkefnum styrktum af Landbótasjóði á undanförunum árum

Landgræðslan úthlutaði á dögnum úr Landbótasjóði til 95 verkefna. Heildarupphæð styrkja nam 93.270.000 krónum og meðalstyrkhlutfall var 55 prósent af kostnaði verkefna. Stærstur hluti þeirra er á sviði uppgræðslu og gróðurstyrkingar.

A vef Landgræðslunnar er fjallað um úthlutunina og þar kemur fram að í reglum Landbótasjóðs sé ákvæði um að beitarsvæði séu í forgangi og geti fengið herra styrkhlutfall en beitt svæði. Af styrktum verkefnum nú eru 21 á friðuðum svæðum en 68 á beittum svæðum. Sjóðurinn gerir þá tillögu að verkefni á friðuðum svæðum hljóti 80 prósentu styrk miðað við reiknaðan kostnað án fræs og umsjónar, en verkefni á beittum svæðum hljóti 65 prósentu styrk.

## Landbótasjóður útvegar fræ

Líkt og undanfarin ár útvegar Landbótasjóður fræ í verkefnum eftir því sem við á. Verður rúmlega nfu tonnnum af túnvingulfræi og um einu tonni af melgresisfræi dreift á þessu ári. Andvirði þess metur Landgræðslan á um 18,4 milljónir króna og er heildarúthlutun Landbótasjóðs fyrir árið 2021 því 111.670.000 krónur.

„Styrkþegar eru fjölbreyttur hópur og koma úr röðum landeigenda og sveitarfélaga, einnig



félagasamtaka sem vinna að landbótum á friðuðum svæðum og stunda gjarnan fræðslustarfsemi sem hluta verkefnis,“ segir á vef Landgræðslunnar.

## Margföld aukning í dreifingu lífræns áburðar

Margföld aukning hefur orðið í dreifingu lífræns áburðar í verkefnum styrktum af Landbótasjóði. Til samanburðar eru borin saman árin 2015, þegar 671 tonni var dreift, og 2020 þegar þau voru 4.715.

„Þessi rúmlega sjöfalda aukning er ánægjulegur vitnisburður um aukinn áhuga og skilning landeigenda á því að nota lífrænan áburð og í samræmi við þær áherslur sem Landgræðslan hefur sett í sínu starfi,“ segir í umfjöllun Landgræðslunnar.

## Landbætur á 5.200 hekturum

Samtals er áformað að vinna að landbótum á um 5.200 ha lands auk dreifingar á heyrúllum og kjötmjöli, auk gróðursetningar og sáningu á birki. Skipting verkefna eftir sviði landbóta er eftirfarandi:

- Dreifing á tilbúnum áburði: **4.318 ha.**
- Dreifing á lífrænum áburði: **347 ha.**
- Sáning gras- og melfræs: **500 ha.**
- Dreifing á heyrúllum: **2.609 stk.**
- Kjötmjöldreifing: **45 ha.**
- Gróðursetning á birki **7.600 stk.**

„Við úthlutun er meginregla sú að upphæð styrks getur numið allt að 2/3 af reiknuðum kostnaði við vinnu og kaup á aðföngum. Landgræðslan leggur mat á kostnað verkefna og miðar við gildandi verðskrá stofnunarinnar.

Tilgangur Landbótasjóðs er að færa ábyrgð og framkvæmd landgræðsluverkefna heim í héruð og veita umráðahöfum lands styrki til landbótaverkefna. Við ákvörðun um styrkveitingar er lögð áhersla á stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðinga, endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis, sjálfbæra landnýtingu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi,“ segir á vef Landgræðslunnar.

/smh



# Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar



WPL  
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

## Úthlutun úr Landbótasjóði árið 2021

Umsækjandi	Sveitarfélag	Verkefni	Úthlutun 2021
Hafsteinn Hrafn Danielsson	Hvalfjarðarsveit	Uppgræðsla mela með búrhæðsnaskit í landi Geldingaár í Hvalfjarðarsveit	1.350.000
Hvanneryrarbúið ehf	Borgarbyggð	Uppgræðsla mela suður í landi á Hvanneyri	220.000
Albert Guðmundsson	Borgarbyggð	Uppgræðsla mela á Heggstöðum	1.000.000
Þórólfur Árnason	Borgarbyggð	Uppgræðsla mela og endurheimt birkis á Svarfhóli	1.380.000
Jóhann Ingi Ásgeirsson	Skaabyggð	Uppgræðsla mela á Hafursstöðum	260.000
Eingarhalds. Grimstungu- og Haukagilshéiðar	Skaabyggð	Uppgræðsla mela á Grimstunguheiði	480.000
Lionsklúbbur Skaafjarðar	Sveitarfélagið Skaafjarðar	Uppgræðsla ofan Grensborgar á Goðdalafalli	770.000
Benjamin Davíðsson	Akureyrarbær	Uppgræðsla í landi Engimýri	1.050.000
Kristján B. Garðarsson	Akureyrarbær	Uppgræðsla vegna skriðu á Gilsá II í Eyjafirði	200.000
Eyjafjarðardeild ferðaklúbbsins 4x4	Akureyrarbær	Gróðursetning á birki við Réttartorfu	150.000
Steingrímur Þór Einarsson	Eyjafjarðarsveit	Uppgræðsla mela með rúllum í landi Torfufells í Eyjafirði	150.000
Grýtubakkahreppur	Grýtubakkahreppur	Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla á Leirdalsheiði	460.000
Páll Kjartansson	Þingeyjarsveit	Uppgræðsla rofabarða milli Svartárkots og Viðkers	810.000
Þingeyjarsveit	Þingeyjarsveit	Uppgræðsla mela og rofabarða við Íshólavatn á Vesturfrétt Bårdæla	1.110.000
Svartárkotsbúið	Þingeyjarsveit	Uppgræðsla rofabarða í skógræktarsvæði í landi Svartárkots	90.000
Svartárkotsbúið	Þingeyjarsveit	Uppgræðsla við Grjót og svæði kringum Réttartorfu á Austurfrétt Bårdæla	940.000
Norðlenska	Þingeyjarsveit/Norðurþing	Uppgræðsla með gor í Húsavíkurlandi	640.000
Sigurður Á. Þórarinnsson	Norðurþing	Uppgræðsla mela í landi Skarðaborgar og Einarstaða á Reykjaheiði	640.000
Skútustaðir ehf	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla við Kolatorfu í Krákárbakkahófi í Skútustaðafrétt	260.000
Halldór Árnason	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla í landi Garðs	400.000
Vogabú ehf	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla við Hverfell	800.000
Félagsbúið Baldursheimi 1	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla hálfuppgrædda mela	950.000
Skútustaðahreppur - NÍN	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla með rúllum í Þingeyjarsveit	380.000
Skútustaðahreppur - NÍN	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla með rúllum og lífrænum áburði vítt og breitt um Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp	3.510.000
Skútustaðahreppur	Skútustaðahreppur	Uppgræðsla á Austurfrétt Mývetninga og á Gæsafjöllum	2.470.000
Norðurþing	Norðurþing	Uppgræðsla með meltu og tilbúnum áburði austan Húsavíkurfjalls	1.110.000
Búnaðarfélag Tjörnesinga	Tjörneshreppur	Uppgræðsla og gróðurstyrking á Mánarheiði, við Gyðuhnjúk og í Breiðuvík	850.000
Kristinn Rúnar Tryggvason	Norðurþing	Uppgræðsla með rúllum á rofni landi á Ássandi í Kelduhverfi	290.000
Halldór S. Olgeirsson	Norðurþing	Uppgræðsla mela og rofabarða á Stórási í landi Bjarnastaða	820.000
Benedikt Kristjánsson	Norðurþing	Uppgræðsla rofabarða og mela austan og norðan við Hvammagil	400.000
Félagsbúið Sandfellshaga	Norðurþing	Uppgræðsla mela norðan og austan Sandfells í landi Sandfellshaga	850.000
Urðir ehf.	Norðurþing	Uppgræðsla mela og gróðurstyrking í landi Axla í landi Sandfellshaga og við Skóga	610.000
Hafsteinn Hjálmarsson	Norðurþing	Uppgræðsla mela og rofmóa í landi Gilsbakka í Óxarfirði	400.000
Stefán L. Rögnvaldsson	Norðurþing	Uppgræðsla mela og rofmóa í landi Leifsstaða í Óxarfirði	400.000
Landgr.félag Óxarfjarðarhrepps	Norðurþing	Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla á Óxarfjarðarheiði	3.470.000
Gunnar Einarsson	Norðurþing	Uppgræðsla mela og rofabarða á Daðastöðum	920.000
Björn Halldórsson	Norðurþing	Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla á Valþjóssstaðafalli	780.000
Hafræfllungu ehf	Norðurþing	Uppgræðsla rofmóa í Hafræfllungu og Tunguheiði/Búrfellsheiði	330.000
Helgi Árnason og Sigurlína J. Jóhannesdóttir	Norðurþing	Uppgræðsla með gor á gróðursnaudu landi innan Snartarstaðagirðingar	1.020.000
Helgi Árnason	Norðurþing	Stöðvun uppblásturs og uppgræðsla í landi Snartastaða	600.000
Landgr.félag Svalbarðshrepps	Svalbarðshreppur	Stöðvun jarðvegsrofs og styrking gróðurs í Súlnafjallgarði	2.560.000
Haraldur Páll Guðmundsson	Svalbarðshreppur	Uppgræðsla flagmóa, moldarflaga og mela í landi Brekkakots	230.000
Sigurður Max Jónsson	Fjarðabyggð	Uppgræðsla til að auka gróðurþekju á Skjöldfólfsstöðum.	470.000
Sigmar Búi Sigþórsson	Vopnafjarðarhreppur	Uppgræðsla rofgeila við Viðfell norðan Krókavats	270.000

Uppr. og landb.fél. Vopnafjarðar	Vopnafjarðarhreppur	Uppgræðsla mela og rofabarða í landi Kálfafells og Arnarvatns á Vopnafjarðarheiði	1.140.000
Burstarfellsbúið ehf	Vopnafjarðarhreppur	Uppgræðsla mela og rofabarða uppi á Burstarfelli og Borgarfelli	680.000
Friðbjörn H. Guðmundsson	Vopnafjarðarhreppur	Stöðvun jarðvegsofs og uppgræðsla við Búfell í landi Hauksstaða	200.000
Valur Guðmundsson	Vopnafjarðarhreppur	Uppgræðsla mela og rofabarða autan og norðan í Þjúpnafelli	1.370.000
Ádalsteinn Sigurðsson	Fljótdalshérað	Uppgræðsla mela á Vaðbrekkuhálsi	190.000
Landgræðslufélag Héraðsbúa	Fljótdalshérað	Gröðurstyrking og stöðvun rofs á Giljahólum í landi Gilja á Jökuldal	1.430.000
Gunnar Rúnar Gunnarsson	Djúpvogshreppur	Uppgræðsla mela og rofabarða á Hnaukum	310.000
Sigurður Guðjónsson	Sveitarfélagið Hornafjörður	Uppgræðsla sanda og mela á austan Hólmsár á Hólmsáráurum	860.000
Nýpugarðar ehf.	Sveitarfélagið Hornafjörður	Uppgræðsla sanda og mela á austan Hólmsár á Hólmsáráurum	940.000
Landgræðslufélag Óræfinga	Sveitarfélagið Hornafjörður	Endurheimt landgæða á Skerjum í Óræfum	590.000
Fjallskiladeildir Siðuafrettar	Skaftárhreppur	Gröðurstyrking við Geldingaá, Eintúnaháls, Leiðólfsfell og Mörtungusker	1.040.000
Vigfús Gunnar Gíslason	Skaftárhreppur	Uppgræðsla á sandi og hrauni í landi Efri-Steinsmýri	400.000
Sigurður A Sverrisson og Kristbjörg Hilmarsd.	Skaftárhreppur	Uppgræðsla með rúllum í landi Þykkvabæjarklausturs	290.000
Búnaðarfélag Skaftártunguhrepps	Skaftárhreppur	Gröðurstyrking við Lambaskarðshóla, Þorsteinsgil og Álfvatnskrök	750.000
Búnaðarfélag Álfavars	Skaftárhreppur	Uppgræðsla mela og molda á Atleyjarmelum og Atleyjarmoldum	2.090.000
Hörður Daði Björgvinsson	Skaftárhreppur	Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla sands í Meðallandsfjör	1.180.000
Einar Freyr Einarson	Mýrdalshreppur	Uppgræðsla mela á Sólheimasandi	1.300.000
Félagsbúið Ytri Skógum	Rangárþing eystra	Uppgræðsla mela á Skógasandi	730.000
Landeigendafélag Almenninga	Rangárþing eystra	Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla á Almennungum	2.340.000
Greifabúið	Rangárþing eystra	Uppgræðsla sands í landi Guðnastaða í Landeyjum	2.340.000
Rafn Bergsson	Rangárþing eystra	Uppgræðsla á sandi til að hefta sandfok á Landeyjasandi	530.000
Sigurður Óli Sveinbjörnsson	Rangárþing eystra	Uppgræðsla sands í landi Kross í Landeyjum	1.170.000
Uppgræðslufélag Fljótshlíðar	Rangárþing eystra	Uppgræðsla á Einhyrningsflötum, Tröllagjá og við Gílsá	1.020.000
Ágúst Jensson	Rangárþing eystra	Uppgræðsla mela og rofabarða ofan Langadalshrauns í Fljótshlíð	200.000
Teigur 1	Rangárþing eystra	Uppgræðsla mela og rofabarða ofan Langadalshrauns í Fljótshlíð	200.000
Kristinn Jónsson	Rangárþing eystra	Uppgræðsla malaraura á Þveráráurum við Aurasel í Fljótshlíð	790.000
Rangárþing eystra	Rangárþing eystra	Uppgræðsla mela á Emstrum	740.000
Fjallskilasjóður Rangárvallafréttar	Rangárþing ytra	Uppgræðsla við Hafrafell á Rangárvallafrétti	1.300.000
Nýibær ehf	Rangárþing ytra	Uppgræðsla sandiörpinnna hrauna á Heiðaræk og Heiðarbrekku	1.600.000
Galtalækur Landskógur ehf	Rangárþing ytra	Stöðvun rofs í landi Galtalæks í Landsveit	1.320.000
Ófeigur Ófeiggsson	Rangárþing ytra	Stöðvun skógareyðingar í Fyllingaholti í landi Næfurholts	690.000
Landvernd	Rangárþing ytra	Endurheimt landgæða við Þjófafoss Rangárþingi ytra og við Sauðafell í Norðurþingi	500.000
Fjallskiladeild Landmannafréttar	Rangárþing ytra	Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla við Valafell og inn við Kvíslar á Landmannafrétti	2.860.000
Hekluskógur	Rangárþing ytra	Uppgræðsla mela og molda við Vaðöldu í Árskógum	2.400.000
Ræktunarfélag Djúparhrepps	Rangárþing ytra	Uppgræðsla í Þykkvabæjarsfjör	1.600.000
Ásahreppur	Ásahreppur	Uppgræðsla á melum, moldum og rofabörðum við Stóru-Hestatorfu og við Köldukvísl og á Þoristungum	2.500.000
Landbótafélag Gnúpverja	Skeið- og Gnúpverjahreppur	Uppgræðsla molda, mela og vikra við Sandafell, Rauða og í Skúmstungum	510.000
Ólafur Jónsson	Skeið- og Gnúpverjahreppur	Stöðvun jarðvegseyðingar við Dalsá á Gnúpverjafrétti	200.000
Afréttarmálafél. Flóa og Skeiða	Flóahreppur	Uppgræðsla vikra og stöðvun jarðvegseyðingar á Vikrum vestan Reykhólts á Flóamannafrétti	1.390.000
Landgræðslufélag Hrunamanna	Hrunamannahreppur	Stöðvun rofs og uppgræðsla víða á Hrunamannafrétti	3.560.000
Hrunamannahreppur	Hrunamannahreppur	Uppgræðsla með seyrri á Hrunamannafrétti	800.000
Landgr.fél. Biskupstungna	Bláskógabyggð	Uppgræðsla rofabarða og mela víða á Biskupstungnafrétti	5.020.000
Lionsfélagið Baldur	Bláskógabyggð	Uppgræðsla rofabarða og mela í Baldurshaga á Biskupstungnafrétti	300.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Bláskógabyggð	Stöðvun jarðvegseyðingar við Biskupsbrekkur í við Skógarhóla	400.000
Jóhann Jónsson	Bláskógabyggð	Uppgræðsla rofabarða, rofdíla og mela í landi Mjóaness	680.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	Stöðvun rofs við Söðulhóla á Grímsnesfrétti	360.000
Skógræktarfélag Þorlákshafnar og Ölfuss	Sveitarfélagið Ölfus	Uppgræðsla sanda í Þorlákshöfn	240.000
Gröður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	Hafnarfjarðarkaupstaður	Uppgræðsla rofabarða í Krýsuvík	200.000
Sjálfbodaliðasamtök um náttúruvernd	Sveitarfélagið Vogar	Uppgræðsla við Bleikhól í Krýsuvík	200.000
Fjáreigendafélag Grindavíkur	Grindavíkurbær	Stöðvun rofs og uppgræðsla við Borgarhóla og Einbúa	1.430.000
Skógræktarfélag Kópavogs	Kópavogsbær	Endurheimt birkiskóga	1.540.000
<b>Samtals úthlutun</b>			<b>93.270.000</b>

Hvar auglýsir þú?

**Bændablaðið**

36,2% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

36,2% / 17,8% / 24,3%

**Bændablaðið**  
Kemur næst út **12. maí**

Pantaðu á [www.bjorbillinn.com](http://www.bjorbillinn.com)

Dreifing - Hringferð  
2 maí n.k.  
Höfuðborgarsvæðið  
alla föstudaga

# GÓLF Í GRIPAHÚS

**Til á lager**

**SWAANS BETON** **SIB LOWICZ**

**BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager**

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.

**NAUTGRIPIR, SVÍN OG SAUÐFÉ**

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

[bondi@byko.is](mailto:bondi@byko.is)

**ÍSLENSKA ANÆGJUVOGIN**

**SAVAGE ARMS® ACCUTRIGGER ACCUSTOCK**

Model: 93R17GVXP  
Cal: 17HMR þungt hlaup og Bushnell sjónauki 3-9x40  
**kr. 79,900**

Savage Mark II FVSR cal 22 eða 17 HMR, Sjónauki 4-16x44 Pro Target  
**kr. 84,900**

Savage A22 Precision 22 Lr Hálfsvírfurkur  
**kr. 129,900**

B22 B17 Precision cal 22 Lr og 17 HMR  
**kr. 129,900**

Savage B22 FV-SR 22 Lr  
**kr. 79.900**

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - [www.vesturröst.is](http://www.vesturröst.is)

# Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka saumar bútasaumsteppi og hefur gefið andvirði þeirra til góðgerðarmála: Greindist með Parkinson-sjúkdóminn 2015 en lætur það ekki stoppa sig

„Ég er fædd og uppalin á Selfossi og bjó þar, þar til við fluttum í Hrótafjörðinn haustið 1984,“ segir Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka, en bærinn er rétt norðan Reykjaskóla.

„Foreldrar mínir voru Magnea Kristín Sigurðardóttir frá Seljatungu og Ólafur Nikulásson (Óli Nikk) mjólkurbílstjóri. Maðurinn minn er Skúli Einarsson frá Tannstaðabakka og tókum við við búi foreldra hans.

Við eigum fjögur börn, (Laufey Kristín, Eyrún Ösp, Guðrún Eik og Ólafur Einar) og níu barnabörn. Ég vann við skrifstofustörf á Selfossi eftir Verslunarskólalapróf og þar til við fluttum í sveitina, en hef síðan verið bóndi, fyrst með kindur en síðan bættist nautaelði við, minkaelði í tvö ár, mjólkurframleiðsla og síðast bættist við kjúklingaelði. Yngsta dóttirin, Guðrún Eik, og hennar maður tóku við jörðinni og hefðbundnu greinunum árið 2014, en við Skúli erum með kjúklingaelðið enn þá.“

## Parkinson-sjúkdómurinn

Ólöf greindist 2015 með Parkinson-sjúkdóminn, sem er ólækanlegur og versnar með árunum, mishratt eftir einstaklingum. Hún var send á Reykjalund til að læra ráð til að hamla sjúkdómnum og fræðast um hvað hægt væri að gera til að halda líkamlegri og andlegri heilsu sem bestri sem lengst.

„Þar kynntist ég fimm öðrum „Pörkum“ og tókst vinskapur með höpnum og hittumst við reglulega, a.m.k. einu sinni á ári.

Baráttan við hr. Parkinson er stöðug og reyni ég að halda honum í skefjum með reglulegri hreyfingu (liðleiki, þol, styrkur, ákefð) ásamt því að viðhalda fínreyfingum með því að sauma og þrjúna, og hausnum með því að setja saman liti og reikna út munstur og stærðir og fleira. Gera sudoku og púsla. Svo þið sjáið að það er full vinna að berjast þessari baráttu, en ég tel að hún hafi tvímælalaust borið árangur,“ segir Ólöf og brosir, enda alltaf jákvæð og tekur sjúkdómnum af miklu æðruleysi.

## Velferðarteppi Ólafar

„Velferðarteppi Ólafar“ hafa slegið í gegn, en hver er saga þess verkefnis? „Jú, ég var að taka til í saumaherberginu mínu snemma árs 2017 og rakst á efni sem ég hafði notað í bútasaum á árum áður. Ég ákvað að ég gæti nú allavega gert eitthvað úr þessu sem ég ætti og fyrir valinu varð að búa til barnateppi. Þau eru notadrjúg og ég gæti þá gefið þau í Rauða krossinn.

Hlutirnir æxludust svo þannig að fólk vildi kaupa af mér teppin og síðan fóru konur, aðallega að senda mér afgangsefni sem þær áttu svo ég gat saumað fleiri. Þá ákvað ég að safna þessum peningum inn á sér reikning. Í desember 2017 afhenti ég Velferðarsjóði V-Húnavatnssýslu, sem er kirkjan, Rauði krossinn og Félagssjónustan, peninginn til gjafar. Ég bjó svo til Facebook-síðu um teppin, en síðan fékk nafnið „Velferðarteppi Ólafar“. Þetta vatt svo upp á sig, ég sauma og sauma, fæ sent fullt af efnum og sel alveg helling, ásamt því að gefa líka teppi m.a. á Landspítalann og á fleiri staði.

Ég sauma líka dúka (löbera), töskur, púða, munnpurrkur og grímur. Núna er ég búin að gefa



Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka í Hrótafjörð, sem lætur ekki deigan síga þrátt fyrir að vera með Parkinson-sjúkdóminn og saumar bútasaumsteppi á fullum krafti og gefur allan ágóða af sölu þeirra til góðgerðarmála. Mottó Ólafar er: „Lífið er stutt, njóttu þess.“

Myndir / Úr einkasafni



Ólöf með eitt af teppunum sínum.




Ólöf saumar ekki bara teppi, hér eru fallegir púðar eftir hana.



Fjölskyldan á Tannstaðabakka, Skúli og Ólöf með börnunum sínum, en þau heita, frá vinstri: Laufey Kristín, Eyrún Ösp, Guðrún Eik og Ólafur. Skúli og Ólöf ætla að ferðast um landið í sumar á hjólunum sínum en þau voru að fjárfesta í rafmagnshjólum.



Guðrún Eik og maður hennar eru með kúabúíð á Tannstaðabakka en þau eru með 46 árskýr. Nýlega fæddust þrjár kálfar á bænum, tvíkelvingar og einkelfingur. Tvíkelvingarnir hafa fengið nöfnin Ponsa (var 23 kíló við fæðingu) og Stráksi (var 26 kíló við fæðingu) en þeir voru samtals 49 kíló við burð, en sú stóra heitir Bredda og var 52 kíló. Það munaði því 26 kílóum á Stráksa og Breddu og 29 kílóum á milli Ponsa og Breddu.



Hluti af teppum, sem Ólöf hefur saumað af sinni alkunnu snilld þegar bútasaumsteppi eru annars vegar.

fjórnum sinnum í þennan sjóð og upphæðin er komin í 2 milljónir og teppin orðin rúmlega 200,“ segir Ólöf, alsæl með árangurinn og vinnu sína, svo ekki sé minnst á að hafa gefið allan peninginn til góðgerðarmála.

## Maður ársins

Ólöf var kjörin maður ársins 2018 á Norðurlandi vestra af lesendum

Feykis. Hún er stolt af viðurkenningunni.

„Já, ég varð mjög þakklát og hrærd yfir þessari viðurkenningu. Ég tel mig vera búna að fá mitt út úr saumaskapnum á teppunum. Gleðina yfir að skapa fallegan eigulegan hlut, ásamt þjálfuninni sem ég fæ út úr því. Það er svo stór bónus að einhver vill kaupa þetta, til að gleðja einhvern, borgar mér pening fyrir sem ég svo afhendi til að gleðja einhvern eða einhverja, þannig að allir vinna lotteríð.“

## Heldur í gleðina

Ólöf er því næst spurð um lífið, hvað það hafi kennt henni?

„Já, þú segir nokkuð. Lífið hendir í okkur alls konar verkefnum, sumum erfiðari en öðrum. Maður heldur bara áfram og gerir það besta í stöðunni og dvelur ekki við það sem maður getur ekki, heldur það sem maður getur. Syngur eins og enginn sé að hlusta og dansar eins og enginn sé að horfa og heldur í gleðina. Það er heila málið að reyna að láta sér líða vel, bæði líkamlega og andlega, helst alla daga. Góð hreyfing er eitt af því mikilvægasta,“ segir hún brosandí.

## Á teppi á lager

Ólöf segist alltaf eiga einhver bútasaumsteppi á lager vilji fólk kaupa af henni teppi og styrkja þannig góð málefni. Hún segir að langbest sé að hafa samband við sig í einkaskilaboðum í gegnum Facebook-síðuna, „Velferðarteppi Ólafar“.

Við setjum punktinn hér og óskum Ólöfu velfarnaðar, hvort sem það er með teppin, fjölskylduna eða í baráttunni við sjúkdóminn og með lífið sjálft. /MHH



# Leika á als oddi við púslið

Ólafur Vagnsson í Hlébergi, fyrrum ráðunautur, og Valgerður Schiöth, bóndi á Rifkelsstöðum, léku á als oddi þegar opnað var að nýju fyrir félagsstarf eldri borgara í Eyjafjarðarsveit. Það hefur legið niðri bróðurpart vetrar vegna sóttvarnarráðstafana vegna kórónuveirunnar.

Starfsemin hófst á ný í liðinni viku en eldri borgarar í

Eyjafjarðarsveit hittast tvisvar í viku í íþróttahúsinu á Hrafnagili og gera sér þar glaðan dag.

Ólafur og Valgerður kusu að leiða saman hesta sína við það verkefni að koma saman Íslandspúslu og ekki annað að sjá en vel hafi gengið með það verkefni. Aðrir félagsmenn spila brídds, spilað á tveimur borðum að jafnaði og mikið fjör. Þá er í

boði að fást við handavinnu af ýmsu tagi, útsaum, þrjón, útskurð, málun á postulín svo eitthvað sé nefnt.

Félag eldri borgara í Eyjafjarðarsveit var stofnað fyrir ríflega 30 árum, í nóvember árið 1989, og eru félagsmenn um 80 talsins, allir sem náð hafa 60 ára aldri mega taka þátt í starfsemi félagsins. */MPP*



Ólafur og Valgerður kampakát þegar opnað var á ný fyrir félagsstarf eldri borgara í Eyjafjarðarsveit. Mynd / Benjamin Baldursson

## Er komið að endurnýjun véla og tækja?

arionbanki.is

Atvinnutækjalán Arion banka er hagkvæmur valkostur þegar kemur að fjármögnun bifreiða, véla og tækja.

Kynntu þér atvinnutækjalán á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

Passaðu þrýstinginn - hann þarf nefnilega að vera nægur

## NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR

Alvöru dælur sem vinna verkið á methraða. Þú færð Nilfisk hjá Rekstrarlandi í Vatnagörðum og í útibúum Olís um land allt.

OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | [rekstrarland.is](http://rekstrarland.is)

TOYO TIRES | PIRELLI | Laufenn Journey in Style | MAXXIS DEKK | Mastercraft TIRES | NANKANG FREE YOUR WAY | GT RADIAL | INTERSTATE TIRES

## Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á nesdekk.is

Þar getur þú fundið réttu dekkinn sem henta þér best, gengið frá kaupunum og pantað tíma.

Sjáðu úrvalið á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)

Breiðhöfði 13  
110 Reykjavík  
590 2080  
Tímabókun

Fiskilóð 30  
101 Reykjavík  
561 4110  
Tímabókun

Grjóthálsi 10  
110 Reykjavík  
561 4210  
Röð

Lyngási 8  
210 Garðabæ  
565 8600  
Röð

Njarðarbraut 9  
260 Reykjanesbæ  
420 3333  
Röð

Njarðarnesi 1  
603 Akureyri  
460 4350  
Tímabókun

**NESDEKK**  
Öryggi í umferð síðan 1996

Hacking Norðurland – veflægt lausnamót:

# Græn lamb úr Kelduhverfi hlutskarpast

– Vörumerki fyrir kolefnishlutlausu sauðfjárrækt á sjálfbæru landi


Svokallað lausnamót, Hacking Norðurland, var haldið dagana 15.–18. apríl. Um hugmynda-samkeppni var að ræða þar sem lagt var upp með að virkja sköpunarkraftana til sjálfbærrar nýtingar auðlinda út frá „orku, vatni og mat“. Vinningshugmyndin heitir Græn lamb – Keldhverfskt kjöt af algrónu landi, sem þær Salbjörg Matthíasdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Berglind Ýr Ingvarsdóttir standa á bak við. Hugmyndin snýst um að búa til vörumerki fyrir sauðfjárbændur úr Kelduhverfi í Norðurþingi sem er með vottun um að féð gangi á vel grónu og sjálfbæru landi.

Með vottun um slíka sjálfbærni er ætlunin að auka verðmæti sauðfjárafurða Kelduhverfis og um leið gefa neytendum tækifæri til að kaupa kolefnishlutlausan próteingjafa. Allar stunda þær Salbjörg, Guðríður og Berglind sauðfjárbúskap í Kelduhverfi.

Frumlegasta verkefnið var valið Geothermal Ginger, sem hefur það að markmiði að rækta engifer á Íslandi með hitaveituvatni og raflýsingu.

## Veflægt mót í gegnum Hugmyndaþorp

Lausnamótið var veflægt, haldið í gegnum samsköpunarlausnina Hugmyndaþorp sem þróuð er af sprotafyrirtækinu Austan mána í samstarfi við Hacking Hekla. Þátttaka var því ekki háð staðsetningu.



Sauðfé í Kelduhverfi.



Guðríður Baldvinsdóttir, Salbjörg Matthíasdóttir og Berglind Ýr Ingvarsdóttir.

Í kynningu á verkefninu Græn lamb kom fram að markmiðið sé að stækka lambakjötmarkaðinn, ná til nýrra viðskiptavina sem hafa hætt að kaupa lambakjöt vegna þess að ekki hefur verið í boði að kaupa kjöt eftir ástandi beitolanda eða kolefnisspori búskaparins.

Í kynningunni kom einnig fram að Kelduhverfi er talið henta vel til slíks verkefnis þar sem tæplega

90 prósent af beitolandinu er vel gróið og aðeins þrjú til fimm prósent af beitolandi í heimalöndum er framræst.

## Stefnt að sambærilegum mótum í öðrum landshlutum

Tæplega 70 þátttakendur skráðu sig til leiks og sjö þátttakendur kynntu verkefni sín fyrir dómnefnd. Um



helmingur þátttakenda voru af Norðurlandi og þar af átta búsettir á Norðurlandi vestra. Alls komu um 50 manns að lausnamótinu á einn eða annan hátt sem fyrirlesarar, mentorar eða dómárar.

Markmið lausnamótsins var að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum viðskiptatækifærum og verkefnum, ásamt því að vekja athygli

á því öflugra frumkvöðlasamfélagi sem er á Norðurlandi.

Áður hefur sams konar lausnamót verið haldið á Suðurlandi, Hacking Suðurland, þar sem verkefni um frumræktun ávaxta bar sigur úr býtum.

Stefnan er sett á fleiri sambærileg lausnamót í öðrum landshlutum.

/smh



## SAMFÉLAGSVERKEFNI

# Viltu aðstoð frá góðum granna?

Unga fólkíð í verkefninu [Margar hendur vinna létt verk](#) vill aðstoða ykkur í sumar.

Við hjá Landsvirkjun höfum árum saman starfrækt sumarvinnuflokka sem sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis. Jafnframt taka flokkarnir að sér ýmis samstarfsverkefni með nágrönum okkar vítt og breitt um landið.

Við bjóðum fram vinnu samarvinnuhópa og verkstjórn í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí og má nálgast umsókn og allar nánari upplýsingar á [landsvirkjun.is](#).

Hafðu samband ef þú ert nágranni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.

**Landsvirkjun**

# Smíði að hefjast á risakúnni Eddu í Eyjafjarðarsveit

– Stefnt að því að safna 5 milljónum króna til að standa straum af kostnaði

Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar hefur sett af stað söfnun til að standa straum af kostnaði við smíði á risakú sem Beate Stormo, eldsmiður í Kristnesi, ætlar að smíða á næstu mánuðum. Markmiðið er að safna 5 milljónum króna, en ýmislegt fleira þarf að borga en bara smíðina, frágang og fleira.

María Pálsdóttir, sem sæti á í stjórn Ferðamálafélags Eyjafjarðarsveitar, segir að innan félagsins gæli menn einnig við að gera heimildamynd samhliða smíði og uppsetningu listaverksins, sem á að vera nýtt kennileiti í Eyjafjarðarsveit. Kýrin hefur hlotið nafnið Edda og verður engin smásmíði, 3 metra há og 5 metrar á lengd.

## Krafthamar frá Kína

Hönnun er að fullu lokið og framundan krefjandi smíði. Beate bíður



Beate Stormo, eldsmiður í Kristnesi, hefst senn handa við að smíða kú sem verður 3 metrar á hæð og 5 metrar á lengd. Hér heldur hún á mólum af kúnni. Mynd / MPP

nú eftir krafthamri sem hún pantaði frá Kína sem nauðsynlegur er til

að smíða svo stórt listaverk. Kýrin verður að mestu leyti hol að innan, en 13 járnborðar eru eftir henni og á þeim textabrot héðan og þaðan sem tengjast kúm. Blóm sem prýða hliðar hennar vísa í víravirkið á íslenska upphlutnum.

María segir tilvalið að hvetja kúabændur til að leggja söfnuninni lið, „og bara alla sem vettlingi geta valdið og vilja eiga hlut í Eddu að taka þátt í þessu með okkur.“ segir hún. „Kýrin verður minnisvarði um allar gæðakýr þessa lands.“ Um fimmtungur allrar mjólkur sem framleidd er hér á landi er framleidd í Eyjafirði, rúmlega 30 milljón lítrar á ári. /MPP

Viltu vera með í að gera risakúna Eddu að veruleika?

Hjálpaðu okkur að "hala" Inn 5 milljónir  
Þitt framlag skiptir máli

Reikningur Eddu;  
0302-22-2359 kt. 430214-0630

437.000  
Uppfært 21. apríl



**LÍF & STARF**



Á fyrsta stjórnarfundinum var skálað fyrir góðri framtíð Njálurefilsins, eins og sést á myndinni. Gunnhildur er lengst til hægri, þá Lilja og Anton og loks Þuríður Vala. Mynd / MHH

## Njálurefillinn á Hvolsvelli hefur fengið sitt eigið félag

Nýlega var skrifað undir samþykktir fyrir „Sjálfsseignarstofnunina Njálurefill ses“ og hún þar með stofnuð.

Í stjórninni eru þau Gunnhildur E. Kristjánsdóttir, formaður, f.h. Njálurefilsins, Lilja Einarsdóttir, gjaldkeri og ritari, f.h. Rangárþings eystra, Anton Kári Halldórsson, f.h. Rangárþings eystra og Þuríður Vala Ólafsdóttir, f.h. Hollvínafélags Njálurefilsins.

„Tilgangurinn með að setja þessa sjálfsseignarstofnun á laggirnar er að varðveita, viðhalda og standa fyrir sýningu á Njálureflinum sem sýnir Brennu-Njálssögu handsaumaða með refilsaum í 90 m langan hörðúk. Með varðveislu og sýningu Njálurefils er það markmið stofnunarinnar að standa vörð um menningarlegt og sögulegt gildi Brennu-Njálssögu, efla og varðveita hið forna listform refilsaum og standa fyrir kynningu og miðlun þekkingar á Brennu-Njálssögu og refilsaum,“ segir Gunnhildur um leið og hún bætir því við að það sé mikil gleði að

loksins sé búið að stofna félagið og á fyrsta stjórnarfundinum var skálað fyrir góðri framtíð Njálurefilsins,

eins og sést á myndinni. Gunnhildur er lengst til hægri, þá Lilja og Anton og loks Þuríður Vala. /MHH



Á myndinni eru þau Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Árni Sverrisson, formaður stjórnar Alzheimersamtakanna, eftir að þau höfðu undirritað samstarfsfyrirlýsinguna í Bæjarbíói.

## Hafnarfjörður: Styðjandi samfélag fyrir fólk með heilabilun

Hafnarfjarðarbær og Alzheimersamtökin skrifuðu nýlega undir samstarfsfyrirlýsingu um innleiðingu á samfélagi sem er vinveitt, styðjandi og meðvitað um þarfir fólks með heilabilun og aðstandendur þeirra.

Þannig mun Hafnarfjarðarbær, með faglegri aðstoð og öflugum stuðningi Alzheimersamtakanna, markvisst varða leið þeirra sem eru með heilabilun með því að ýta undir vitund og þekkingu hvort tveggja starfsfólks og fbúa sveitarfélagsins. Aukin vitund allra ýtir undir vellíðan og öryggi þessa viðkvæma hóps en talið er að 4.000-5.000 einstaklingar búi við heilabilunarsjúkdóma á Íslandi, þar af u.þ.b. 250 manns undir 65 ára aldri. Búast má við verulegri fjölgun samhliða hækkandi aldri þjóðarinnar. Á myndinni eru þau Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Árni Sverrisson, formaður stjórnar Alzheimersamtakanna, eftir að þau höfðu undirritað samstarfsfyrirlýsinguna í Bæjarbíói.

/MHH

## Lely Center Ísland


### GRAFAGRINDUR GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



## MS er stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Á Íslandi eru starfræktar 93 björgunarsveitir og 37 slysavarnadeildir sem búa yfir nauðsynlegum búnaði til björgunarstarfa. Bakverðir styðja við starf björgunarsveita með mánaðarlegum stuðningi og tryggja að vel þjálfað björgunarsveitarfólk sé ávallt reiðubúið þegar á þarf að halda.



Hjálpaðu okkur að bjarga mannlífum. Vertu bakvörður björgunarsveitanna.

Landsbjorg.is



Bændablaðið  
Kemur næst út  
**12. maí**

Pórhildur Laufey Sigurðardóttir er bókmenntafræðingur og grafískur hönnuður:

# Þróun vörumerkis er langhlaup

Erla Hjördís  
Gunnarsdóttir  
ehg@bondi.is



Pórhildur Laufey Sigurðardóttir er bókmenntafræðingur og grafískur hönnuður og starfar við að aðstoða fyrirtæki í vörumerkjaþróun og heildarímynd undir merkjum fyrirtækis síns, Kúper Blakk. Hún segir mikilvægt að fólk átti sig á því hvaða sögu það vilji segja og að margt sé hægt að gera í dag fyrir lítinn pening. Lykillinn sé alltaf að fólk hafi trú á því sem það er að gera, því þá verði eftirleikurinn svo auðveldur.

„Ég nýti reynslu mína úr bókmenntafræðinni og hönnunargeiranum við að leiðbeina smáum og stórum fyrirtækjum ásamt einyrkjum við hvað þurfi að hafa í huga þegar vörumerki eru byggð upp. Það er að mörgu að huga í þessum efnunum og á þessum sjálfbærar tímum sem við lifum á, árið 2021, þá getur fólk í rauninni gert margt sjálft þegar kemur að þessu.“ útskýrir Pórhildur, sem stofnaði Kúper Blakk upprunalega þegar hún var búsett á Egilsstöðum fyrir 15 árum.

## Fjölbreyttur og góður skóli

Eftir nám í grafískri hönnun í Kaupmannahöfn flutti Pórhildur heim með fjölskylduna, fyrst um sinn til Egilsstaða þar sem maður hennar, Gunnar Örn Guðmundsson, fékk starf hjá Alcoa á Reyðarfirði, en síðar fluttu þau í Kópavoginn þar sem þau eru búsett enn.

„Það var í rauninni lítið að gera fyrir mig á Egilsstöðum þannig að ég ákvað að stofna mitt eigið fyrirtæki árið 2007. Við vorum með þrjú lítil börn og ég tiltölulega nýskriðin úr fæðingarorlofi og námi, þannig að það var ekki mikið fyrir grafíska hönnuði og bókmenntafræðinga að gera á Austurlandi,“ segir Pórhildur og bætir við:

„Síðan leið á og ég fékk fjölbreytt verkefni upp í hendurnar fyrir austan, þau fyrstu fyrir Alcoa. Síðan, eins og gerist, þá er auðveldara að vera í smærri stæðum ef maður er duglegur og ef maður nær að sanna sig þá spyrst það út. Þetta var góður skóli og eitt og annað að finna úr enda var þetta fjölbreytt, allt frá því að búa til vörumerki og merki yfir í bæklinga og að skapa heildarsýn, eins og til dæmis fyrir Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.“

## Allir dagar stórmerkilegir


Pórhildur segir þau síðan hafa tekið þá ákvörðun korter í hrun að flytja í bæinn og þá hófst ný vegferð í að sanna sig á ný.

„Þarna var ég í rauninni að reyna að halda mínum eigin rekstri gangandi á einhverjum tíma en það var erfitt. Fyrirtæki fóru á hausinn í kringum mig sem ég vann fyrir og þá tók ég ákvörðun að fara í mastersnám í bókmenntafræði. Það gaf mér rými til að skoða hvernig ég gæti nýtt mér bókmenntafræðina og grafíska hönnun, sem var góður tími,“ útskýrir Pórhildur og segir jafnframt:

„Ég fór að skoða auglýsingar og umbúðir og að greina hlutina hinum megin frá sem femínisti og menningarrýnir, það er ruslmenningar eins og ég kys að kalla það. Það er ekkert endilega tekið eftir því sem við grafískir hönnuðir erum að gera dagsdaglega eins og umbúðir, mjólkurfermur, bílaskilti og fleira. Ég fór að vinna hálfan dag hjá Myndstef og þá opnaði það fyrir mér að vera ekki hrædd við að fara



Pórhildur Laufey Sigurðardóttir er bókmenntafræðingur og grafískur hönnuður og starfar við að aðstoða fyrirtæki í vörumerkjaþróun og heildarímynd undir merkjum fyrirtækis síns, Kúper Blakk. Hún hélt erindi á dögnum fyrir Samtök smáframleiðenda sem var mjög áhugavert. Mynd / Camilla Ósk Hákonardóttir



Sterk vörumerki eru heilsteipt og með skýran tilgang, úr bókinni Designing Brand Identity eftir Alina Wheeler.

í allt aðrar áttir en ég ætlaði mér. Ég var búin að vera í grúskinu í náminu, með börnin og líka einyrki og langaði þá að fara á vinnustað þannig að ég var svo heppin að ég fékk vinnu sem yfirhönnuður hjá Íslandsbanka árið 2012. Þarna datt ég inn í markaðsteymið á þessum stóra vinnustað sem var mjög fjölbreytt og fjölmenn. Þetta var rosalega góður skóli því ég lærði allt um markaðsmál, innri markaðsmál og samskipti ásamt því hvernig það er að þjónusta alls konar starfsfólk. Það er svo gott að komast inn í gott mengi af flottu fólki varðandi tengslanet og fleira. Ég var eins og svampur og fannst allir dagar stórmerkilegir.“

## Úr banka í verslun og orkufyrirtæki

Eftir fimm ára reynslumikil og góð ár hætti Pórhildur hjá Íslandsbanka og fór yfir til Festis sem á og rekur meðal annars Krónuverslanirnar. Þar opnuðust nýjar og spennandi dyr.

„Ég fer í ótrúlega skemmtilegt verkefni með umbyltingu að sjónarmiði. Ég byrjaði sem hönnuður í markaðsteymi með yfirumsjón með

hef sterkar skoðanir á að við sem samfélag eigum að nýta betur alla þessa „hönnunarheila“ í samfélaginu í stefnumótandi ákvarðanir, þá gerast töfrar.“

## Vörumerki þarf að segja sína sögu

Eftir að hafa fyllt bakpokann af reynslu hjá banka, smásölu og orkufyrirtæki fann Pórhildur þá köllun hjá sér að hún yrði að endurvekja Kúper Blakk og gera hlutina aftur upp á eigin spýtur svo úr varð að hún byrjaði með það á afmælisdeginum sínum í fyrra, 21. október.

„Það er búið að vera ótrúlega mikill áhugi síðan ég byrjaði aftur með Kúper Blakk. Það að byggja upp vörumerki er langhlaup, rétt eins og stefnumótun og eða að umbreyta eða bylta einhverju. Fyrir utan þau ráðgjafar- og hönnunarverkefni sem ég geri fyrir hin ýmsu fyrirtæki stelst ég líka stundum til að búa til bækur. Það er mikil handavinna að búa til bókverk og ég hef takmarkaðan tíma í það en ég elska að búa til bækur og er þá í samstarfi við höfunda og útgáfufélög,“ segir Pórhildur og bætir við:

„Mér finnst mikilvægast að flakka á milli ólíkra heima og máta hvernig ólík reynsla geti nýst í ólíkum verkefnum. Sú þekking að búa til bækur nýtist til dæmis ótrúlega vel þegar byggja á upp vörumerki, af hverju ertu að segja þessa sögu og af hverju er hún merkileg? Þetta er grunnurinn sem ég er að nýta í mínu starfi. Í fyrirlesturum sem ég held er ég að sannfæra einyrkja ásamt smærri og stærri fyrirtæki um hversu mikilvægt sé að vörumerkið eigi heima í fyrirtækinu, það sé ekki úti í bæ hjá verktaða eða t.d. hjá einhverri auglýsingastofu. Það eru ákveðnar eignir sem fyrirtækið þarf að hafa hjá sér. Ekki endilega bara textar heldur líka hljóð og tal, ljósmyndir, hönnunarskjöl – því það

er alls konar sem endurspeglar í vörumerkinu.“

## Borgar sig að vinna heimavinnuna

„Ástríða mín er að aðstoða fyrirtæki að fá yfirsýn og öðlast vald yfir vörumerkinu sínu og geta þannig orðið sem mest sjálfbær. Eitt sem ég er oft spurð að og mér finnst mikil þörf á er hvaða leið fyrirtæki eigi að taka til að deila meiru frá sínum miðlum. Hvað þarf að hafa í huga við að byggja upp vörumerki? Það er margt sem maður getur gert sjálfur og það þarf ekki að gera eins og allir aðrir, heldur fyrst og fremst að vita hvað fyrirtækið ætlar að gera við sitt vörumerki. Öll fyrirtæki eru spottin upp úr þörfum sem það þarf að leysa, fyrirtæki þurfa t.d. ekkert endilega að vera með heimasíðu eða Facebook heldur það sem virkar fyrir hóp þess,“ útskýrir Pórhildur og segir jafnframt:

„Vörumerki er ekki fólk heldur byggt upp af fólki. En fólk kemur og fer og maður sér í stóru, flottu og stöðugu vörumerkjum eins og Apple, Coca Cola og Bónus að það geta í rauninni allir gengið út og nýtt fólk tekið við án þess að vörumerkið beri skaða af – því það er skýrt fyrir hvað þau standa og hvernig þau haga sér. Ég hvet alltaf alla til að gera heimavinnuna sem mest sjálfir, ef það er að fara að gera vöru eða eitthvað nýtt. Það er árið 2021 og það er mjög mikið sem fólk getur gert sjálft fyrir lítinn pening. Það þarf að vekja áhuga einhvers og þá vilja þeir vita meira. Ef þú hefur trú á því sem þú ert að gera þá er eftirleikurinn svo auðveldur og mun ódýrari en ella. Það er svo dýrt að vera alltaf að byrja upp á nýtt með autt blað. Það þarf alltaf að spyrja hvaða þarfir erum við að leysa, fyrir hverja og hvernig tala ég við þau. Vörumerki þurfa að þroskast og þróast í takt við tíðarandann rétt eins og allt annað.“

## Velferðarsjóður BÍ auglýsir eftir umsóknum

Allir félagsmenn Bændasamtaka Íslands teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um

► **Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss**

- Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur, aðkeypt þjónusta eða sambærileg útgjöld.

► **Styrki til forvarnarverkefna**

- Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

Nánari upplýsingar á [bondi.is](http://bondi.is) og umsóknareyðublað má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

Umsóknir skulu berast **fyrir 10. maí nk. með rekjanlegum bréfpósti (ábyrgðarbréf) merkt:**

Velferðarsjóður BÍ  
Bændasamtök Íslands  
Bændahöllinni við Hagatorg 1  
107 Reykjavík

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur vel og vanda umsóknir.

**RAFVER**  
Stofnað 1956

**KÄRCHER**

- Háþrýstidælur
- Ryksugur blautt & þurr
- Sópar

- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta



Skeifan 3, 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • [rafver.is](http://rafver.is) • [rafver@rafver.is](mailto:rafver@rafver.is)



**HLIÐGRINDUR  
& GIRÐINGAREFNI**



Hliðgrindur með og án nets  
**MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI Á FLOTTU VERÐI!**



**GIRÐINGAREFNI**

Túngirðinganet | Gaddavír | Vírlykkjur  
Girðingastaurar | Rafgirðingarefni

**LANDSTÓLPI**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
480 5610

[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
[landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)

K7000 Ring 27cm  
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél  
Hámark: 350mm



**Husqvarna**

FS400 LV  
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT  
Jarðvegsþjappa  
Þjöppuþyngd 97 kg  
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð  
og kjarnaborar



Husqvarna K770  
Sögunardýpt 12,5cm



**MHG  
VERSLUN**

**Allt fyrir  
atvinnumanninn**

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólf sagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / [mhg.is](http://mhg.is)

Sælureitur í sveit, frístundabyggð í Leifshúsum á Svalbarðsströnd:

# Góður staður til að gera ekki neitt

— Landskiki í boði til að rækta matjurtir, njóta friðar og útiveru

Margrét Þóra Þórsdóttir  
mth@bondi.is



Sælureitur í sveit er heiti á verkefni sem Stefán Tryggva- og Sigríðarson og Inga Margrét Árnadóttir, eigendur jarðarinnar Leifshúsa á Svalbarðsströnd, vinna að en það gengur út á að skipuleggja frístundabyggð á ríflega tveggja hektara stórrí landspíldu á jörðinni.

Spíldan er alls 2,1 hektari og var tekin úr landbúnaðarnotkun árið 2005. Hún liggur nyrst og vestast í landi jarðarinnar. Fyrirmyndin er m.a. sótt til Danmerkur þar sem hugmyndin kallast „kolonihave“. Gera þarf breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps sem og deiliskipulagi og hefur sveitarstjórn samþykkt að vísa skipulagslýsingu vegna breytinganna í kynningu. Stefnt er að því að fyrsta húsið rísi síðsumars eftir að skipulagsferli lýkur.

Stefán og Inga búa á Þórisstöðum og hafa rekið þar ferðapjónustu um árabíl, Hótel Natur, sem tekið var í gagnid fyrir 16 árum. Þau keyptu Leifshús fyrir 6 árum og hófu að byggja upp ferðapjónustu þar, breyttu fjósi í gistirými og eru þar nú 8 herbergi með 20 rúmum. Lengst af hafa þau rekið gistingu í Leifshúsum samhliða hótellekstrinum.

„Þegar ljóst var að ekki einasta síðasta sumar heldur trúlega komandi sumar einnig, verði ekki svipur hjá sjón miðað við fyrri ár, fórum við að huga að annarri tekjuöflun, frekar en að ganga bara á eignir,“ segir Stefán. Hann keypti stóra bandsög til að framleiða viðarskífur til klæðninga og flutti norður og í kjölfarið dustuðu þau hjónin rykið af gamalli hugmynd um að skipuleggja frístundabyggð á spíldu úr landi Leifshúsa.

## Hver lóð afhent með fullfrágengnu húsi

„Niðurstaðan hjá okkur eftir nokkrar vangaveltur var sú að bjóða upp á það sem í Danmörku er kallað kolonihave, landskika sem fólk getur nýtt til að rækja matjurtir og er með góða aðstöðu til að „hygge seg“ eins og Danirnir segja, njóta friðar og útiveru og geta jafnframt sofnið þar þegar hentar, t.d. þegar barnabörnin koma í heimsókn,“ segir Stefán. Landið sem um ræðir er annars vegar tún og hins vegar skógarreitir sem að hluta er óunnid land. Lækur sker svæðið, túnin eru norðan hans en skógarreitir og órákt sunnan megin.

Gert er ráð fyrir að allt að 12 slíkar lóðir verði í boði og hver og ein verði á bilinu 1000 til 1500 m<sup>2</sup>. Hver lóð verður afhent með fullfrágengnu húsi úr krosslímum einingum, á bilinu 20 til 40 fermetrar að grunnfleti með bröttu risi og svefnlofti. Húsin verða einangruð og klædd með lerkiskífum sem framleiddar verða á staðnum. Þannig að umhverfisvænna verður það vart. Í hverju húsi verður rafmagn, heitt og kalt vatn og snyrting. Vegtenging verður einnig frágengin að svæðinu og þar verður sameiginlegt aðstöðuhús þar sem hægt verður að geyma bæði tól og tæki sem og uppskeru.

## Sérstaðan felst í kyrrð og friði

„Forsenda hugmyndarinnar er að aðstaða af þessu tagi sé í kallfæri við heimili viðkomandi, þannig að það taki innan við klukkutíma að hjóla á staðinn frá heimilinu eða innan við stundarfjórðung að aka,“ segir



Stefán Tryggva- og Sigríðarson og Inga Margrét Árnadóttir á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd. Þau keyptu Leifshús fyrir nokkrum árum og hafa byggt þar upp gistingu. Nú ætla þau að taka hluta af Leifshúsajörðinni undir frístundabyggð fyrir fólk sem sækist helst eftir rögleikum. Gert er ráð fyrir að fyrsta húsið rísi síðsumars.

Myndir / MPP



Leifshús. Þau Stefán og Inga Margrét keyptu Leifshús fyrir 6 árum og hófu að byggja upp ferðapjónustu þar, breyttu fjósi í gistirými og eru þar nú 8 herbergi með 20 rúmum.



Svæðið er ekki síst hugsað fyrir eldra fólk sem farið er að minnka við sig launavinnu og vill njóta náttúrunnar við ræktun, lestur, hannyrðir, gönguferðir og síðast en ekki síst að gera ekki neitt annað en hlusta á lækjarnið og eða fuglasöng. Svæðið er hér að baki Stefáni, en einhver myndi segja að útsýnið væri milljón dollara virði.



Fyrir þá sem ekki hafa tök á að skoða eldgosid á Reykjanesi – Þessi fina viðarspýta er til sýnis hjá Stefáni á Þórisstöðum.



Stefán keypti stóra bandsög til að framleiða viðarskífur til klæðninga, en þær verða notaðar til að klæða húsin sem reist verða á landi Leifshúsa.

Stefán. Margt segir hann vissulega líkt með þessu svæði og öðrum frístundabyggðum, en ýmiss konar sérstöðu megi þó nefna. Fyrir utan glæsilegt útsýni út Eyjafjörð, þar sem Kaldbak ber hvað hæst, eru góðar gönguleiðir á svæðinu, niður í fjöru og upp á Vaðlaheiði. Þá er landið frjósamt og veit vel að sólu, jarðvegurinn að mestu frjósöm mó-mold, rúmur metri á þykkt og undir ísaldarröðingur svo sem víðar er á Svalbarðsströnd.

„Sérstaðan hér felst þó fyrst og fremst í kyrrð og friði sem við viljum tryggja okkar gestum. Við gerum ekki ráð fyrir að bílum sé ekið að húsunum og þá verður aðeins heimilt að útbúa ræktunarbed á svæðinu og tilheyrandi skjól, en ekki aðrar byggingar en þær sem fylgja með frá upphafi. Með því móti viljum við tryggja að ónæði verði sem minnst, gestagangur í lágmarki og almennt að kyrrð og friður ríki í því náttúrulega umhverfi sem lækjarnið og fuglasöngur bjóða upp á,“ segir Stefán. Þær kvaðir sem fylgja gera hverfið heilsteyp og heillandi og er mikið lagt upp úr því.

## Hugsað fyrir þá sem vilja njóta en ekki neyta út í eitt

Hann segir að svæðið sé ekki síst hugsað fyrir eldra fólk sem farið er

að minnka við sig launavinnu og vill njóta náttúrunnar við ræktun, lestur, hannyrðir, gönguferðir, „og síðast en ekki síst að gera ekki neitt,“ segir Stefán.

„Þetta svæði er sannarlega ekki hugsað fyrir þá sem sífellt vilja vera á ferðinni hvort heldur sem er með bjórkassa og rauðvínsbelju allar helgar í sumarbústað eða í 15 milljóna króna húsbíl á akstri þvert og endilangt um landið, eða helst allan heiminn. Við erum að hugsa svæðið fyrir þá því miður örfáu sem vilja leggja eitthvað af mörku- um í baráttunni við loftslagsvána og njóta en ekki neyta út í eitt. Fyrir þá er þetta tækifæri til að tryggja sér afnotarétt til dvalar í sælureit í sveit næstu áratugi fyrir svipað verð og 10 ára fjárfesting í húsbíl kostar,“ segir Stefán.


Hann bætir við að þau hjónin geri sér grein fyrir að hugmyndin sé nýstárleg og þau væru vel sátta ef þau myndu eina fjölskyldu á þriggja ára fresti, í því 20 þúsund manna samfélagi sem Akureyri er, sem sæju mögulega kostina við að nýta þá aðstöðu sem í boði verður í Leifshúsum.

„Hér á bæ eru til staðar öll tæki og tól til að þjónusta „ábúendur“ varðandi ræktunina, en okkar ávinningur felst einkum í eigin vinnu við að útbúa svæðið og reisa húsin.“

# Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

**Lopidraumur.is**

Frí heimsending innanlands



Þorbjörg Ásbjörnsdóttir bóndi á Lynghóli í Skriðdal:

# Í startholum með að framleiða skyr og gríska jógúrt úr geitamjólk

Margrét Þóra Þórsdóttir  
mth@bondi.is



„Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt. Ég fann það strax og ég byrjaði að fást við að búa til vörur úr geitamjólk að það ætti mjög vel við mig,“ segir Þorbjörg Ásbjörnsdóttir, bóndi á Lynghóli í Skriðdal. Hún er þroskarpjálfi að mennt og NLP markþjálfari einnig.

Þorbjörg hefur undanfarin ár búið til salatost, sem heitir Moli, og fleira úr geitamjólk en hyggst auka við framboðið og ætlar í sumar að framleiða gríska jógúrt og skyr. Þá stendur til að koma upp vinnsluádstöðu heima við bæinn og verður unnið við það í haust og fram eftir næsta vetri. Á Lynghóli eru um 30 geitur og ætlunin að fjölga í hópnum eftir því sem framleiðslan vex.

Þorbjörg er Húnavetningur, ólst upp á Auðkúlu í Húnavatnshreppi en flutti 16 ára að heiman til að vinna og stunda framhaldsnám. Hún er búfræðingur frá Hvanneyri en á meðan hún dvaldi þar við nám kynntist hún eiginmanni sínum, Guðna Þórðarsyni frá Syðstu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi, sem þar var einnig í búfræðinámi. Þau settust þar að eftir skólann. Enginn búskapur var á jörðinni á þeim tíma og stunduðu þau vinnu utan bús í fyrstu.

Byrjuðu þau á að stunda alls kyns störf utan bús, m.a. í fiskvinnu sem þau sóttu víða um Snæfellsnes. Þau reyndu fyrir sér með kálfaeldi sem aldrei varð þó mjög gæfulegt að sögn Þorbjargar, illa fór að ára í þeirri grein, löng bið var jafnan eftir slátrun og svo kom gríðarlegt verðfall sem gerði að verkum að fótunum var kippt undan þeim búskap.

## Hross og ungmenni eiga vel saman

„Við settum þá á fót tamingastöð og hún gekk glimrandi vel,“ segir Þorbjörg, en einnig tóku þau börn og ungmenni í fóstur, byrjuðu á því árið 1995 og hafa á þeim rúma



Þorbjörg Ásbjörnsdóttir, bóndi á Lynghóli í Skriðdal, hefur verið að fíkra sig áfram í vinnslu á geitamjólk og hyggst í sumar hefja framleiðslu á skyri og grískri jógúrt úr þeirri afurð. Um 30 geitur eru á bænum og stendur til að fjölga í hópnum.

Myndir / Þorbjörg Ásbjörnsdóttir og Lára Guðnadóttir

aldarfjórðungi sem liðinn er dvalið hjá þeim um lengri eða skemmri tíma yfir 50 börn. Þau eiga eina dóttur, Láru, en telja nokkur af fósturbörnunum til sinna barna enda samskiptin mikil og þau sinna afa- og ömmuskyldum við börn þeirra.

Þorbjörg segir það fara einkar vel saman að vera með hross og ungmenni, krakkarnir hefðu næg verkefni í kringum hestana allan daginn og hefðu flest yndi af því að hugsa um þá og fara í útreiðartúra.



Lára Guðnadóttir.

„Það eru alltaf næg verkefni í kringum hestana, alls konar verk sem þarf að sinna og það hélt krökk-



Guðni Þórðarson er upprunninn frá Syðstu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi.

unum uppteknum heilu dagana, en eins eru líka margar og flottar reiðleiðir á þessu svæði. Þannig að þetta smellpassaði alveg saman,“ segir hún.

## Austfirðingar tekið okkur fáránlega vel

Þorbjörg og Guðni höfðu alltaf nokkrar kindur og langaði að hefja sauðfjárbúskap en jörðin hentaði ekki fyrir slíkan búskap.

„Við hefðum getað sett á fót kúabú þar en áhugi húsbóndans lá ekki þar, þannig að við höfðum um

skeið verið að skima eftir hentugri jörð fyrir sauðfjárbúskap,“ segir Þorbjörg.

Snemma árs 1999 sáu þau auglýsta jörðina Lynghól í Skriðdal og gerðu sér ferð frá Snæfellsnesi og þvert yfir landið. Komu þar um miðjan mars og allt á kafi í snjó.

„Við sáum örugglega ekki alveg hvernig landið lá en gerðum tilboð og því var tekið. Þetta gekk allt frekar hratt fyrir sig og við vorum tekin við 300 kinda búi í byrjun maí. Guðni fór þá beint austur í sauðburð og ég sá um sauðburðinn á Syðstu-Görðum en flutti svo austur að honum loknum,“ segir Þorbjörg og bætir við að þeim hafi alla tíð liðið vel fyrir austan þó engar eigi þau rætur þangað og hafi ekki þekkt nokkurn mann þegar þau komu.

„Austfirðingar hafa í raun tekið okkur fáránlega vel, það er virkilega gott að búa hér og aldrei hvarflað að okkur að fara neitt annað.“


Þorbjörg og Guðni hófu að byggja upp sauðfjárbúðið, stækkuðu fljótt við sig og voru innan fárra ára komin með um 450 kindur. Árið 2011 reistu þau stórt stálgrindarhús á jörðinni og höfðu þá aðstöðu til að vera með um 700 kindur þegar mest var. Undanfarin ár hefur fækkað í bústofninum og eru nú um 400 kindur á búinu.

## Geitur í fyrstu sem gæludýr

Geitabúskapurinn á Lynghóli hófst árið 2014 þegar mæðgurnar ákváðu að fá sér örfáar geitur til að hafa sem eins konar gæludýr. Þær fengu 3 huðnur frá Móðrudal á Fjöllum og hafur frá Fjallalækjarseli í Þistilfirði. Hópurinn hefur vaxið og eru nú um 30 huðnur í hópnum, 18 sem bera og 12 veturgamlar. „Geitur eru óskaplega skemmtileg dýr og gaman að umgangast þær,“



Þorbjörg og Lára, dóttir hennar, fengu sér fyrst geitur árið 2014 og þá sem gæludýr.



Geithafurinn Fjalli á rætur sínar að rekja að Fjallalækjarseli í Þistilfirði. Hann hefur búið á Lynghóli frá árinu 2014 þegar þangað komu fyrst geitur. Þó aldurinn hafi færst yfir er hann ansi lipur og æfir fimi sína með því að hoppa um uppi á heyrúllu-stæðunni.



segir Þorbjörg. Ekki leið langur tími frá því geiturnar komu á bæinn þar til þau fóru að hugleiða hvort ekki mætti nýta eitthvað frá þeim.

„Það er mjög ríkt í okkur bændum að finna möguleika til að nýta alla hluti,“ segir hún.

#### Margir miðluðu þekkingu

Þorbjörg hafði samband við Jóhönnu á Háfelli sem er manna fróðust um geitur og fékk góð ráð en einnig leitaði hún ráða hjá gömlum skólabróður sínum, Þorgrími á Erpsstöðum, sem var meira en fús til að liðsinna henni fyrstu skrefin. Úr varð að hún brunaði vestur á Erpsstaði með geitamjólk í farteskinu og þau hófu tilraunastarfsemi sína þar.

„Ég fann strax þá að þetta átti vel við mig, mér fannst þetta áhugavert og skemmtilegt og þarna má segja að boltinn hafi farið að rúlla,“ segir hún.

Fleiri lögðu fram aðstoð og miðluðu af þekkingu sinni, m.a. Þórarinn Egill Sveinsson mjólkurverkfræðingur en ekki er komið að tómun kofunum hjá honum þegar ostagerð er annars vegar. Eftir að hafa aflað sér þekkingar og prófað sig áfram varð til fullunnin vara, salatostur sem kallaður er Moli. Hann hefur verið í framleiðslu á Lynghóli undanfarin misseri og líkar vel.

#### Aukavinna við smökkun

Þorbjörg segir að Guðni hafi verið í eins konar aukavinnu við að smakka allan tilraunavarnið sem hún hefur framleitt undanfarin misseri.

„Hann hefur verið í því að borða það sem ég bý til og segja hvað honum finnst. Ég tek auðvitað mark á hans ráðleggingum,“ segir hún. Vinir og ættingjar hafa einnig samviskusamlega verið notaðir í smökkun og álitgjöf og segir Þorbjörg frábært hversu fúsir allir hafi verið í að taka þátt í að bragða á misgöðum tilraunum sínum.



Hér er verið að búa til skyr úr geitamjólk en framleiðsla á því hefst af krafti í sumar. Eins verður búið til grísk jógúrt úr geitamjólkinni.



Ostur í krukku. Vel hefur gengið með ostinn þó hann sé til þess að gera nýlega kominn í sölu og kunna viðskiptavinir vel að meta hann.



Salatosturinn Moli sem unninn er úr geitamjólk líkar vel og nýtur vinsælda.



Geitur er skemmtilegar, gæfar og fjörugar og gefa eigendum sínum mikið. En afurðirnar má einnig nýta svo sem raunin er orðin á Lynghóli.

„Það er svo skemmtilegt við ostagerð að mistök verða oft til þess að það fæðist ný afurð. Það var það fyrsta sem Þorgrímur kenndi mér. Ef eitthvað klúðrast, skoðuðu þá hvað þú getur gert við það,“ sagði hann. Langoftast verður til ný tegund af osti, stundum ost sem verður bara til í eitt skipti því oft áttar maður sig ekki á hvað gerðist og nær ekki að gera sama hlutinn á ný. En það sem er langskemmtilegast í þessu öllu er að fjölbreytnin er svo mikil,“ segir Þorbjörg.

Nefnir hún að einmitt það hafi gerst þegar hún var að prófa sig áfram í skyrgerðinni.

„Ég stóð allt í einu uppi með afurð sem var ansi lík grískri jógúrt og smakkaðist rosalega vel. Mín heppni í það skiptið var að ég vissi hvað ég hafði gert og gat því gert það aftur.“

#### Koma sér upp aðstöðu heima

Síðastliðið haust fengust leyfi bæði frá Matvælastofnun og heilbrigðiseftirliti til að nýta geitamjólkina og framleiða úr henni varning til sölu. Þorbjörg hefur unnið vörur sínar í vottuðu eldhúsi í félagsheimilinu Arnhólssstöðum. Hún segir mjög gott að komast þar að, en hefur nú hug á að setja upp eigin aðstöðu heima á bæ. Segir að líklegast sé að keyptir verði tveir gámar og felldir saman í eitt hús. Aðstöðu til að vinna ost, skyr og jógúrt úr geitamjólk verði komið fyrir þar.

„Við erum að leggja drög að þessu núna og planið er að byrja á að vinna við undirlagið, lagnir og þess háttar núna á haustdögum og fram á vetur og setja gámana upp þegar fer að vora, í mars apríl á næsta ári. Mitt markmið er að vinna við þetta sjálf og skapa mér vinnu. Það er ekki stefnan að vera með starfsfólk í þessu, ég vil að þetta sé handverksvara sem ég framleiði. Þannig að ég mun bara framleiða það magn sem ég kemst yfir sjálf,“ segir Þorbjörg.

#### Gaman að þróa eitthvað nýtt

Vel hefur gengið með ostinn þó hann sé til þess að gera nýlega kominn í sölu og kunna viðskiptavinir vel að meta hann.

„Það selst alltaf allt upp á augabragði,“ segir hún.

Síðustu mánuði hefur Þorbjörg verið að þróa fleiri vörur, skyr og gríska jógúrt, og segir að þegar hún fær nýja mjólk í sumarbyrjun verði hafist handa við framleiðsluna.

„Það er alltaf gaman að þróa nýjungar, þetta hefur verið skemmtilegt ferli og kennt mér m.a. að það verður að nota nýja mjólk en ekki frysta til að búa þessar vörur til, þannig að nú er bara að bíða fram í júní og bretta svo upp ermarnar.“

Þorbjörg er í samstarfi við hóteldara á Hótel Blábjörg á Borgarfirði eystra sem ætla að nota vörur frá henni á sínum matseðli. Ostinn m.a. á nýjung sem nefnist kartöflupítsa svo dæmi sé nefnt.

# KVH



Þú færð hágæða girðingæfni frá Hampton Steel hjá okkur.

BÚVÖRUVERSLUN KVH



Kaupfélag Vestur Húnvetninga  
Strandgata 1, 530 Hvamstangi

S: 455 2326  
www.kvh.is

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300



# YAMAHA

ÁREIDANLEIKI  
KRAFTUR GÆÐI



## Kraftur & öryggi fleytir þér langt

YAMAHA utanborðsmótorar hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður bæði á sjó og vötnum.

2  
ÁRA  
ÁBYRGÐ

Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími: 540 4900 • yamaha.is

# Mikil gróska í félagsstarfi ullarvinnsluhópa og ýmis tækifæri eru í nýtingu hráefnisins

Á dögunum var haldinn fyrsti Evrópski ullardagurinn. Ísland tók þátt í viðburðinum og safnaðist fólk saman í smærri og stærri hópum til að upplifa viðburðinn í beinu streymi frá Róm, þaðan sem útsendingunni var stjórnað.

Allnokkrir aðilar, einstaklingar og hópar, vinna markvisst að ullarvinnslu í stórum og smáum stíl á Íslandi og gjarnan í félagsskap sem myndaður er utan um áhugamálið. Hér á eftir fer um fjöllum um nokkra þá sem tóku beinan þátt í Evrópska ullardeginum auk annarra sem héldu hann hátíðlegan og eru virkir í ullarvinnslu með einum eða öðrum hætti.

## Spunasystur – Rangárvallasýsla

Spunasystur er hópur kvenna í Rangárvallasýslu. Saga þeirra hófst þegar nokkrar vinkonur tóku sig saman og fóru á námskeið til að læra að spinna. Þær hittust reglulega til að æfa sig og vinna saman að þessu nýja áhugamáli og fljótlega bættust fleiri í hópinn sem höfðu sama brennandi áhugann á spuna og gömlu handverki.

### Sextán Spunasystur

Í dag eru Spunasystur 16 talsins og hittast hálfsmánaðarlega yfir veturinn og skiptir þá engu hvernig veðrið er, það stoppar þær ekkert við að koma saman. Hver og ein mætir með sinn rokk, kembivél eða bara þrjóna ef þeim sýnist svo. Þær eiga flestar kindur og því eru þær mikið að vinna sína eigin ull. Það gefur spunanum annan blæ þegar verið er að vinna með eigin ull því þá er nákvæmlega vitað hvaðan hráefnið er og hvað þær eru með í höndunum, auk þess sem þekking á hráefninu eykst og hægt að færa hana yfir í ræktunarstarfið og þannig efla þá eiginleika sem hverjum og einum þykir eftirsóknarverður.

Þær hafa farið á ýmiss konar námskeið í alls konar spuna bæði hér á landi og erlendis og fengið til sín kennara víðs vegar að úr heiminum. Það má því segja að



Spunasystur hittast hálfsmánaðarlega og láta ekki óblítt veður stoppa sig.

í hópi Spunasystra sé orðin til margþætt þekking á margs konar spuna og meðferð ullar og öðru hráefni sem má spinna úr. En þær láta spunann ekki einan nægja, heldur eru þær líka að lita, bæði með jurtum og öðrum efnum. Þær gera sápur, vefa, þæfa, flétta úr hrosshárum og súta gærur og skinn.

Áhrif af vinnu Spunasystra gætir orðið víða í Rangárvallasýslu og þá sérstaklega í Rangárvíngi ytra og Ásahreppi. Þær má orðið finna þó nokkrar vinnustofur þar sem unnið er með ull, vefstofu, sútunarverkstæði og spunaverksmiðju. Og sauðfjárnætur horfa til þeirra í sinni ræktun og hafa bætt við litaflóruna í sínu fjárhúsi.

Því má segja að ull og ræktun hennar hafi náð æði miklum framförum síðan þær byrjuðu með sitt starf, því þekking á ullargæðum eykst þegar unnið er með ullina alla leið frá ræktun lambsins til fullunninnar peysu.

Margar af Spunasysturum eru farnar að rækta feldfé og hafa unnið bæði



Lopapeysur eru aðalsöluvaran í Þingborg.

ull og gærur af þeim, en þar á meðal er einnig lögð áhersla á að rækta ull í fjölbreyttum litum og með háraggerð sem hentar í ólík verkefni.

## Handraðinn – Eyjafjörður

Handraðinn er hópur fólks í Eyjafirði sem í upphafi kom saman til að að sauma eða gera upp þjóðbúninga undir leiðsögn. Það kveikti áhuga fyrir þjóðlegum hefðum og hópurnir fóru að sinna ýmsum tegundum handverks um leið og hópurnir stækkaði.

Einkenni Handraðans eru að leita þekkingar um horfna starfs-hætti og miðla henni áfram, taka þátt í starfsdögum safna og menningartengdum viðburðum, að halda fræðslufundi og vera með námskeið til dæmis í spuna, vefnaði, tólgarsápuverð, útsaumi, skyngerð, knipli og ýmislegt fleira að ógleymdum þjóðbúningasáumi sem er alltaf fullbókaður.

Heimili Handraðans er í gamla Húsmæðraskólanum á Laugalandi í Eyjafirði.

Stofnfundur var haldinn fimmtudaginn 22. nóvember 2001 og hét félagsskapurinn þá Laufáshópurinn.

Stofnfélagar árið 2001 voru tæplega 30, nokkrum árum seinna var nafni félagsins breytt í Handraðann með nokkra undirhópa.

Það geta allir gerst félagar og eru þeir núna um 190, en ekki nema um 50 virkir.

### Tveir undirhópar Handraðans

Handraðinn er með tvo fasta daga í mánuði fyrir fundi og undirhópar í félaginu eru líka með einn til tvo fasta fundardaga í mánuði

Undirhópar, eða hópar innan félagsins, eru:

- Laufáshópur, sem er með starfsdaga í Laufási nokkrum sinnum á ári í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. Það fólk hefur saumað sér fatnað til að skarta þessa daga og eru það búningar frá um 1900-1930.
- Gásahópur/miðaldahópur hefur líka saumað sér búninga tengda tímabili Gásakaupstaðar og hafa verið í búðum þar eina helgi að sumri.

Báðir þessir hópar eru líka með ýmsa muni tengda þessum tímum og hafa verið með sýningar á Handverkshátíðinni á Hrafnagili.

Spunahópur hittist nokkrum sinnum í mánuði og spinnur saman og á Laugalandi er aðgangur að vefstól/stólum til að vefa þjóðbúningasvuntur eða Brekán svo eitthvað sé nefnt.

## Þingborg – Árnessýsla

Þingborgarullin er sérvalin úrvals lambsull.

Ullarvinnslan Þingborg rekur sögu sína aftur til ársins 1990, er hópur kvenna á Suðurlandi sótti þar námskeið í ullariðn, undir stjórn Helgu Thoroddsen vefjarefnafræðings og Hildar Hákonardóttur veflistakonu. Kennd voru bæði gömul og ný vinnubrögð við ullarvinnslu og almenn fræðsla um eiginleika ullar og vinnslu hennar.

Fljótlega kom upp hugmynd að verslun með ullarvörur og innan árs frá því fyrsta námskeiðið var haldið opnaði námskeiðshópurinn verslun í gamla samkomuhúsinu í Þingborg í gamla Hraungerðishreppi, nú Flóahreppi, og stofnað var samvinnufélag utan um hópinn og reksturinn og voru stofnfélagar 35.

Fyrstu árin skiptu Þingborgarkonur með sér verkum í versluninni á sumrin, en hún var eingöngu opin yfir sumarmánuðina. Síðan hafa einstakar konur innan hópsins tekið að sér að reka verslunina og stundum tvær saman. Verslunin var lengi rekin á kennitölu samvinnufélagsins en frá 1. janúar 2019 hefur hún verið rekin sem einkahlutafélag einnar í hópnum. Auk þess er starfskraftur í 60 prósent hlutastarfi og því hefur ræst sú sýn sem lagt var upp með, að skapa atvinnu fyrir konur á svæðinu.

Verslunin tekur ullarvörur í umboðssölu og eins er keypt inn nokkuð af vörum til að selja. Allar þrjónavörurnar í versluninni eru úr Þingborgarlopna en hann er sérunninn fyrir Þingborg á Ístex og svo hefur verið allt frá árinu 1992. Þingborgarkonur fara í Þvottastöð Ístex á Blönduósi einu sinni á ári og velja lambsull sem svo er þvegin á Blönduósi og kembd hjá Ístex í Mosfellsbæ. Einnig er þvegin ull og kembd í kembivélinni okkar í Þingborg, bæði til sölu í versluninni og í verkstöku.

Lopapeysur eru aðal söluvaran í Þingborg. Konur í hópnum sem og þær sem leggja inn peysur hanna sín eigin mynstur og þannig verður til mjög fjölbreytt flóra af lopapeysum. Einnig er mikið úrval af lituðu bandi og lopa, Þingborgarlopinn er eftirsóttur af þrjónafólki.

Á fimmtudögum hittast Þingborgarkonur og bera saman bækur sínar. Oft er gestkvæmt þessa daga, áhugafólk leitar í þekkingarsmiðjuna og öll förum við glöð heim.



Hópur úr Handraðanum þrjónar saman á Evrópska ullardeginum.







Lopi í framleiðslu hjá Ístex.

bæði Íslendingum og erlendum borgurum sem hafa áhuga á að dvelja á stað þar sem falleg náttúra og saga fortíðar umvefur fólk og blæs því í brjóst hugmyndum til að skapa og hanna sín eigin listaverk.

Við Textílmíðstöðina eru 2 starfsmenn í fullri stöðu og 2 í hlutastarfi og stöðugt er unnið að því að auka þekkingu og efla starf í kringum textíl og textílaðnað með

áherslu á að nýta íslenska ull í verkefnum eins og kostur er.

### Ístex – Mosfellsbæ og Blönduósi

Íslenskur textílaðnaður hf. (Ístex hf.) hefur unnið að því í um þrjá áratugi að skapa verðmæti úr íslenski ull, en þann 15. október næstkomandi eru þrjátíu ár frá skráningu félagsins.

Íslenskir bændur eiga 80 prósentu hlut í félaginu.

Ístex hefur verið leiðandi í framleiðslu á ullarbandi úr íslenski ull. Hér mætti nefna handþrjónabandstegundir líkt og Léttlopi, Álafosslopi, Einband, Jöklalopi, Plötulopi og Hosuband. Loðband og Léttlopi á kónum hafa verið mikilvægar fyrir íslenskar þrjónaverksmiðjur í gegnum tíðina.

Ístex gefur út á hverju ári fjölbreytta hönnun í Lopabókunum, en nú sem fyrr leita þrjónarar eftir spennandi munstrum. Eitt stærsta safn í heimi af Lopauppskriftum má finna að stórum hluta á Lopidesign.is. Ístex lætur vefa yfir 20 gerðir af ullartepum úr Loðbandi og Léttlopa. Meðal nýjunga hjá Ístex er velpæg íslensk ull, en félagið framleiðir sængur og einangrunarefni úr þessari íslensku nýjungu.

Rekin er ullarþvottastöð á Blönduósi en spuna- og bandverksmiðja í Mosfellsbæ.

*Um fjöllunin var unnin í samvinnu við Huldu Brynjólfssdóttur í Uppspuna og ullarvinnsluaðilana sjálfa.*

/smh

# ÁSCO

## BÍLARAUFMAGN

### OKKAR ÆR OG KÝR

– STARTARAR OG ALTERNATORAR –



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsplil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Ánólar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, amperemælar, spennufellur 24V í 12V, trufanapéttar, loftnetsframleiðingar. Kerutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Skafuþjús fyrir Landrover. Sínumett fyrir bassakætur. Bassakætur. Öxulhosur. Spennustílar. Dóur. Rafgeymaskóir. Jarðsamband. Dúðubryr. Reimsklur fyrir alternatara. Vöðupólur. Stærðar. Lager í alternatara. Kól í alternatara. Vöður í öðrum vörum okkar. Ög meira með þessu.

# ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAUFMAGN

f / ISMARICELAND • WWW.ISMAR.IS

# BÆNDUR!

SPARIÐ ÁBURÐARNOTKUN OG NÁIÐ BETRI NÝTINGU MEÐ TRIMBLE.



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ **BESTA**



SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS

Leiktæki - Gervigras - Fallvörn - Girðingar - Íþróttabúnaður



Leiktæki & Sport ehf Austurmörk 19 - 810 Hveragerði sími 8650077 - Lts@Lts.is

www.Leiktæki.is

Sérniðin þjónusta  
að þínum þörfum

# ALLT

FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.  
Sími: 560-5502  
Netfang: kristinn@allt.is

## YLEININGAR

Vandaðar samlokueiningar í miklu úrvali.  
Fást bæði með PIR og steinullar einangrun.



## GRÓÐURHÚS

Tryggðu þér vandað gróðurhús fyrir sumarið!



Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast

TÖLVUPÓSTUR  
sala@bkhonnun.is  
SÍMI  
571-3535  
VEFFANG  
www.bkhonnun.is

**BK HÖNNUN**  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

## SAMFÉLAGSRÝNI

Yfirlýsing og áskorun frá Slow Food Reykjavík:

# Jarðasöfnun auðmanna og fjárfestingafélaga á Íslandi

Slow Food Foundation eru alþjóðasamtök með aðsetur í Bra á Norður-Ítalíu, stofnuð 1989, og eru starfrækt í 160 löndum. Þau hafa ætíð lagt áherslu á rétt allra jarðarbúa til aðgengis að nægum og hollum matvælum á sanngjörnu verði. Þau styðja sjálfbæra, og sem mest staðbundna matvælaframleiðslu og neyslu, vilja að fiskimönnum og bændum, svo og fjölskyldum þeirra séu tryggðar lífvænlegar tekjur og staðinn sé vörður um bæði fæðu- og matvælaöryggi landsvæða og þjóða. Því er aðgengi að landbúnaðarlandi og búsetu í sveitum á meðal grundvallarþátta til að viðhalda stöðugri framleiðslu matvæla. Þannig verði best tryggð full stjórn yfir henni, og þar með fæðuöryggi, sem er veigamikill þáttur í fullveldi hvernar þjóðar (food sovereignty).

Frá aldamótunum 2000 hefur borið í vaxandi mæli á uppkaupum fjárfesta á landi í sveitum víða um heim, gjarnan í mjög stórum stíl, svo sem landakaup Kínverja í Afríku. Einstaklingar og félög hafa hremmt til sín bújarðir í stórum stíl, nú á seinni árum í vaxandi mæli í Evrópu, sér-



staklega í henni austanverðri. Í stað bænda á litlum eða meðalstórum fjölskyldubúum, sem hafa jafnvel verið hraktir burt af leigujörðum, hafa fyrir-tæki auðmanna komið upp einhæfum stórbúum með efnavæddri ræktun nýttjaurta, eða, reist verksmiðjubú þar sem velferð búfjár er ídulega ábótavant. Í Evrópusambandinu eru slík stórbyli að taka til sín verulegan hluta stuðningsgreiðslanna. Þá er vitað að í sumum tilvikum hafa ríkisstjórnir í viðkomandi löndum, t.d. í Ungverjalandi, stuðlað að slíkri óheillapróun.

Síðan 2010 hafa Slow Food samtökin beitt sér gegn jarðasöfnun (land grabbing) sem þau telja ósjálfbæra, bæði efnahagslega og félagslega, stuðla að auknum ójöfnuði og



Ólafur Rúnar Dýrmondsson.

fátækt, og alls ekki til þess fallna að létta sótspor matvælaframleiðslunnar í heiminum. Þau vara við þessari þróun sem veikir fjölskyldubúskapinn og þar með sveitabygðirnar í hverju landi.

Hér á landi hefur mest verið fjallað um stórfelld jarðakaup erlendra aðila, nú í seinni tíð einkum á Norðausturlandi þar sem breskur auðmaður og félög hans eiga nær 40 jarðir. Nýlegar lagabreytingar hafa ekki reynst nægilega traustar

til að koma í veg fyrir slík stórfelld jarðakaup sem hér á landi tengist oft fremur ásókn í náttúruauðlindir á borð við laxveiði en not af landinu sjálfu. Ljóst er að búsetu á jörðum sem hafa tapað arði af laxveiði og öðrum hlunnindum er stefnt í hættu því að bændur sem fá að búa áfram á jörðunum, þá sem leiguliðar, verða fyrir verulegum tekjumissi eftir að hlunnindaardurinn rennur í vasa auðmannsins eða fjárfestingafélagsins.

En það eru ekki aðeins erlendir aðilar sem sækjast eftir jörðum hér á landi og vill Slow Food Reykjavík vekja athygli á því að Íslendingar hafa verið býsna stórtækir við jarðasöfnun síðan um aldamót. Svo sem fram kom í vandaðri umfjöllun í Bændablaðinu 28. janúar sl., um stórfelld kaup á jörðum víða um land, liggja ekki fyrir hversu umfangsmikil þau eru orðin. Í sögulegu samhengi er nærtækast að minnast þess að fjársterkur Íslendingur keypti flestallar jarðir í Hnappadal 1909, vel á annan tug, en seldi aftur bændum í sveitinni nokkrar þeirra 1915 eftir að þeir leituðu eftir því. Tilgangur athafnamannsins með jarðakaupunum var að ná yfirráðum yfir öllum veiðirétti í Haffjarðará og Oddsstaðavatni og það tókst honum. Sá réttur er nú metinn á a.m.k. fjóra milljarða en flestar jarðirnar eru komnar í eyði, sumar fyrir löngu. Sami Íslendingur eignaðist einnig verðmætar jarðir í Helgafellssveit, Mosfellssveit og víðar snemma á 20. öld og var um

skeið með umfangsmikinn búrekstur á a.m.k. tveim þeirra. Fátítt er að nútíma jarðasafnarar stundi búskap og matvælaframleiðslu á jörðum sínum og því síður að þeir búi í viðkomandi sveitum.

Slow Food Reykjavík skorar á stjórnvöld að endurskoða lög og reglur um jarðakaup, bæði erlendra og innlendra aðila, og stöðva þá óviðunandi jarðasöfnun auðmanna og fjárfestingafélaga sem viðgengist hefur. Viðbóttin við jarðalögin sem samþykkt var 2020 gengur ekki nægjanlega langt og mál sem komið hafa upp t.d. í Húnaþingi vestra sýna fram á galla í löggjöf-inni og ekki hafa verið myndaðir verkferlar í kringum hana. Hætt er við að jarðasöfnun skaði búsetu í sveitum landsins, komi í veg fyrir eðlileg kynslóðaskipti og veiki alla viðleitni til að halda uppi innlendra matvælaframleiðslu í sátt við land og þjóð. Þá hvetur Slow Food Reykjavík til umræðna í þjóðfélaginu um þessa varasömu þróun og þar með verði málið tekið fyrir innan allra stjórnvaldaflokka í landinu. Þess er vænst að nefnd sem nú vinnur að mótnun nýrrar landbúnaðarstefnu leggi mat á þá ógn sem stafar af jarðasöfnun og geri tillögur um mótvægisáðgerðir.

Reykjavík mars 2021  
Ólafur Rúnar Dýrmondsson  
stjórnarmaður í Slow Food  
Reykjavík  
oldyrm@gmail.com

## Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022:

Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd.

Um er að ræða breytingu vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd. Á sama tíma er auglýst deiliskipulag fyrir sama svæði.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Á nýju svæði er ætlunin að reisa nýjan gangnamannaskála, allt að 500m<sup>2</sup> með gistiþláss fyrir 60 manns. 300m<sup>2</sup> hesthús og aðrar byggingar 200m<sup>2</sup>. Nýr skáli mun þjóna gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum. Á sama tíma er auglýst breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar. Skipulagsfulltrúi Húnavatnshrepps, Þorgils Magnússon

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps að Húnavöllum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, frá 23. apríl 2021 til 04. júní 2021 og er einnig til sýnis á heimasíðu Húnavatnshrepps, [www.hunavatnshreppur.is](http://www.hunavatnshreppur.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 04. júní 2021.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi eða á netfangið [byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is](mailto:byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is).



Húnavatnshreppur

[hunavatnshreppur.is](http://hunavatnshreppur.is)

## LÍF & STARF



Þessi mynd var tekin við undirskrift samningsins. Á henni eru Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölnunnar, og Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Mynd / MHH

## Slysavarnafélagið Landsbjörg: MS er nýr aðalstyrktaraðili

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur átt í góðu samstarfi við Mjólkursamsölnuna undanfarin ár og notið stuðnings í formi vöruúttekta þegar sjálfbodaliðar félagsins sinna tímafrekum útköllum og fjárföllum. Nú hafa félögin stigið skrefinu lengra og undirritað samstarfssamning. Þar með bætist Mjólkursamsalan við öflugan hóp aðalstyrktaraðila og styður með myndarlegum hætti starf mörg þúsund sjálfbodaliða.

„Sá stuðningur sem við finnum fyrir í samfélaginu er okkur ómetanlegur. Við gætum ekki leyst verkefni okkar án stuðnings sem við fáum frá almenningi og fyrirtækjunum í landinu. Þess vegna er framtak

Mjólkursamsölnunnar til fyrirmyndar og við hlökkum til að eiga áfram gott samstarf við MS í framtíðinni,“ sagði Kristján Þór Harðarson, framkvæmdastjóri félagsins.

Undir það tekur Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri Mjólkursamsölnunnar.

„Já, Mjólkursamsalan leggur mikla áherslu á stuðning við fjölda samfélagsverkefna og er fyrirtækið stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Við hvetjum bæði starfsfólk okkar og aðra landsmenn til að styðja við starf Landsbjargar með því að gerast „Bakverðir“ björgunarsveitanna enda starf þeirra bæði einstakt og nauðsynlegt,“ segir Guðný. /MHH

# Lífraæn Hreinsun skólps




## HVAMMSHÓLAR

### ANAEROBIX HREINSIVIRKI með síu yfir 90% hreinsun



- Verð frá: 250.000 m/vsk.
- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

### ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ allt að 99% hreinsun



- Verð frá 510.000 m/vsk.
- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- Mikið pláss fyrir seyru

- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

### INNIFALIÐ Í VERÐI

- Afhending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vökvi komist óhindrað út í jarðveg

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

## Vortilboð

Steinn og sökkull, grátt granít  
Grafskrift og skrautmynd (efst)  
Uppsetning á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi  
Akranesi og Borganesi  
Frí sending um allt land

**STEINSMÍÐJA  
AKUREYRAR**

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is  
steinsmidjaakureyrar.is

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:  
Sett eins og á mynd : 485.000  
Sett án blómaramma : 385.000  
Steinn : 285.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:  
Sett eins og á mynd : 560.000  
Sett án blómaramma : 460.000  
Steinn : 360.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:  
Sett eins og á mynd : 315.000  
Steinn án aukahluta : 199.000

Tilboð 4  
113 eða 111



nr 113

Verð:  
Sett eins og á mynd : 185.000  
Steinn án aukahluta : 145.000



nr 111

Unnið við að koma upp kálveri á Hótel Akureyri:

# Krafa viðskiptavina um græna nálgun eykst sífellt

– Nýr veitingastaður opnaður í júlí og afurðir kálvers í öndvegi

„Við viljum standa fyrir eitthvað meira en að veita grundvallarþjónustu, svefnstað og mat. Krafa viðskiptavina um græna nálgun fyrirtækja eykst sífellt og það er jákvætt,“ segir Daníel Smáráson, hóteltjóri hjá Hótel Akureyri. Hótelið ætlar að opna í júlí í sumar svonefnt Kálver og á sama tíma einnig nýjan veitingastað, SKO.

Daníel segir að stefnt sé að því að framleiða grænmeti, bjóða upp á kynningar, fræðslu og upplifanir á staðnum.

„Kálver Akureyri er borgargarður í miðbæ Akureyrar þar sem við ætlum að rækta kálmeti, kryddjurtir, sprettur, æt blóm og ostrusveppi fyrir gesti á Hótel Akureyri og okkar nærsamfélag,“ segir hann.



Kálverið er í um 150 fermetra rými. Ræktunarturnar eru notaðir sem gera það að verkum að plássíð nýttist vel.



Hjónin Daníel Smáráson og Berggrós Guðbjartsdóttir, sem stjórnar kálversverkefninu á Hótel Akureyri. Daníel er hóteltjóri. Hér eru þau með börnunum. Myndir / Hótel Akureyri

Traktor TC238T  
Hestöfl: 18hp

Slátturóbot 315X  
Slær allt að 1500m<sup>2</sup>

550 XP MKII  
Hestöfl: 4,2hp

545RX  
Hestöfl: 3hp

LC353AWD  
Hestöfl: 4,8hp

Fatnaður  
og aukahlutir

**Husqvarna**

## Allt fyrir garðsláttinn

Sláttutraktorar, sláttuvélar, slátturóbotar og margt fleira

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

# TUDOR RAFGEYMAR

## Rafgeymirinn í dráttarvélinni orðinn gamall og lúinn ?

Extra hroó endurhleðsla

Nýjar blygrindur 3DX tækni

Mikið kaldræsipól


Þolir mikinn auka rafbúnað

Fyrir mjög kalt loftslag

Vertu tilbúin í vorverkin með **TUDOR**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið styrkti verkefnið.

Nýta um 150 fermetra og nota ræktunarturna

Öll starfsemi fer fram innandyrá á um það bil 150 fermetra rými. Daníel segir að með því sé hægt að stýra öllu ræktunarmhverfinu af mikilli nákvæmni.

„Það þýðir að við notum allt að

90% minna vatn með hjálp ræktunarturna þar sem vatni og næringu er dælt í hringrás. Búnaður frá ísraelsku sprotafyrirtæki er notaður til að stýra öllum aðstæðum við ræktunina, en það er staðsett í „skýinu“ svonefnda og gerir kleift að gera stöðugar mælingar, aðlaga alla þætti og fylgjast með aðstæð-



Nýr veitingastaður, SKO, verður opnaður um leið og kálverið, eða í byrjun júlí.





Ostrusveppir verða framleiddir í kálverinu.

um, hvort sem þeir sem stjórna eru á staðnum eða víðs fjarri.

Það verða engin aukaefni í okkar afurðum eða skordýraeitur, þetta verður bara gott og ferskt íslenskt grænmeti sneisafullt af næringu," segir Daníel.

Afurðir úr kálverinu verða í aðalhlutverki í þeim mat sem framreiddur verður á hótelinu eftir að það verður tekið í gagnið. Að auki verður íslenskt gæðahráefni í öndvegi, skyr, ostar, hangikjöt, hráskinka, reyktur silungur, svo dæmi séu tekin. Daníel segir synd að berjum og öðru íslensku góðgæti sé ekki í meira mæli haldið að erlendum ferðamönnum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið styrkti verkefnið og þá er Hótel Akureyri í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Eim, sem sinnir þróun og nýsköpun á sviði sjálfbærni, grænnar orku og betri nýtingu auðlinda.

**Starfsemi hótelsins verður sjálfbærari**

Daníel segir að ástand sem skapaðist í kjölfar kórónuveirufaraldursins hafi reynst afar krefjandi, en einnig gefið ráðrúm til að yfirfara alla starfsemi félagsins og skýra sýn á það hvert skuli stefna og fyrir hvað Hótel Akureyri standi.

„Hugmynd okkar snýst um að gera starfsemi hótelsins sjálfbærari og að þjónusta samfélag okkar betur. Stærsta áskorun hótela nú fyrir utan allt sem viðkemur tækni-framförum, er að vera gildandi hluti í samfélagi sínu og ferðalagi gesta okkar. Það er mikilvægt að geta boðið þjónustu og upplifun sem er viðeigandi fyrir stað og stund og skilur eitthvað sérstakt eftir sig í hugum viðskiptavina. Flestir okkar



Afurðir úr kálveri verða í öndvegi á matseðli Hótels Akureyri en einnig íslenskt gæðahráefni, skyr, ostar og fleira.

gesta nefna náttúru, friðsæld, litríkt samfélag og menningu sem helstu ástæðu þess að þeir ferðist að norð-urhjara veraldar," segir hann.

**Í námunda við heimsskautsbaug**

Að vera aðeins 95 kílómetra frá heimsskautsbaugi setur tilveru gestanna í nýstárlegt samhengi.

„Við erum berskjölduð gagnvart náttúrunni og hennar öflum og erum þar af leiðandi í kjöraðstæðum til að fræða gesti um umhverfisvæna sambúð við náttúruna og hvernig við getum tekist á við áskoranir hennar með nýsköpun að vopni," segir Daníel. Kappkostað er að hafa andrúmsloft hótelsins eins heimilislegt og hægt er.

„Við reynum að sem flestir þættir í starfsemi okkar endurspegli íslenska þjóðhætti og menningu," segir hann. /MPÞ



Eitt af því sem stefnt er að framleiðslu á eru æt blóm.

**VALTRA**

**G135 ACTIVE**



**Helsti búnaður:**

- Valtra Powershift: 6PS 24+24
- Rafskiptur með 4 gjrum og 6 milligjrum.
- Vökvandigir
- 135 hestafla 4.4L mótur, hámarks afl 145 hestöfl
- Sigma Power aflauki
- 3ja hraða aflúrtak 540/540E/1000
- Húsfjöðrun
- Fjaðrandi framhásing
- G55 ámoksturæki Euro, SMS
- Rafstýrður stýripinni fyrir ámoksturæki innbyggður í armhvilu
- Fjöldrun á ámoksturæki
- Premium vinnuljósapakki - 4 framan, 6 aftan
- Sjálfvirk bakk flóðlýsing
- Auka ökuljós í hústoppi
- 3 vökvasneiðar load sensing að aftan
- Power Beyond vökvatengi fyrir LS tæki
- 2 vökvasneiðar að framan 2ja slöngu
- Vökva vagnbremsuloki
- Miðstöð með loftkælingu og auka miðstöð niðri
- High visibility roof, glerpak að hluta fyrir aukio útsýni
- Loftsaeti fyrir öikumann
- Farþegasæti með sætisbelti
- Aflúrtaksrofi á afturbretti
- 600/65 R38 + 480/65 R28 Continental dekk

Verð kr. **13.500.000** án vsk.



Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**  
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi



**Auglýst eftir umsóknum um stuðning við lífræna framleiðslu**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum vegna stuðnings við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum í samræmi við ákvæði V. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. framangreindrar reglugerðar og hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti faggildrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, með síðari breytingum, geta sótt um aðlögunarstuðning.

Skilyrði fyrir stuðningi eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í þeim búgreinum sem við á hverju sinni.

Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn eru eftirfarandi:

1. Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila.
2. Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af faggildri vottunarstofu.
3. Staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi undirritað samning við hana um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu.

Nánari upplýsingar um nauðsynleg fylgiskjöl má finna í framangreindri reglugerð.

Opíð er fyrir rafrænar umsóknir á AFURÐ (afurd.is) greiðslukerfi landbúnaðarins. Umsóknum skal skila inn eigi síðar en 15. maí nk.

Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Lely Center Ísland STÍUGRINDUR**



1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

# Einstakt markaðsverkfæri endurvakið

Nýverið fór í loftið ný og endurbætt uppskrifta- og fræðslusíða um íslenskt lambakjöt. Vefsíðan, sem staðið hefur nær óbreytt frá aldamótum, hefur reynst afar mikilvæg í markaðssetningu á lambakjöti til íslenskra neytenda. Þar mátti finna fjölbreyttar uppskriftir af hefðbundnum íslenskum uppskriftum í bland við framandi rétti frá öllum heimshornum.

Þrátt fyrir að hafa legið í dvala í mörg ár og engar auglýsingar vakið athygli neytenda á síðunni hafa rúmlega 220.000 manns nýtt heimasíðuna árlega. Töluverður fjöldi Íslendinga nýtti sér fræðslufni síðunnar allt

árið um kring, en mest í kringum hátíðar og grilltíðina. Upplýsingar um eldunartíma, skurð og meðferð kjötsins hafa reynst neytendum vel þegar elda á íslenskt lambakjöt.

## Uppfærð heimasíða

Í fyrra ákváðu sauðfjárbændur að nýta vefsíðuna betur í markaðssetningu á afurð sinni til íslenskra neytenda. Með því að uppfæra heimasíðuna og efnið sem þar má finna verður hægt að ná til stærri hóps neytenda með öflugri markaðssetningu. Vefsíðan er einnig notendavænni sem eykur líkurnar á því að neytendur nýti hana reglulega. Við uppfær-



sluna var lögð áhersla á gerð auðveldra og spennandi uppskrifta sem henta nútímafjölskyldum. Þar má nú finna áhugaverðar uppskriftir sem gera hversdaginn betri og hátíðlegar steikur sem henta vel í matarboð eða á tyllidögum. Á næstu vikum munu svo birtast grilluppskriftir sem enginn má láta framhjá sér fara í sumar.

*Markmið þess er að fræða Íslendinga betur um íslenskt lambakjöt*

Við uppfærsluna var fræðsluhluti síðunar endurskoðaður af hópi kennara við Hótel- og matvælskólann sem nú vinna að gerð myndbanda sem gera efnið enn aðgengilegra og notendavænna. Markmið þess er að fræða Íslendinga betur um íslenskt lambakjöt og efla þekkingu þeirra á matreiðslu og meðhöndlun kjötsins. Mikil vinna hefur verið lögð í nýja síðu en hún verður í aðalhlutverki í markaðsherferðum innanlands, miðpunktur alls sem við kemur lambakjöti og fyrsti viðkomustaður neytenda. Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir: „Með því að fræða neytendur um eiginleika íslensks lambakjöts og bjóða upp á fjölbreyttar



uppskriftir gerum við afurðina aðgengilegra. Vefsíðan mun auðvelda fólki að finna nýjar uppskriftir og sýna neytendum hvernig má nota lambakjöt í fjölbreytta rétti, ekki bara á sunnudögum. Þessi uppfærsla er löngu tímabær, enda mikilvægt að geta beint neytendum á lendingarsíðu eins

og þessa nú þegar markaðssetning fer að mestu leyti fram á vefnum og samfélagsmiðlum. Við erum að taka stórt skref inn í framtíðina líkt og gert var á sínum tíma þegar lambakjot.is vefurinn var opnaður fyrst. Nú er kominn lifandi vefsíða sem tekur mið af árstíðum og þörfum neytenda“.

*íslensklambakjöt.is*

Hægt er að kynna sér nýjar uppskriftir og uppfært fræðslufni um íslenskt lambakjöt á vefnum íslensklambakjöt.is. /HKr:

## MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Markaðsráð kindakjöts auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn.

Markaðsráð kindakjöts annast vörslu fjármuna vegna verkefna sjóðsins á yfirstandandi ári og óskar eftir umsóknum í sjóðinn.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2021.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra Markaðsráðs í netfanginu [hafliði@bondi.is](mailto:hafliði@bondi.is).

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ



John Deere Ford  
Zetor Fiat  
Case IH New Holland  
McCormick Deutz-Fahr  
Steyr Massey Ferguson  
Claas

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

IR Ingersoll Rand

## LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af Ingersoll Rand loftpressum.

Mjög hjóllátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutabjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / [klettur.is](http://klettur.is)

KLETTUR

# SÉRSMÍÐI OG FÆRI-BÖND



## FÆRIBÖND

Sérsmíðum úr hágæða efnum fyrir allan matvælaíðnað í öllum stærðum og gerðum

### RYÐFRÍ STÁLSMÍÐI

Fyrir matvælaíðnaðinn. Hönnun, smíði, uppsetning og þjónusta.



### JÁRN-SMÍÐI

Hönnun og smíðum eftir þínum óskum.





### PLAST SMÍÐI



Hafðu samband í síma 587 1300

# KAPP ehf

Við sérsmíðum lausn sem hentar þér!

**VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI**

Miðhraun 2 • 210 Garðabær • Sími 587 1300 • kapp@kapp.is • www.kapp.is

## BÆNDUR VERKTAKAR RÝMINGARSALA Á DEKKJUM

Nylon Loadall	10x16,5	Nylon Traktor	14,9x24
Nylon Loadall	12x16,5	Nylon Traktor	14,9x28
Nylon Loadall	16,9x24	Nylon Traktor	16,9x28
Nylon Gámalyftari	18x26	Nylon Traktor	16,9x30
Nylon Loadall	480/80/26	Nylon Traktor	16,9x30
Nylon Lyftari	18x25	Nylon Traktor	16,9x38
Nylon Lyftari	27/10/12	Nylon Traktor	18,4x26
Radial Traktor	420/70/28	Nylon Traktor	18,4x30
Radial Traktor	440/65/28	Nylon Traktor	18,4x34
Radial Traktor	460/85/38	Nylon Traktor	6,5x16
Radial Traktor	480/65/24	Nylon Traktor	8,3x24
Radial Traktor	480/70/28	Nylon Traktor	9,0x16
Radial Traktor	480/70/30	Nylon Traktor	7,5x16
Radial Traktor	480/70/34	Nylon Traktor	9,5x24
Radial Traktor	520/70/34	Radial Vagn	500/50/17
Radial Traktor	520/70/38	Radial Vagn	600/50/22,5
Radial Traktor	540/65/38	Radial Vagn	800/45/26,5
Nylon Traktor	12,4x28	Nylon Vagn	15,5/80/24
Nylon Traktor	13,6x28	Nylon Vagn	18x19,5
Nylon Traktor	14,9x24		

**UPPLÝSINGAR HJÁ TRYGGVA Í SÍMA 896-4124**

Hvar auglýsir þú?

**Bændablaðið**

36,2% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	36,2%
Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	17,8%
Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	24,3%

Halla Samráðgjafi Sími 583 0300 / Netfang: h@bend.is / MBL

## Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

### Næsta blað kemur út 12. maí

Hvar auglýsir þú?


**Bændablaðið**

24,3% landsmanna lesa Bændablaðið

Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	24,3%
Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	17,8%
Landssamgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi	36,2%

Halla Samráðgjafi Sími 583 0300 / Netfang: h@bend.is / MBL






H


**H VERSLUN.IS**

# FYRIR HEILSUSAMLEGAN LÍFSSTÍL

SKRÁÐU ÞIG Í H KLÚBBINN OG FÁÐU 15% AFSLÁTT OG FRÍA HEIMSENDINGU AF FYRSTU PÖNTUN. 14 DAGA SKILARÉTTUR OG ENDURGREIÐSLA.









## MENNING & SAGA

Búsáhaldasýningin 1921:

# Austin-dráttarvélin sem lenti í skugganum

Fyrra stríðið ýtti mjög undir þróun traktora, ekki síst hjólatraktora. Mannsafi til matvælaframleiðslunnar skorti svo að ákaft var kallað á vélaaf. Englendingurinn Herbert Austin (f. 1866) tók með góðum árangri þátt í kapphlaupi dráttarvélasmiða. Með auga á hönnun Henry Ford smíðaði hann tuttugu hestafla dráttarvél sem sérstaklega skyldi henta breskum bændum. Fyrir vélin hlaut hann silfurmedalíu plægingarfélagi árið 1919 og árið eftir vakti hún mikla athygli á stóru landbúnaðarsýningunum, svo mikla að eftir Hálandasýninguna

það árið keypti Bretakóngur eina Austin-dráttarvél til nota á búi sínu í Balmoral.

Búnaðarfélag Íslands sendi ráðunaut sinn, Eggert Briem, til Englands árið 1920 til þess að „kynna sjer sem bezt, alt er að búnaðarverkfærum lýtur.“ Ytra rakst hann á Sigurð Þórólsson frá Baldursheimi sem þar hugaði að smábýlarækt og notkun verkfæra. Þeim félögum leist svo vel á Austin-dráttarvélin að þeir hvöttu Búnaðarfélagið til þess að kaupa eina vél og sex vagna enda var það helsta hugmynd þeirra að beita vélinni til flutninga.

Þótt athygli veki á Búsáhalda-



Austin-dráttarvélin reynd við jarðvinnslu á Korpúlfsstöðum, ef til vill vorið 1923.

Mynd / Úr bókinni Korpúlfsstaðir eftir Birgi Sigurðsson



Austin-dráttarvélin í frumgerð sinni.

Mynd / Mike Eggenton

sýningunni 1921 hvarf Austin-dráttarvélin í skugga Lanz-þúfnabananans, sem yfirtók sviðið seinna um sumarið. Það heillaði áhrifamikla jarðræktarmenn að geta með honum fræst niður þúfurnar í einni eða tveimur umferðum. Jarðvinnslutæki við hæfi Austin-vélarinnar skorti og fátt hvatti því til notkunar hennar í því skyni. Ekkert varð því af tilraunum til þess að beita dráttarvélinni til jarðvinnslu eða ræktunar.

Austin-dráttarvélin stóð iðjulaus líklega til vors 1923 en þá var hún komin að Korpúlfsstöðum, þar sem brotið var land með

Lanz-þúfnabananum. Sáð skyldi grænófóðri í fyrstu spildurnar. Árni G. Eylands, sem með þessar vélar kunnir að fara, skrifaði m.a.: „Var þá Austin traktorinn tekinn, tjaslað aftan í hann tveimur gömlum diskaherfum og útgerð þessi notuð til þess að herfa niður hafra í flögin. Þá var einnig reynt að plægja með traktorinum“. . . Seinna skrifaði Árni: „Þetta var hin fyrsta jarðvinnsla með traktor á Íslandi sem nokkur nam og kom að fullkomnum notum.“ Hér má þó minnst Avery-hjólatraktorsins sem komið hafði fimm árum fyrr (1918) til Akraness en reyndist ekki alls kostar. Austin-vélin í

Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri er góður fulltrúi þessara aldar gömlu tilrauna og tímamóta.

Það er hins vegar af dráttarvélasmiðju Herberts Austin að segja að þótt hún kæmist upp í að smíða 66 dráttarvélar á viku (1920), brást markaðurinn; hún beið lægri hlut m.a. fyrir ódýrari framleiðslu Henry Ford. Af hagkvæmniástæðum var dráttarvélamíðin flutt til Frakklands. Í byrjun seinna stríðs lenti hún í höndum Þjóðverja sem héldu henni gangandi fram til 1942.

*Bjarni Guðmundsson,  
Hvanneyri*

## SAMFÉLAGSRÝNI

# Heimilin eiga að vera í forgangi – ALLTAF!

Öll eigum við heimili. Heimilin eru eins misjöfn og þau eru mörg en öll vitum við samt hvað orðið heimili þýðir og öryggi okkar flestra byggir að stórum hluta á því að eiga einhvers staðar höfði okkar að að halla, að eiga heimili. Heimilin eru undirstaða þjóðfél-

lagsins. Án þeirra væri ekki neitt þjóðfélag og án þeirra væri ekki þörf á neinu skipulagi eða „kerfi“. Án þeirra væru engin fyrirtæki til því það eru heimilin sem halda öllum fyrirtækjum uppi með beinum eða óbeinum hætti.

Heimilin eru minnstu fyrirtækja-

einingar landsins og þau halda öllu uppi.

Heimilin eru við! Hvert og eitt okkar sem búum á þessu landi, hvort sem er til sjávar eða sveita og hvort sem við leigjum eða eigum.

Þess vegna eiga heimilin alltaf að vera í forgangi í ÖLLUM aðgerð-



Ásthildur Lóa Þórðardóttir.

klúðrað málum, þá er gengið í vasa heimilanna.

Þá eru þau látin borga og blæða svo þeir sem skadanum ollu geti haldið áfram að græða.

Þessum hugsunarhætti VERÐUM VIÐ að breyta!

Okkur hættir mörgum til, þegar við hlustum á fjármálaráðherra tala um aðstoð við fyrirtæki sem sum hver hafa jafnvel greitt eigendum sínum myndarlegan arð, á meðan hann hunsar algjörlega vanda heimilanna, að líta á hans forgangsroðun sem sjálfsagðan hlut því við erum orðin svo von þessu. Þetta er nefnilega REGLAN!

Það er EKKERT eðlilegt við þessa forgangsroðun því almenn-ingur er ekki fóður fyrir bankana, eða nokkurn annan.

Þessari forgangsroðun þarf að breyta!

Við viljum ekki bara þiggja molana sem fleygt er til okkar af borðinu eins og einhverjir hundar. Við viljum fá sæti við borðið!

**Fólkið fyrst og svo allt hitt!**

*Ásthildur Lóa Þórðardóttir  
Formaður Hagsmunasamtaka  
heimilanna og frambjóðandi  
Flokks fólksins*

Skoðun dagsins:

Það er betra að vera skjóttur en skjóttur



Nældu þér í óumdeildari skoðun, komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.

Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Frumherji

**Bændablaðið**  
**Kemur næst út**

**12. maí**

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

## SAMFÉLAGSRÝNI

# Vaxandi atvinnugrein í landbúnaði

Nýlega fékk ég boð um að kynna mér starfsemi líftæknifyrirtækisins Ísteka, sem hefur aðsetur í Reykjavík. Þingmenn fengu margir sambærilegt boð og var ástæða þess nýlegt frumvarp um að banna alla blóðtöku úr merum sem gerð er í þeim tilgangi að vinnu úr því vöru til útflutnings.

Alvarlegt er að komið sé fram á þingi frumvarp um að banna tiltekna atvinnustarfsemi, sem hefur verið starfrækt hér á landi í yfir 40 ár. Ríka kröfu verður að gera um vönduð vinnubrögð og ítarlegan rökstuðning þegar gengið er fram með slíkum hætti. Með boði sínu vildi fyrirtækið kynna þingmönnum starfsemi sína og svara spurningum, sem ég nýtti mér.



Karl Gauti Hjaltason.

## Verðmætt hormón

Hjá fyrirtækinu starfa yfir 40 manns, helmingur þeirra háskólamenntað starfsfólk svo sem líf-, lífeinda-, lífefna-, efna-, lyfja- og matvælafræðingar. Í fyrirtækinu er unnið verðmætt hormón úr merarblóði (ECG) sem nýtt er til að samstillta gangmál dýra. Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sýndi mér vinnsluferlið og kynnti fyrir mér starfsemina.

## Hundrað bændur

Á bak við framleiðsluna eru um 100 bændur um allt land sem halda nálægt 5.000 hryssur. Það er því óhætt að segja að hér sé um mikilvæga og stækkandi landbúnaðargrein að ræða. Afurðaverð til bændna hefur haldist stöðugt undanfarin ár og hækkað töluvert umfram verðlagsþróun. Verðið er fyrirjábanlegt og fyrirtækið gefur út verðskrá fram í tímann. Það var því ánægjulegt að kynna vaxandi atvinnugrein í landbúnaði.

## Dýravelferðarsamningur

Fyrirtækið tók að eigin frumkvæði að gera sérstaka velferðarsamninga við þá bændur, sem þeir eru í viðskiptum við og halda hryssurnar og er slíkt líklega einsdæmi hér á landi. Samningarnir hafa það að markmiði að tryggja velferð meranna. Vel er fylgst með hryssunum og í öllum tilvikum er það dýralæknir sem sér um blóðtökuna einu sinni í viku og hann fylgist jafnframt með ástandi dýrana og aðbúnaði. Tímabil blóðtöku er frá 2-3 vikum upp í átta hjá hverri einstakri hryssu, en hryssuhóparnir eru frjálssir úti í náttúrunni, en ekki í húsum. Á vegum Ísteka er að auki dýralæknir sem fylgist með að vel-

ferðarsamningarnir séu haldnir. Aðspurður sagði framkvæmdastjórinn að afföll í hópi meranna væru ekki meiri en almennt gerist í hrossahópum, en sérstaklega væri fylgst með líðan þeirra. Matvælastofnun og Lyfjastofnun hafa eftirlit með víðeigandi hlutum framleiðslunnar, sem undir þeirra verksvið heyrir.

## Afurðin ekki mikil að vöxtum

Afurðin sjálf er ekki mikil að vöxtum eftir að hafa farið í gegnum langt og strangt vinnsluferli í fyrirtækinu, því einungis 2-3 kílógrömm af hormón eru flutt er úr landi. Þá er búið að skilja að allan blóðvökva og prótein úr hráefninu, sem telur tugþúsundir lítra. Fyrirtækið vinnur nú að því að þróa aðferð til að nýta það sem fellur út í vinnsluferlinu til uppræðslu.

## Brýnt að kynna sér málin

Kom ég af fundi fyrirtækisins margs vísari og upplýstur um að fyrirtækið nýtur viðurkenningar og vinnur í samræmi við ítrustu kröfur á grunni alþjóðlegra staðla og eftirlits. Atlaga þingmanna að starfsemi fyrirtækisins geigar af þeirri ástæðu að hún styðst ekki við rök eða vísindalega þekkingu. Slík framgangsa gagnvart innlendri atvinnustarfsemi sem framleiðir fyrir erlenda markað undir ströngum kröfum dæmir sig sjálf. Í sumar mun ég að sjálfsögðu taka boði um að vera viðstaddur blóðtökuna sjálfa.

Karl Gauti Hjaltason  
kgauti@althingi.is  
Þingmaður Miðflokksins í  
Suðurkjördæmi

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

### Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

### Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

# VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið á [bbl.is](https://www.bbl.is) og líka á Facebook



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

## Gróðurhúsaplast fyrir íslenskar aðstæður

Ylplast / Gróðurhúsaplast eru margra laga plastplötur úr polycarbonate, með gott einangrunargildi. Plöturnar henta mjög vel fyrir stórar og smáar byggingar.

Þykktir á lager eru 6, 10 og 16 mm, í glæru og hvítlituðu (opallitað). Hægt að útvega aðrar þykktir og liti.

Selt í heilum plötum, og einnig niðurskorið að þínum þörfum.

Að auki bjóðum upp á alla fylgihluti fyrir uppsetningu, svo sem gúmílista állista, dropalista, öndunartape og áltape.

Þekking, reynsla, þjónusta.

Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Fást í síma 587 6677.

## Lely Center Ísland



### KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)

**Eignatorg**  
Skiptaholt 50b, 105 Reykjavík



Fást ehf

Köllunarklettsveggi 4,  
104 Reykjavík

Sími:  
587 6677

Netfang:  
fast@fast.is

www.fast.is










Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Fleiri lömb til nytja – Reynslubanki sauðfjárbænda

**Árni Brynjar Bragason** ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs ab@rml.is

**Eyþór Einarsson** ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs ee@rml.is

**Harpa Birgisdóttir** ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs harpa@rml.is



Hlutfall lamba undan fullorðnum ám sem ekki lifa til sauðburðarloka Landsmeðaltal árunna 2018-2020			
Dauðfædd/löngu dauð	Farast í fæðingu	Drepast á sauðburði	Samtals
2,70%	1,10%	1,80%	5,50%

Tafla 1 – Er fullorðnum ám gefið kjarnfóður síðustu vikur fyrir burð?							
	Fjöldi búa	Fjöldi ær	Frjósemi	Fæddist dauðt	Först í fæðingu	Drapst á sauðburði	Afföll alls
Já	90	276	1,88	2,50%	1,10%	1,80%	5,30%
Nei	205	273	1,9	3,00%	1,40%	1,90%	6,30%
Meðaltal	295	274	1,89	2,80%	1,30%	1,90%	6,00%

Hér virðist kjarnfóðurgjöf síðustu vikurnar fyrir burð bæta lambahöld hjá fullorðnum ám. Á þessum búum er minna af dauðfæddum lömbum, minna um að lömb farist í fæðingu og heldur minna drepast á sauðburði. Samanlagt munar 1% á milli þessara samanburðarhópa sem er marktækt munur. Hér hafa heygæði auðvitað sín áhrif en líklegt má telja að svolitil kjarnfóðurgjöf síðustu vikurnar sé ákveðin trygging fyrir því að næringarþörfum ána sé betur mætt, sem skilar sér í meiri lífsþrótt lambanna.

ad ræða. Verkefnið gefur hinsvegar áhugaverðar upplýsingar sem getu verið kveikjan að því að ákveðin hlutir yrðu skoðaðir nánar.

Alls tóku 295 bú þátt í könnuninni. Þau dreifðust nokkuð vel um landið sem styrkir úrvinnsluna. Öllum sauðfjárbændum var boðið að taka þátt í könnuninni óháð bústærð. Á mynd 2 má sjá flokkun á þátttökubúunum eftir bústærð. Það hefði mátt vera aðeins skarpri þátttaka meðal stærri sauðfjárbúa þó þar sé vissulega færri búum til að dreifa.

Á mynd 3 má sjá samband bústærðar hjá þátttakendum og hlutfalla lamba sem farast í fæðingu eða drepast á sauðburði. Heilt yfir fara þessi vanhöld hlutfallslega minnkandi eftir því sem búin stækka. Á minni búunum er oft ekki stöðug viðvera í fjárhúsunum sem eykur þá líkur á vanhöldum, einkum að lömb farist í fæðingu. Það kom skýrt fram í könnuninni að eftirlitsmyndavélir eru sérstaklega gagnlegar á minni búum.

Tafla 2 – Hafa fullorðnar ær aðgang að bætiefnum á seinni hluta meðgöngu?							
	Fjöldi búa	Fjöldi ær	Frjósemi	Fæddist dauðt	Först í fæðingu	Drapst á sauðburði	Afföll alls
Já	198	255	1,89	2,70%	1,20%	1,90%	5,90%
Nei	97	314	1,9	3,00%	1,40%	1,80%	6,20%
Meðaltal	295	274	1,89	2,80%	1,30%	1,90%	6,00%

Hér snúast hlutföllin við miðað við kjarnfóðurgjöfina og 2/3 svara þessari spurningu jáandi. Aðgangur að bætiefnum hefur jákvæð áhrif á lifun lambanna þó þau séu ekki eins skýr.

Tafla 3 – Svefn á sauðburði						
	Fjöldi búa	Fjöldi ær	Frjósemi	Först í fæðingu	Drapst á sauðburði	Först í fæðingu og drapst á sauðburði
Góður svefn	158	295	1,89	1,10%	1,90%	3,00%
Svefnleysi	134	251	1,89	1,50%	1,90%	3,30%



Spurt var um mönnum á sauðburði og það skoðað með tilliti til bústærðar. Það kom skýrt fram að þar sem aðeins einn eða tveir komu að sauðburðinum voru afföll almennt meiri. Um leið og þriðji maður kom til sögunnar batnaði ástandið talsvert. Þar kemur eflaust til að þá er auðveldara að skipuleggja það að allir nái að hvílast og sofa nóg á þessum álagstíma. Í töflu 3 má sjá niðurstöður spurningar þar sem spurt var um svefn á sauðburði. Valmöguleikar voru fjórir en hér dregið saman í tvo. Góður svefn þar sem skipulega var lagt upp með að allir næðu að sofa nóg eða það næðist svona oftast. Svefnleysi aftur á móti þar sem mannskapurinn verður alltaf langþreyttur af svefnleysi eða illa hefur gengið að skipuleggja nægjanlega hvíld fyrir alla. Þar sem mann-

skapurinn nær að hvílast nokkuð vel ferst minna af lömbum í fæðingu. Það má einnig nefna að þegar spurt var um reglufestu hvað varðar matartíma þá voru merkjaleg jákvæð áhrif reglulegra og staðgóðra máltíða á lambahöldin. Hér eru aðeins nefnd örfá dæmi úr þeim miklu upplýsingum sem samlestur á niðurstöðum könnunarinnar og skýrsluhaldsgögnin eru að skila. Boðið var upp á fræðslufund um þetta verkefni á netinu 21. apríl sl. þar sem margt fleira úr niðurstöðunum var kynnt. Hægt er að nálgast upptöku af fundinum á heimasíðu RML. Vinnu við lokaskýrslu er ekki lokið. Það er stundum talað um reynsluvísindi og það að draga saman reynslu margra bænda fyrir heildina getur reynst skilvirk leið í leiðbeiningum.

**SMART-BOX KASSAR UNDIR GRÆNMETI**  
Sterkir og hagkvæmir kassar sem henta vel undir allar gerðir grænmetis.

Gott aðgengi er fyrir lyftara og hægt er að fella þá saman svo þeir taka lítið pláss í geymslu.

ÍS-VEST ehf. • Hringhella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 660 1005 • Netfang: isvest@isvest.is • www.isvest.is



## Kraftur

Snorkel SR626 er nettur og liðugur skotbómulyftari - hentar vel þar sem pláss er af skornum skammti.

- 4x4 sidir með 3 stýrimöguleikum
- Rúmgott hús með 360° útsýni
- Núttímaleg stjórnæði
- 2.600 KG lyftigetá
- 5,79 m lyftihæð
- 2 ára ábyrgð

**Snorkel SR626**

**Snorkel SR626E** er rafmagnsútgáfan af SR626

- Eingöngu knúinn lithium rafhlöðu
- Innbyggð hleðsla
- 6 klukkustunda notkun án hleðslu
- Möguleiki á hraðhleðslu
- Enginn hávaði og enginn útblástur
- Hentar bæði úti og inni

**Snorkel SR626E**

**NÝTT**

Njarðarbraut 1  
260 Reykjanesbæ  
Sími: 421 4037  
netfang: lyfta@lyfta.is  
www.lyfta.is









## VÉLABÁSINN

# Ellingsen-rafmagnshjólin henta öllum

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Í rúm tíu ár hef ég mest verið að prófa bíla og skrifa um, en stöku sinnum hef ég tekið motorhjól og önnur skemmtileg tæki til að prófa. Fyrir rúmri viku kom ég við í Ellingsen og fékk þrjú rafknúin reiðhjól og hlaupahjól til að prófa.

Það passaði máttulega að þegar ég var lagður af stað í átt að Kleifarvatni, þar sem ég hugðist prófa hjólin á ýmsum mismunandi vegum og slóðum, gerði ausandi rigningu og ekkert nema pollar og drulla á malarlóðunum. Úr varð að ég notaði aksturssvæði Kvartmíluklúbbsins til að prófa hjólin, tiltölulega flatt sem hentaði vel mínum fúnu fótum sem knýja áttu mig áfram á hjóluum með hjálp frá rafmagnsmóturum.

## Fyrsta hjólið var MATE

Mate-hjólið er rafmagns/fótstigið hjól sem bæði er fyrir malbik og torfærar slóðir, kostar 399.995 kr. Meðfærilegt hjól (29 kg) sem hægt er að brjóta saman með því að losa bara eina skrúfu, lækka stýrið og sætið og fyrirferðin er lítið meiri en varadekk í bíl. 250 watta BAFANG afturnafs-rafmotor með 5 hraðastig. Rafhlaðan er öflug 17.5 Amph og dregur allt að 120 km við bestu aðstæður. Byrjaði að hjóla Mate-hjólinu á Kvartmílubrautinni sjálfri og fannst fint að hjóla á malbikinu, en þegar ég fór á malarveg við hlið brautarinnar var of mikið loft í dekkjunum. Setti loftmagnið í 7 psi. að framan og 5 psi. að aftan og þá fannst mér fjöðrunin vera betri. Sandsþymubraut Kvartmíluklúbbsins svipar til hefðbundinna malarvega (vantar samt holurnar), en þar var fint að hjóla á hjólinu og meira að segja gat ég hjólað í lausum sandi við hlið brautarinnar.

Þegar ég kom heim prófaði ég hjólið á grasi í nágrenni Réttarholtsskóla, en þar er hægt að finna mishæðir og stuttar brattar brekkur, var ekki mikið mál að hjóla þar á meðan maður hélt ferð, en var stundum erfitt að fara af stað í byrjun (fannst rafmotorinn koma of seint inn fyrir mína fúnu fætur sem áttu erfitt að koma mér af stað fyrstu metrana), en samkvæmt upplýsingum frá sölumanni hjólanna í Ellingsen er hægt að fá sem aukabúnað inngjöf á rafmagnsmotorinn sem auðveldar manni að fara af stað (sérstaklega þegar undirlag er torfært).

## Zero 10 X hlaupahjólið gífurlega öflugt

Næst var það Zero-hlaupahjólið, létt (35 kg) og meðfærilegt sem hægt er að leggja saman, búið 2 x 1000W rafmóturum í fram- og afturhjóli og 19 Ah rafhlöðu sem dregur allt að 60 km. Kostar 219.995, hjólið sem ég prófaði var á grófum dekkjum sem ætluð eru fyrir grasakstur og malarundirlag.

Virkaði fint á malbiki og malarvegum, en þegar ég keyrði inn á öryggissvæðið við hlið Kvartmílubrautarinnar, sem er laus sandur, stakst hjólið í sandinn og ég splundraðist á hausinn í mjúkan sandinn.

Hjólið er innsiglað á 25 km hraða (en ég fór samt upp í 29, að vísu niður brekku).

Þegar ég prófaði hjólið á grasi var ég aðeins of grófur á inngjöfinni og spólaði framdekkið fullmikið á blautu grasinu, en hjólið mokaðist áfram á grasinu og náði strax hámarkshraða, gróf dekkinn voru að svara vel í beygjum og fjöðrunin var ótrúlega góð þarna á ósléttu grasinu (örugglega



Hlaupahjólið var ekki í vandræðum að taka fram úr heflinum.

Myndir / HLJ



Hef farið kvartmíluna á betri tíma og meiri hraða en 35.



Tíkin var eins og drottning í vagni, henni virtist alla vega líka vel þessi ferðamáti.



Komin heim ópreyttur úr Bónus.

fint hjól til að smala kindum á túni og reka upp óeskilegar gæsir úr túnum).

## Sníðugt hjól með farangurspalli

Síðasta hjólið var Riese & Muller

Load 75, sérstakt hjól sem hægt er að nota á ýmsa vegu vegna farangursrýmisins fyrir framan „hjólarnum“, kostar 1.099.995.

Að hjóla á þessu hjóli er afar auðvelt, það er vissulega langt



Þessi þrjú valdi ég úr miklu úrvali til að prófa.



MATE-hjólið var fint á malarvegum.

og tekur smá stund að átta sig á lengdinni gagnvart beygjum, en þyngdarpunkturinn er mjög lágur, stillanlegt sæti og stýri, heildarhleðslugeta er 200 kg.

Diskabremsur framan og aftan, fjöðrun bæði á framdekk og afturdekk, framljós með háum og lágum geisla og afturljós.

Þó að hjólið sé ætlað sem malbikshjól fannst mér ekkert mál að hjóla á því á möl, tók aðeins meira á sjálfum mér á þessu hjóli miðað við hin og náði 35 km hraða í ausandi rigningu þegar ég keppti við sjálfan mig kvartmíluna.

Daginn eftir var verðrið betra, hjólaði um hverfið með alsælan hundinn sem farþega (hægt að vera með allt að þrjú börn í farangurspallinum í einu).

Það er um 2 km í Bónus heiman frá mér eftir gangbrautum og þangað fór ég. Með fjóra innkaupapoka á farangurspallinum var ekkert mál að hjóla enda eru gírarnir margir og eins og áður sagði auðvelt að hjóla heim. Fannst þetta hjól vera eigulegasta hjólið



Hlaupahjólið var of kraftmikið fyrir blautt grasið.

af þessum þrem sem ég prófaði og notkunarmöguleikarnir mestir, en fyrir þá sem vilja fræðast meira um rafmagnshjólin frá Ellingsen er mikill fróðleikur um hjólin á vefslóðinni [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is).



















# Í höfuðstað Norðurlands huga menn að þrifum gatna: Afkastamikill götusópur gegn svifryksmengun

Nýr og afkastamikill götusópur hefur verið tekin í notkun á Akureyri en honum er ætlað að vinna gegn svifryksmengun í bænum.

Götusópurinn, sem er af gerðinni Schmidt 660, er fyrsta flokks tæki, vel búinn með góðum tromlukústi, sjö rúmmetra safnkassa og getur tekið vatn inn á sig. Hliðarsópur er stillanlegur og getur sópað alveg upp að kanti sem er mikill kostur. Þá er sögkraftur tækisins óvenjumikill.

## Sópurinn á metanbíl

Sópurinn er á metanbíl í samræmi við umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins. Með þessu tæki er hægt að hreinsa göturnar á skilvirkan og vandaðan hátt og stuðla þannig að fallelgra umhverfi og hreina lofti.

Fjárfestingin er liður í aðgerðum Akureyrarbæjar til að stemma stigu við svifryksmengun sem mælist

reglulega of mikil. Rík áhersla er lögð á þetta verkefni um þessar mundir og er meðal annars unnið að greiningu á efnasamsetningu og uppruna svifryks á Akureyri.

Vonir standa til að með samhentun átaki bæjarins við að hreinsa betur göturnar og íbúa við að draga úr bílaumferð og notkun nagladekkja megi ná góðum árangri í baráttunni við svifrykið.

## Hafist handa við vorverkin

Götusópurinn var boðinn út síðasta vor og er keyptur af fyrirtækinu Afvélum ehf. fyrir 40 milljónir króna. Hann kom til landsins á dögunum og er nú kominn á götur Akureyrar þar sem hann verður við stífa vinnu á næstunni. Vorverkin eru enda að hefjast og einn liður í því er að hreinsa bæinn og koma honum í sumarbúninginn. Þetta kemur fram á vefsíðu Akureyrarbæjar. /MPP



Nýr götusópur í baráttu við svifryk. Frá afhendingu hans, Friðrik Ingi Friðriksson forstjóri Afvéla og Andri Teitsson formaður Umhverfis og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar. Mynd / Akureyrarbær

## Jarðir

Óskum eftir bújörð í rekstri til leigu eða til kaups, sauðfjárnú eða blandað bú koma til greina. Uppl. á saundnaut@gmail.com

Óskum eftir eignarlóð eða jarðarparti til skógræktar á Vesturlandi eða Suðurlandi, að minnsta kosti 1 ha að stærð. Mögulegt þarf að vera að koma þangað hjólhýsi og byggja sumarhús seinna meir. Uppl. má gjarnan senda á netfangið magneagunn@gmail.com eða hafa samband í sínum 848-8878 og 844-4317.

## Leiga

Iðnaðarhúsnæði óskast, verður að vera upphitað og ákjósanleg stærð 100 - 250 fermetra. Staðsetning innan við 40 km frá höfuðborgarsvæðinu. Hugsanleg fyrirframgreiðsla fyrir rétt hús. Vinsamlega hafið samband í síma 899-7683.

Vantar land til leigu eða kaups, 2 - 5 ha til matjurtaræktunar á Suðurlandi. Uppl. í síma 898-3180, Kjartan.

## Spádómar

Símaspá 908-6116. Ástir -fjármál -heilsa.

## Til leigu

Bjart og gott herbergi til leigu í Árþingarhverfi og til leigu herbergi í 101. Uppl. í síma 866-4754.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Þjódum bændum gistingu á Hótel Laxnesi, Mosfellsbæ á góðu verði. hotellaxnes@hotellaxnes.is - Uppl. í síma 566-8822.

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)

**Íslenskar viðarkistur!**

Efnisþykktin er 18mm Fura Kistan er ekki lökkuð, Viðurinn er þússaður og hefur mjúka viðkomu

**KSK** Kista og ker ehf. Silungakvísl 15 Sími: 8976181 kista@kistaogker.is

Höfum það Íslenskr!

**LÚSMÝ, LÚSMÝ LÚSMÝ**

[www.ölfus.is](http://www.ölfus.is)

Upplýsingar í síma 895-9801

**Lely Center Ísland**

**HAUGSUGU-DÆLUR**

6,500 - 9,500  
11,000 - 13,500 lítra

**HAUGSUGUHLUTIR VARAHLUTIR**

Reykjavík: Krókháls 5f - Sími 414 0000 - [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

# MF 5S.115

**MASSEY FERGUSON**

**Búnaður:**

- Dyna 4 skipting: 16 + 16 Rafskiptur með 4 girum og 4 milligírum Vökvavendigir
- 4 strokkar 115 hestöfl
- Ámoksurstæki með vökvadempun, 3ja sviði, Euro-SMS ramma og innbyggðum stjórnstækjum
- 100 lítra vökvadæling
- 3 vökvasneiðar (3x2)
- Vökvavagnbrensluloki (1+2)
- Lyftukrókur með vökvautskoti
- 3. hraða aflúrtak, 540-540E-1000
- Frambretti, sveigjanleiki í beygju
- Dekk 540/65R34 og 440/65R24
- Húsfjödru
- Loftkæling
- Stillanlegt loftþúðasæti
- Farþegasæti m/öryggisbelti
- Útvarp m/CD, MP3, USB og Bluetooth
- Visio glerþak fremst á öikumannshúsi
- 2 vinnuljós framman og 2 aftan
- Vinnublikkljós

Verð með ámoksturstaekjum kr. **12.490.000** án vsk.

**BÚVÉLAR**

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0080 // [buvelar@buvelar.is](mailto:buvelar@buvelar.is) // [www.buvelar.is](http://www.buvelar.is)

verð miðað við gengi EUR 150

**Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**

S: 527 2600

**Vélavit**

Sala - Þjónusta  
[www.velavit.is](http://www.velavit.is)

# McHale

GÆÐI | STYRKUR | ENDING



“Kúskerpi ehf. í Skagafirði hefur átt fimm McHale vélar frá árinu 2011 og núna eigum við þrjár vélar sem að við notum í verktöku og heima við. Við bræður á Kúskerpi erum sérlega ánægðir með að vélarnar eru áreiðanlegar, afkastamiklar og endingargóðar.”

Halldór og Sigurður Einarssynir, Kúskerpi ehf. í Skagafirði



FUSION 3 PLUS



FUSION 3



FUSION VARIO

Nýtt á Íslandi!



F3100 - Sláttuvél



R68-78 - Rakstrarvél



R3100 - Sláttuvél



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)